

HJÖRDÍS GUÐMUNDSDÓTTIR
Synti með hákörllum við strendur Kambódíu
• á ferðinni • fermingar • nám
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



KAUPPING VILL BORGNA ÞJÓÐVERJUM
Kvarta undan seinagangi yfirvalda
Markaðurinn
FYLGR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



BALTASAR KORMÁKUR
Fær búningahönnuð Drottningarinnar
Var tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir The Queen
FÓLK 26



FRÉTTABLAÐIÐ

25. febrúar 2009 — 49. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


MIÐVIKUDAGUR
Brýtur blað
Þór Stiefel opinberar líf sitt sem klæðskiptingur á netinu.
FÓLK 26



Fastan og kreppan
Fasta þekkt í öllum trúarbrögðum um allan heim. Og samtíminn þekkir föstu í tengslum við heilsuátök til líkamlegrar og andlegrar heilsuþótar, segir Karl Sigurbjörnsson biskup.
Í DAG 14

Hefur heiðarleika og réttvísi að leiðarljósi
Margrét Guðmundsdóttir kjörin formaður Félags íslenskra stórkaupmanna fyrst kvenna.
TÍMAMÓT 16

Góðhjartaðir Valsmenn
Knattpyrnu-lið karla hjá Val safnar fé fyrir bágstadda þessa dagana.
ÍÞRÓTTIR 22



VEÐRIÐ Í DAG

KULDALEGT Í dag verður fremur stíf norðlæg átt, 8-15 m/s hægstur um mitt Suðurland. Þurrt suðvestan til, slydda suðaustanlands um tíma í dag annars snjócoma og síðar él. Frost 0-8 stig en frostaust syðst.
VEÐUR 4

DEWALT

Tilboð á bls. 5

SINDRI

Stefnir í málaferli milli skilanefnda og sjávarútvegs

Líkur eru á að deila um framvirka gjaldeyrissamninga lífeyrissjóða og sjávarútvegs endi fyrir dómstólum. Pólitísk ákvörðun um uppgjör hefði þýtt tvöfalt gengi, gegn samningi við AGS. Framkvæmdastjóri LÍÚ vill semja.

EFNAHAGSMÁL Deila er uppi milli skilanefnda gömlu bankanna og fyrirtækja um hvort og hvernig gera skuli upp framvirka gjaldeyrissamninga sem fyrirtæki, svo sem sjávarútvegsfyrirtæki og lífeyrissjóðir, tóku fyrir gengishrun. „Að óbreyttu stefnir í að dómstólar skeri úr um þetta,“ segir Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra. Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, segir sjávarútveginn vilja finna sanngjarna lausn fyrir alla. Forsendur séu fyrir því að samningarnir verði allir felldir úr gildi.

Dómstólaleiðin sé seinfarin og óuppgerðir samningar hafi áhrif á fyrirtækin á meðan. „En ef skilanefndirnar vilja ekki semja þá eru menn sammála um að krefjast þess að þetta verði fellt niður á grundvelli riftunar eða ógildingar á grundvelli samningalaga,“ segir hann. Framvirkir gjaldeyrissamningar voru gerðir til að tryggja fyrirtæki fyrir gengisflökti, eða í gróðaskyni. Fyrirtæki tók þá lán í erlendri mynt og átti að greiða það síðar á ákveðnu gengi. Fyrirtækið hagnaðist svo eða tapaði eftir því hvort krónan hafði

styrkst eða veikst síðan samningurinn var gerður. Í janúar sagði þáverandi sjávarútvegsráðherra, Einar K. Guðfinnsson, að öll rök væru fyrir því að gera upp samningana á öðru gengi en því sem þá var. Aðstæður væru breyttar og erfiðar fyrirtækjunum. Gunnar Tómasson hagfræðingur benti þá á að slíkt „tvöfalt gengi“ bryti í bága við samkomulag stjórnvalda við Alþjóðagjald-eyrissjóðinn, og gæti þýtt að lán frá honum yrðu fryst. Viðskiptaráðherra segir að um tvöfalt gengi væri að ræða, ef sett hefði verið almenn regla með

pólitískri ákvörðun um að sumir samningar væru gerðir upp á einu gengi en hliðstæðar kröfur í öðrum samningum á öðru gengi. „En ef það verður niðurstaða dómstóla að einhver samningur eigi að vera gerður upp á tilteknu gengi, þá gengur það fyrir alla sambærilega samninga. Það kallast því ekki tvöfalt gengi.“ Þannig skeri dómstólar úr um kjörin án atbeina ríkisins: „Nema menn semji sig frá þessu fyrst.“ Lífeyrissjóðir telja samningana einnig ógilda en eru tilbúnir til að gera þá upp á ákveðnu gengi.
- kóp / sjá síðu 8



GERÐUR KLÁR TIL VEIÐA Hvalur 8 var tekinn í slipp síðdegis í gær en þetta riflega 60 ára gamla hvalveiðiskip hefur legið við bryggju í tvo áratugi. Skipið kvað vera í finu standi en áformað er að Hvalur 8 og Hvalur 9 verði notaðir til langreyðarveiða í sumar. Kristján Loftsson, framkvæmdastjóri Hvals, fylgdist vel með öllu ásamt áhugamanni um hvalveiðar.

FRÉTTABLAÐIÐ STEFAN

Meistaraneimar í bókmenntum og eldri borgarar efna til fjörugra umræðna: Hittast og lesa skáldsögur

FÓLK Meistaraneimar í íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands hitta hóp eldri borgara vikulega til þess að skeggræða skáldsögur. „Þetta víkkar sjóndeildarhringinn. Þessar konur eru áhugamenn um bókmenntir og sérstaklega gaman að fá að ræða skáldsögur við þær frekar en prófessora uppi í skóla. Þær hafa allt aðra sýn,“ segir Þorsteinn Arnason Surmeli, einn bókmenntafræðinemanna og bætir við að leshringurinn sé ekki hluti af náminu en nýtist svo sannarlega vel.

Þorsteinn segir umræðurnar oft beinast að mál-efnum líðandi stundar og þannig sé sagan hverju sinni sett í samhengi við það sem er að gerast. „Þær eru líka svo góðar í ættfræði og geta tengt höfundinn við ýmislegt sem við höfum ekki hugmynd um,“ segir Þorsteinn. Hópurinn hefur að mestu einbeitt sér að íslenskum skáldsögum eftir höfunda á borð við Sjón, Einar Kárasón og Jón Kalman. „Sumarljós eftir Kalman er sennilega eina bókina sem við vorum öll sátta við.“ - rat / sjá Allt

Kafbátur mánaðarins
Pizzabátur
SUBWAY
6 tommu bátur 349 kr.
Gildir í febrúar 2009
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjórnumáli

Nýtt fylgirit Fréttablaðsins: Eldhúsdagur á miðvikudögum

UMRÆÐA Eldhúsdagur, nýtt vikulegt fylgirit Fréttablaðsins, hefur göngu sína í dag. Þar verður lögð áhersla á umræðu og skoðanaskipti um stjórnmál og þjóðmál og leitast við að birta vandaðar og upplýsandi greinar um ýmis álitamál. Í blaðinu í dag ritar Skúli Magnússon lögfræðingur grein þar sem hann spyr hvort stjórnarskrá Íslands hafi brugðist. Gunnar Karlsson, prófessor í sagnfræði, fjallar um umræðuna á mótmælavettvanginum, sem hann telur komna á villigötur. Össur Skarphéðinsson, iðnaðar- og utanríkisráðherra, fjallar um atvinnutækifærin sem hann telur að innganga Íslands að ESB færi landsbyggðinni.
- bs



Pappír

499 kr. pakkinn
500 A4 blöð í pakka

PÖNTUNARSÍMI 550 4111

Office 1



Davíð Þór, flokkast þetta ekki undir svefnguðlast?

„Ég lagði allavega nafn svefnguðs við hégóma.“

Í síðasta Gettu betur-þætti var spurt hvaða Morfeus Ólafur Stefánsson handboltakappi hefði líkt sér við á Ólympíuleikunum. Davíð Þór Jónsson dómari gaf MH rétt fyrir grískan svefnguð, en FS rangt fyrir persónu úr kvikmyndinni Matrix. Þar urðu Davíð á mistök.

Gylfi Magnússon:

Bankar of stórir eða of margir

ALPINGI Það „blasir við að umsvif í bankakerfinu hafa minnkað það mikið að bankarnir eru of margir eða of stórir og það verður að taka á því máli“, sagði Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra á þingi í gær. Var þetta svar við fyrirspurn Ólafar Nordal um hvort standi til að sameina ríkisbankana.

Gylfi sagðist telja að einhver fækkun bankastofnana yrði frá því sem nú er, en enga ákvörðun sé búið að taka um sameiningu. Þá sagði Gylfi að verið sé að skoða aðkomu erlendra kröfuhafa að íslenskum bönkum. Það yrði jákvætt ef þeir myndu eignast einhvern hlut í bönkunum.

- ss



RÍKISÚTVARPIÐ Nefnd um fjölmiðla og stöðu Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði hefur hist á ný.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nýmönnuð RÚV-nefnd:

Fundað aftur um fjölmiðla

FJÖLMIÐLAR Nefnd um fjölmiðla-markað hittist á ný á mánudag. Nefndin var skipuð í tíð fyrrverandi menntamálaráðherra, Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, en nú hafa orðið mannabreytingar í henni.

Nefndin er ekki síst að skoða stöðu Ríkisútvarpsins og aðkomu þess að auglýsingamarkaði. Nefndin fer einnig yfir stöðuna almennt á fjölmiðlamarkaði. Nefndina skipa Sigtryggur Magnason, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Birgir Guðmundsson, Magnús Þór Hafsteinsson og Skúli Helgason.

- kóp

Nýkjörið þing kom saman í fyrsta sinn í gær í Ísrael:

Peres hvetur til samninga

ÍSRAEL, AP Shimon Peres, forseti Ísraels, brýndi fyrir þingmönnum að semja um frið við Palestínumenn.

Nýkjörið þing kom saman í fyrsta sinn í gær, skipað fleiri harðlínumönnum en færri friðarsinnnum en síðasta þing.

Benjamin Netanyahu, leiðtogi hægriflokksins Likud, fékk stjórnarmyndunarumboð fyrir helgi. Hann hefur reynt að fá fráfariandi stjórnarflokka, bæði Kadima og Verkamannaflokkinn, til þátttöku í nýrri ríkisstjórn, en staðið hefur á samkomulagi um afstöðu til friðarsamninga við Palestínumenn.



BENJAMIN NETANYAHU Á engan veginn auðvelt með að mynda ríkisstjórn, þrátt fyrir meirihluta hægrí flokka á þingi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tzipi Livni, leiðtogi Kadima, segist ekki vilja vera „fíkjublað“ fyrir stjórn sem ætlar ekki að

vinna að friði. Nái Netanyahu ekki samkomulagi við Kadima og Verkamannaflokkinn þarf hann að leita til annarra hægriflokka, sem hafa samanlagt 65 þingsæti á 120 manna þingi.

Í ávarpi sínu við þingsetningu sagði Peres forseti að „samningaviðræðum við Palestínumenn verði að halda áfram þangað til samkomulag hefur tekist“. Hann sagði að samningur við Palestínumenn muni í reynd þýða frið við öll nágrannaríki Ísraels.

Netanyahu fékk sex vikna frest til að mynda ríkisstjórn. Takist það ekki þarf að kjósa upp á nýtt.

- gb

Kærasti Catalinu með um tíu kíló af kókaíni

Íslendingur sem handtekinn var í Hollandi fyrir helgi var með um tíu kíló af kókaíni í farteskinu. Hann er kærasti Catalinu Ncogo, sem situr í gæsluvarðhaldi grunuð um aðild að smyglinu sem og skipulagt mansal, líklega fyrst Íslendinga.

LÖGREGLUMÁL Íslensk kona ættuð frá Miðbaugs-Gíneu, Catalina Mikue Ncogo, hefur setið í gæsluvarðhaldi frá því á föstudag grunuð um að ætla að reyna að smygla allt að tíu kílóum af kókaíni til Íslands. Þá er varðhaldið einnig grundvallað á grunsemdum um að hún hafi stundað skipulagt mansal hérlandis. Það er líklega í fyrsta sinn sem Íslendingur er úrskurðaður í varðhald á þeim grunni, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Íslendingur fæddur 1974, Helgi Valur Másson, var handtekinn á Schiphol-flugvelli í Amsterdam fyrir helgi með um eða yfir tíu kíló af kókaíni í fórum sínum. Maðurinn er kærasti Catalinu, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, og hafa þau meðal annars verið í óskráðri sambúð. Hann mun ekki hafa komið að ráði við sögu lögreglu hérlandis.

Catalina kom til Íslands frá Hollandi á föstudaginn og var handtekin í Leifsstöð. Í kjölfarið var hún úrskurðuð í viku varðhald. Það er meðal annars byggt á því að hún er talin hafa ætlað, ásamt kærasta sínum, að flytja efnin, hluta þeirra eða öll,



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

VÆNDISHÚSIÐ Það er í íbúð í þessu húsi sem talið er að vændisstarfsemi fari fram. Til hægrí á myndinni má sjá lög-reglustöðina í Reykjavík.

áfram til Íslands frá Amsterdam. Í gæsluvarðhaldsúrskurðinum segir að hún hafi ekki getað útskýrt á sannfærandi hátt hvaða erindi hún átti í Hollandi.

Catalina er jafnframt grunuð um að hafa skipulagt vændisstarfsemi hérlandis og hagnast á henni. Til dæmis hefur verið

greint frá því í fréttum að hún sé grunuð um að hafa gert út að minnsta kosti fjórar vændiskonur í húsi á Hverfisgötu. Hún er jafnframt talin hafa flutt konur til landsins gagnert til að stunda hér vændi.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa skýrslur verið teknar af einhverjum þeirra kvenna sem Catalina er talin hafa gert út sem vændiskonur.

Catalina kærði gæsluvarðhaldsúrskurð héraðsdóms til Hæstaréttar og er niðurstöðu að vænta í dag. Lögregla í Hollandi fer með mál Helga Vals. stigur@frettabladid.is

SAGÐI ÞÆR BARA „SKEMMTA KÖRLUM“

■ Catalina Ncogo varð íslenskur ríkisborgari árið 2004. Hún er ættuð frá Miðbaugs-Gíneu.

■ Lögregla hefur haft Catalinu undir smásjóni í töluverðan tíma, grunaða um mansal og ýmis önnur afbrot.

■ Hún er talin hafa gert út vændis-

konur í húsi við Hverfisgötu 105 og einnig á heimili sínu í Hafnarfirði.

■ Í viðtali við Stöð 2 sagði Catalina að stúlkurnar fjórar í íbúðinni við Hverfisgötu „skemmtu körlum“ og að við það væri ekkert athuga-vert.

Embættismenn:

Launin lækka um 5-15 prósent

VINNUMARKAÐUR Kjararáð hefur ákveðið almenna lækkun launa embættismanna, sem undir kjararáð heyra, annarra en dómara og skrifstofustjóra í Stjórnarráði Íslands en þessir hópar höfðu mótmælt kröftuglega í umsögn sinni til Alþingis.

Heildarlaun þeirra sem eru með 1.125 þúsund krónur á mánuði lækka um fimmtán prósent og heildarlaun sem eru 450 þúsund á mánuði lækka um fimm prósent. Enginn lækkar meira en fimmtán prósent. Ákvörðun kjararáðs verður birt embættismönnum með bréfum sem send verða hverjum og einum.

- ghs



ADGERÐIR Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra undirbýr aðgerðir gegn skattaparadísum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Frumvarp fjármálaráðherra:

Minna skjól í skattaskjólum

EFNAHAGSMÁL Fyrirtæki og einstaklingar munu finna minna skjól í svokölluðum skattaparadísum verði frumvarp sem Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra er með í smíðum að lögum.

Steingrímur reiknar með að leggja frumvarpið fyrir ríkisstjórn á föstudag. Þar verða meðal annars settar auknar kvaðir á fyrirtæki að veita upplýsingar um dótturfyrirtæki og útibú erlendis.

Skattlagning fyrirtækja verður einnig samræmd því sem tíðkast víða erlendis, svokallaðri CFC löggjöf, og fyrirtæki því skattlögð út frá móðurfélaginu.

- bj

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn:

Kemur á morgun, fer 10. mars

EFNAHAGSMÁL Sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins kemur hingað til lands á morgun og verður til 10. mars. Þetta hefur verið staðfest af fjölmiðlafulltrúa sjóðsins.

Gerð verður úttekt á framgangi yfirvalda við að fylgja áætlan sem fyrir liggur og er forsenda fyrir 2,1 milljarða dala fyrirgreiðslu sjóðsins. Mark Flanagan fer fyrir nefndinni og mun hún gera hérlandum fjölmiðlum grein fyrir afrakstri vinnu sinnar í lok ferðar.

- jse

Notkun Facebook-félagsvefsíðunnar hefur færst mjög í aukana hjá börnum:

Fyrirspurnunum rignir inn

TÖLVUR „Það rignir inn til okkar fyrirspurnum frá foreldrum, þar sem þeir velta fyrir sér hvort þeir eigi að leyfa börnunum sínum að skrá sig á Facebook,“ segir Guðberg K. Jónsson, verkefnastjóri hjá vakningarátakinu SAFT (Samfélag, fjölskylda og tækni). Vinsældir Facebook-félagsvefsíðunnar hafa nýverið teygst sig niður í yngstu aldurshópana.

Að sögn Guðbergs hefur það ágerst síðustu vikur að börn hætti að nota MySpace-félagsvefsíðuna, sem notið hefur mikilla vinsælda síðustu ár, og færi sig yfir á Facebook. „Við fáum fyrirspurnir daglega frá foreldrum, og þetta er auðvitað erfið spurning. Að sjálfsögðu er það á ábyrgð foreldra hvað þau leyfa börnum sínum að gera á netinu. Ef þessar síður eru notaðar á skynsamlegan og uppbyggilegan hátt, og það kemur ekki niður á náminu og öðrum tómstundum, þá er þetta mjög jákvæður hlutur fyrir unga og alna.“

Viðmiðin sem Facebook notast við er að börn undir þrettán aldri geti ekki skráð sig á síðuna án þess að ljúga til um aldur. Guðberg hvetur því foreldra til að fylgjast vel með Facebook-notkun afkvæmanna. „Það er tiltölulega auðvelt að nýta sér



GUÐBERG K. JÓNSSON



FACEBOOK Verkefnastjóri SAFT brýnir fyrir foreldrum að fylgjast vel með netnotkun barna sinna.

öll þau öryggisatriði sem boðið er upp á varðandi persónuupplýsingar og slíkt. Einnig er sjálfsagt að foreldrar skilgreini aðganginn með börnum sínum, og gott er að foreldrar barna í bekkjum setji sameiginlegar reglur um netumgengni barnanna,“ segir Guðberg K. Jónsson.

- kg

Aðalfundur

Samfylkingarfélagsins í Reykjavík

Minnt er á áður boðaðan aðalfund sem verður í kvöld miðvikudaginn 25. febrúar.

Fundurinn verður í húsnæði Samfylkingarinnar að Hallveigarstíg 1 og hefst kl. 20:30.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Allir félagsmenn velkomnir.

Ásgeir Beinteinsson formaður SffR

Borgarmálaráð kemur saman klukkan 19 á sama stað.



Samfylkingarfélagið í Reykjavík

☆ Marbella

á frábæru kynningarverði

NÝTT Barceló Marbella ☆☆☆☆^S

1 vika
30. maí - 6. júní frá **73.943 kr.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn

Innifalið: Morgunverður og bílaleigubíll í C flokki

☆ Uppfærðu í fullt fæði fyrir aðeins 5.999 kr.

☆ 100 fyrstu sætin
á þessu magnaða verði!

SUMAR  FERÐIR

...eru betri en aðrar

GENGIÐ 24.02.2009			
GJALDMÍÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	112,5	113,04
	Sterlingspund	163,43	164,23
	Evra	143,98	144,78
	Dönsk króna	19,321	19,435
	Norsk króna	16,459	16,555
	Sænsk króna	12,743	12,817
	Japanskt jen	1,1763	1,1831
SDR		166,47	167,47
GENGISVÍSITALA KRÓUNNAR			
177,7582			
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			

Gjaldprot fyrirtækja í janúar: Fjölgar um 71 prósent frá 2008

EFNAHAGSMÁL Alls voru 70 fyrirtæki tekin til gjaldprotaskipta í janúar síðastliðnum. Það er 71 prósent meira en í janúar 2008, þegar 41 fyrirtæki var tekið til gjaldprotaskipta. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Hagstofu Íslands.

Flest gjaldprotin voru í byggingarstarfsemi, alls 18 talsins. Næstflest voru í heild- og smá-söluverslun, 13 talsins.

Creditinfo hefur spáð því að um 3.500 fyrirtæki fari í þrot á árinu. Þar er átt við fyrirtæki sem lenda í eiginlegu gjaldþroti og þau sem lenda í árangurslausu fjárnámi.- bj



VIKTORÍA OG KÆRASTINN Krónprinsessan ásamt Daniel Westling.

Konungleg trúlofun í Svíþjóð: Prinsessa giftir sig á næsta ári

SVÍÞJÓÐ, AP Sænska konungsfjölskyldan skýrði frá því í gær að Viktoría krónprinsessa sé nú formlega trúlofuð Daniel Westling. Þau ætli að ganga í hjónaband snemma sumars á næsta ári. Svíar hafa árum saman beðið tíðinda af sambandi þeirra Daníels og Viktoríu, sem þegar fram líða stundir á að taka við af föður sínum, Karli Gústaf, sem þjóðhöfðingi Svíþjóðar.

Eftir brúðkaupið fær Westling titilinn Daniel prins, hertogi af Vestur-Gautlandi. Hann sagðist ætla að gera allt sem í sínu valdi stæði til að ávinna sér traust sænsku þjóðarinnar. - gb

Ástralski fjárfestirinn Steve Cosser þvertur fyrir það að hann sé leppur:

Segist ætla að finna rógberann

VIÐSKIPTI Ástralski fjárfestirinn Steve Cosser, sem gert hefur tilboð í Árvakur, sagði í kvöldfréttum Stöðvar 2 það vera rógburð að hann væri leppur fyrir íslenska fjárfesta.

Sagðist hann ennfremur ætla að finna undan hvaða rifjum hann væri runninn og síðan grípa til viðeigandi ráðstafana þegar rógberinn væri fundinn.

Vilhjálmur Bjarnason, sagði í viðtali í Kastljósi í byrjun mánaðarins að hann hefði heimildir fyrir því að Cosser væri leppur. „Ég hef jafn miklar heimildir og aðrir,“ segir Vilhjálmur. „Ég hef legið yfir þessum málum í þrjár

vikur og verð að segja að mér þykir það með ólíkindum og ef menn mega ekki hugsa á Íslandi án þess að eiga von á einhverjum hefndum þá er vandlifað hér á landi.“

Cosser sagðist ekki einungis hafa áhuga á að fjárfesta í fjölmiðlum hér á landi heldur einnig í jarðhitaorkuverum, fyrirtækjum í ferðaþjónustu og fleiru.

Í kvöldfréttum RÚV sagði hann að heimili sitt í Lundúnum væri 13 sinnum dýrara en Árvakur. „En það er örugglega auðveldara að reka heimili í London heldur en Morgunblaðið,“ segir Vilhjálmur. - jse



HÚS ÁRVAKURS Í HÁDEGISMÓUM Steve Cosser segist ekki aðeins áhugasamur um að fjárfesta í fjölmiðlum hér á landi. Hann segist bjartsýnn á að tilboði hans í Árvakur verði tekið.

Gagnrýndi stjórn Geirs harkalega

Davíð Oddsson segist margsinnis hafa varað þáverandi forsætisráðherra við bankahruninu. Tortryggir umræðu um sig og Seðlabanka, sem sé verið að sverta.

STJÓRNMÁL „Ég hef ekki skapað ófrið um Seðlabankann,“ sagði Davíð Oddsson seðlabankastjóri í Kastljósi RÚV í gær. Hann sagði bankann ekki hafa gert mistök í aðdraganda efnahagshrunsins, nema ef til vill þau að leggja mesta áherslu á að berjast við verðbólgu en ekki að halda gengi krónu í jafnvægi. Bindiskylda, sem bankinn hefur verið gagnrýndur fyrir að hafa ekki beitt, hefði ekki áhrif á stærri banka.

Davíð hafði miklar efasemdir um alla umræðu um Seðlabankann og um sjónarmið spyrils þáttarins. Seðlabankastjóri gagnrýndi á ný fyrrverandi ríkisstjórn fyrir að hafa ekki hlýtt varnaðarorðum sínum, meðal annars á ríkisstjórnarfundi 30. september, þar sem hann hefði sagt bankakerfið eiga tvær til þrjár vikur ólifaðar. Þá véc hann hördum orðum að núverandi stjórn fyrir að vera að eyðileggja bankann með aðför að sér og illa gerðu lagafrumvarpi um bankann.

„Hann beinir spjótum sínum í raun mikið að Geir H. Haarde og Sjálfstæðisflokknum,“ segir Einar Mar Þórðarson stjórnmálafræðingur. „Hann segir að Seðlabankinn sé farinn að undirbúa áætlan í febrúar varðandi hvað gera skyldi ef allt færi fjandans til. Og þetta er að upplýsast núna. Ég held að þetta eigi eftir að hleypa illu blóði í fólk og í raun sé þetta mikill bjarnargreiði við Sjálfstæðisflokkinn svona skömmu fyrir kosningar.“

Davíð sagði fjármagnsflutninga Kaupþings hafa haft áhrif á það að bresk stjórnvöld hefðu beitt hryðjuverkalogum.



SEÐLABANKASTJÓRI Í BEINNI Davíð Oddsson segist enn hafa varað manna mest við efnahagshruninu, en ræðir minna um beinar aðgerðir bankans til að koma í veg fyrir það. Í gær sagði hann að tilgangslaut hefði verið að efla gjaldeyrisvarafarðann.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Á fundi Viðskiptaráðs í nóvember vísaði hann hins vegar í samtöl, sem ekki hefðu verið birt, og hefðu leitt til þessa.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir hagfræðingur undrast hversu mjög Davíð tengi eigin persónu við Seðlabanka Íslands, en í viðtalinu sakaði hann spyrilinn um að reyna að „sverta mig og bankann minn“. „Ég sagði mig ekki úr bankaráðinu [í október síðastliðnum] vegna Davíðs. Ég gerði það því mér fannst augljóst að bankastjórninni væri ekki sætt við þessar aðstæður. Davíð býr til úr þessu öllu samsæriskenningu. Að allt samfélagið sé heilapvegið af Bausmiðlum og þess vegna í ofsóknum gegn honum. Ég vil eiginlega ekki fara niður á þetta plan,“ segir Sigríður Ingibjörg.

Davíð endurtók í þættinum ummæli sín um að hann hefði einmitt varað ríkisstjórnina við bankahruninu. „Það hefði verið óskandi að orð og æði hefðu farið saman,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands. „Ég ætla ekki að fara að rengja hann þegar hann segist hafa varað bæði ríkisstjórnina og aðra við því sem kynni að vera í vændum. En það breytir því ekki að framganga Seðlabankans var ekki í neinu samræmi við það. Seðlabankinn hefur bæði tæknilega og lagalega möguleika á að bregðast við þegar vá blasir við. Réttara sagt þá ber Seðlabankanum skylda til að nota tæki sín til að vernda almenning í slíkum aðstæðum.“

klemens@frettabladid.is, jse@frettabladid.is

Frumvarp viðskiptaráðherra:

Flautublístrarar ekki saksóttir

EFNAHAGSMÁL Heimilt verður að milda eða fella niður viðurlög við brotum á fjármálamarkaði verði frumvarp sem Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra kynnti á ríkisstjórnarfundi í gær að lögum.

Heimildin mun þó bara eiga við um fyrirtæki og einstaklinga sem koma sjálfviljug fram, játa brot og aðstoða við rannsókn mála. Þetta kom fram á fundi með forystumönnum ríkisstjórnarflokkanna í gær.

Gylfi lagði einnig fram frumvarp sem heimila mun Fjármálaeftirlitinu að greina frá niðurstöðum mála og athugana sem eftirlitið leggst í. - bj

Seðlabanki Íslands:

Norðmenn vilja Ingimund

STJÓRNSÝSLA Ingimundi Friðriksyni, fyrrverandi seðlabankastjóra, hefur verið boðin staða ráðgjafa í norska seðlabankanum. Þetta kom fram í kvöldfréttum RÚV í gær.

Eiríkur Guðnason seðlabankastjóri segir í bréfi sínu til Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra að brottrekstur lykilmanna eins og Ingimundar hafi verið til trafala í vinnu bankans við endurveisn fjármálakerfisins. Hann gagnrýndi hana harðlega fyrir vinnubrögðin og yfirlýsingar í sambandi við skipulagsbreytingarnar á bankanum. Hefði hvort tveggja spilt mikilvægum tíma sem betur hefði verið varið í þau brýnu verkefni sem eru fyrir stafni. - jse



INGIMUNDUR FRÍÐRIKSSON

Skoðanakönnun í Bretlandi:

Brown nýtur enn lítils fylgis

BRETLAND, AP Samkvæmt nýrri skoðanakönnun hefur breski Íhaldsflokkurinn enn mikið forskot á Verkamannaflokkinn.

David Cameron, leiðtogi Íhaldsmanna, ætti að vera býsna ánægður með árangurinn. Samkvæmt könnuninni, sem birtist í blaðinu Guardian, fengi Íhaldsflokkurinn 42 prósent atkvæða en Verkamannaflokkurinn aðeins 30 prósent.

Samkvæmt sömu könnun telur meirihluti þeirra, sem kusu Verkamannaflokkinn í síðustu kosningum, að betra væri fyrir flokkinn að hafa annan leiðtoga en Brown. - gb

www.lyfja.is

Frábært fyrir húð sem á við óhreinnindi eða vandamál að stríða. Hentar sérstaklega vel fyrir unglinga.

Gildir til 5. mars 2009.

20% verðlækkun*

NORMADERM frá Vichy. Taskan inniheldur rakakrem, hreinsimjólk, næturkrem, bólubana og andlitshreinsi. ~~4.12 kr.~~ **3.289 kr.**

Sigurður P. Ragnarsson veðurfræðingur

VETRARLEGT

Nú er hann lagstur í norðanátt og það fremur stífa viðast hvar. Samfara því kólnar auk þess sem dagurinn verður almennt úrkomusamur, þó ekki vestan til á Suðurlandi og suðvestan til. Nyrðra verður framhald á ofankomu þó hún verði eitthvað minni en síðustu tvo daga. Fremur svalt verður svo á morgun en á föstudag er væntanleg lægð með heldur hlýrra veðri, einkum syðst.

Á MORGUN 3-10 m/s hvassast suðvestan til síðdegis.

FÖSTUDAGUR Austlægur áttir 3-10 m/s

HEIMURINN

Alicante	16°
Amsterdam	8°
Basel	5°
Berlín	4°
Billund	7°
Eindhoven	8°
Frankfurt	5°
Friedrichshafen	5°
Gautaborg	6°
Kaupmannahöfn	6°
Las Palmas	18°
London	12°
New York	6°
Orlando	22°
Osló	2°
París	12°
Róm	11°
Stokkhólmur	2°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

BYGGJUM UPP MEÐ BETRI VERKFAERUM

0% VEXTIR TIL 12 MÁNAÐA

NÚ SKRÚFUM VIÐ NIÐUR VERÐIN!

DEWALT

AUKAPAKKI
FYLGR



ÖRYGGISGLERAUGU



ÖRYGGISHJÁLUR



VINNUHANSKAR



HLEÐSLUBORVÉL

94DC940KB

Hleðsluborvél 12V XRP-4
2*2,6Ah, 48Nm

+

AUKAPAKKI

36.900 kr.
eða 3.075 kr. á mán.*



HLEÐSLUBORVÉL

94DC988KB

18V 2*2,6Ah 13mm m/höggi
XRP3 52Nm, þyngd 2,5kg

+

AUKAPAKKI

49.900 kr.
eða 4.158 kr. á mán.*



HLEÐSLUBORVÉL

94DC721KB

Hleðsluborvél 18v
13mm, 2*2,6Ah, 44Nm

+

AUKAPAKKI

46.900 kr.
eða 3.908 kr. á mán.*



BOR OG BROTHAMAR

94D25600K

accav18v13mm
2*2,6Ah, 44Nm

+

AUKAPAKKI

94.900 kr.
eða 7.908 kr. á mán.*



Með sogbúnaði

BORHAMAR SDS

94D25305K

+ AUKAPAKKI

6.000 kr.

inneign í SDS bora

49.900 kr.

eða 4.158 kr. á mán.*



LASER-SETT

94DW079PKH

Laserset m/öllu tilheyrandi,
sjálfstillandi laser, 1*2,6Ah
rafhlaða. 1kist hleðslutæki.

+

199.900 kr.

VAXTALAUST TIL 12
MÁNAÐA SAMTALS
16.658 KR.
Á MÁN.*

FYLGIHLUTASETT
FYLGR FRÍTT MEÐ
AÐ VERÐMÆTI
24.900 kr.



BORÐSÖG + BORD

94DW745 + 94DE7450

Borðsög 1700W 250*30mm
22kg, 3800 rpm ristir 41cm

+

94.900 kr.

VAXTALAUST TIL 12
MÁNAÐA SAMTALS
7.908 KR.
Á MÁN.*

FYLGIHLUTASETT
FYLGR FRÍTT MEÐ
AÐ VERÐMÆTI
24.900 kr.



KÍTTISBYSSA

94DC540K

1*2,6Ah, 12V, F/310ml túpur
+ LJÓSAHUNDUR

34.900 kr.

eða 2.908 kr. á mán.*



SLEÐASÖG

94DW5520KR

1300W, sleði fylgir 1,5m
Max dýpt við 90° 59mm
Blað 165mm

+

84.900 kr.

VAXTALAUST TIL 12
MÁNAÐA SAMTALS
7.075 KR.
Á MÁN.*

FYLGIHLUTASETT
FYLGR FRÍTT MEÐ
AÐ VERÐMÆTI
24.900 kr.



GEIRUNGSSÖG + VINNUBORD

94DW718 + 94DE7023

Borðsög 1700W 250*30mm
22kg, 3800 rpm ristir 41cm

+

189.900 kr.

VAXTALAUST TIL 12
MÁNAÐA SAMTALS
15.825 KR.
Á MÁN.*

FYLGIHLUTASETT
FYLGR FRÍTT MEÐ
AÐ VERÐMÆTI
24.900 kr.



PAKKATILBOÐ

Þú kaupir 200 skífur
og færð frían DeWalt 1100W
slípirokk með í kaupbæti

ÞÚ KAUPIR

200

SKÍFUR



=



FRÍR MEÐ!

SINDRI

*Vaxtalaugar greiðslur bera færslugjöld,
160 kr. á mánuði.

Tilboð gilda út febrúar eða á meðan
birgðir endast. Öll verð eru með vsk.

Birt með fyrirvara um prentvillur.

BYGGINGAÐEILD

VERSLANIR

VÉLAÐEILD

ÞJÓNUSTUÐEILD

www.sindri.is

sindri@sindri.is

Bæjarhraun 12 Hafnarfirði

Viðarhöfða 6 Reykjavík

Sími: 575 0000

KJÖRKASSINN



Viltu að Varnarmálastofnun verði lögð niður?

Já	78%
Nei	22%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Var Davíð Oddsson sannfærandi í Kastljósviðtalinu?

Segðu þína skoðun á Vísis.



ENGIN ÁKVÖRÐUN Eigandinn segir húsið tilbúið undir starfsemi.

Heilsuverndarstöðin:

Engin starfsemi á Barónstíg

HEILBRIGÐISMÁL Ekki hafa verið teknar neinar ákvarðanir um framtíðarstarfsemi í húsnæði Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónstíg 47, segir Þorsteinn Steingrímsson, fasteignasali og eigandi húseignarinnar. Heilsuverndarstöðin ehf., sem rak dagdeild og legudeild fyrir samtals um fimmtíu skjólstæðinga í húsinu í kjölfar útboðs hjá heilbrigðisráðuneytinu, hætti starfsemi í nóvember síðastliðnum.

Þorsteinn segir húsið nýppgert og reiðubúið undir starfsemi. „En það er skipt um heilbrigðisráðherra af og til og nýir menn með nýjar áherslur eru allt af að skoða og spekulera,“ segir Þorsteinn.

- kg

BANKAMÁL

Nýr formaður kjörinn

Gunnar Örn Kristjánsson var kosinn stjórnarformaður Nýja Kaupþings á hluthafafundi í fyrradag í stað Magnúsar Gunnarssonar sem látið hefur af störfum. Ástríður Þórðardóttir var kosin í varastjórn í stað Eiríks Jónssonar.

ALÞINGI

Hrafnhildur í landskjörstjórn

Hrafnhildur Stefánsdóttir lögfræðingur var á Alþingi í gær kjörin aðalmaður í landskjörstjórn í stað Gísla Baldurs Garðarssonar. Gunnar Sturluson lögfræðingur var kjörinn varamaður í stjórninni í stað Hrafnhildar.

Hagfræðingur við Kólumbíu-háskóla segir tillögu Framsóknarflokks um niðurfellingu skulda ekki ganga upp:

Vilja eyða sömu peningunum tvisvar

EFNAHAGSMÁL Tillögur Framsóknarflokksins um niðurfellingu hluta skulda heimila og fyrirtækja ganga ekki upp að mati Jóns Steinssonar, hagfræðings við Kólumbíu-háskóla í Bandaríkjunum.

„Framsóknarmenn virðast vera að ala á þeirri hugmynd að einhvern veginn sé unnt að hjálpa öllum án þess að það kosti neinn neitt. Við megum ekki láta glepfast af slíkum málflutningi. Það leiðir einungis til þess að við munum vakna við það eftir nokkur ár að skuldir ríkisins verða orðnar himinháar og framtíðarskattar því einnig himinháir.“

Framsóknarflokkurinn kynnti tillögur sínar í efnahagsmálum á

MYNDI SETJA ÍLS LÓÐBEINT Á HÖFUÐIÐ

Ekki er hægt að gefa þá von út í samfélagið að hægt verði að afskrifa hluta skulda heimila og fyrirtækja, sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra á blaðamannafundi ríkisstjórnarinnar í Þjóðmenningarhúsinu í gær. Leiðin sem Framsóknarflokkurinn leggur til hefur verið skoðuð og myndi setja Íbúðalánasjóð (ÍLS) lóðbeint á hausinn, sagði Jóhanna. Kostnaður yrði 400 til 500 milljarðar.

Undir þetta tók Steingrímur J.

Sigfússon fjármálaráðherra. Með þessu sé í raun verið að leggja til að skuldir landsmanna verði afskrifaðar á þeirra eigin kostnað, því afskriftir muni falla á ríkið og lífeyrissjóðina.

Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra sagði á Alþingi í gær að ekki sé hægt að afskrifa skuldir allra lántakenda. Stór hluti standi í skilum. Verði lán afskrifuð muni það rýra mjög eignir bankanna og Íbúðalánasjóðs og hár kostnaður muni falla á ríkið.

mánudag. Ein þeirra var að skuldir fyrirtækja og húsnæðisskuldir

einstaklinga verði lækkaðar um 20 prósent og það muni ekki hafa

Gengi frá október stýrir bótum erlendis

Miðað er við gengi íslensku krónunnar frá því í október þegar bætur eru greiddar út erlendis fyrir þá sem hafa flúið land. Þetta getur þýtt meira en helming lækkun atvinnuleysisbóta í nýju landi miðað við hér heima.

EFNAHAGSMÁL Bætur þeirra sem flytja réttindi sín til annarra Evrópulanda eru reiknaðar út miðað við gengi í október. Þetta þýðir verulega lækkun á greiðslu í erlendri mynt. Nýtt gengi verður ekki upp-reiknað fyrr en í byrjun apríl og það miðast þá við stöðuna í byrjun janúar.



GISSUR PÉTURSSON

Þeir sem hafa áunnið sér réttindi til atvinnuleysisbóta hér á landi geta flutt þau með sér hvert sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins. Það er samkvæmt Evróputilskipun frá 1972 og tryggir hún að menn geti haldið atvinnuleysi á milli landa og fengið atvinnuleysisbætur í allt að þrjá mánuði, enda séu þeir í atvinnuleit. Vinnumálastofnun gefur út svokallað E-303 vottorð fyrir þá sem svo er ástatt um.

Evrópulöndin gera síðar upp á milli sín greiðslur til þegna viðkomandi lands. Það á þó ekki við um Norðurlöndin, þar rukka löndin hvert annað ekki um greiðslur.

Evrópusambandið gefur út gengistöflu og miðar við gengið eins og það var þremur mánuðum áður en hún er gefin út. Sú tafla gildir í þrjá mánuði. Atvinnuleysisbætur sem fást útgreiddar eru reiknaðar út frá þeirri töflu.

„Þetta er mjög bagalegt og við höfum varað fólk við sem er á leiðinni út. Fólk verður að gera

MEIRA EN HELMINGSLÆKKUN BÓTA

Sveinn Birkir Björnsson flutti til Svíþjóðar í lok janúar ásamt konu sinni og þremur börnum. Fengi hann greidda dagpeninga þar eftir því gengi sem nú gildir fengi hann um 180 þúsund krónur á mánuði. Vegna þess að miðað er við gengi í október 2008 fær hann hins vegar einungis 78 þúsund krónur á mánuði.

Sveinn Birkir segir þetta hafa sett strík í áætlanir þeirra hjóna og kvartar yfir því að þeim hafi ekki verið gefnar þessar upplýsingar fyrirfram.

„Ég þarf ekki að útlista það hvaða áhrif þessir útreikningar hafa á heimilisbókhalði hjá fimm manna fjölskyldu. Þetta er ríflega bilið á milli feigs og ófeigs. Ef ekki er brugðist við þessu á einhvern hátt blasir ekkert við mér og minni fjölskyldu annað en vanskil og framhaldið er óþægilegra en svo að ég leyfi mér að hugsa þá hugsun til enda.“

Hann hefur sent félagsmálaráðuneytinu erindi og farið fram á að reglugerð verði breytt tímabundið, þannig að fólk fái greitt eftir núverandi gengi en ekki sex mánaða gömlu.

sér grein fyrir þessu áður en það flytur af landi brott,“ segir Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar.

Gissur segist ekki hafa tölur yfir þann fjölda sem þetta snertir. Í desember hafi þó verið gefin út 150 E-303 vottorð. Inn í þeirri tölu eru einnig erlendir ríkisborgarar sem hafa áunnið sér réttindi hér á landi og geta flutt þau með sér, til dæmis aftur í heimaland sitt.

kolbeinn@frettabladid.is



HÁTÍÐ Í PEKING Tíbetar í Peking, höfuðborg Kína, klæddust búningum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nýtt ár hefst í Tíbet:

Tíbetar fagna ekki áramótum

TÍBET, AP Fátt er um hátíðarhöld meðal Tíbeta, hvort heldur þeirra sem búsettir eru í Tíbet eða útlaganna á Indlandi, þótt í dag sé nýársdagur samkvæmt tímatali Tíbetbúa.

Dalai Lama, andlegur og veraldlegur leiðtogi Tíbeta, bað fólk að sleppa hátíðarhöldum þetta árið. Það væri ekki við hæfi eftir að Kínverjar börðu niður harðri hendi mótmæli í Lhasa, höfuðborg Tíbets, síðastliðið sumar.

„Það var stríð í Lhasa á árinu,“ sagði einn Tíbeti í borginni Xiahe í Kína, þar sem töluverður fjöldi Tíbeta býr.

- gb

DÓMSMÁL

Dæmdur fyrir kynferðisbrot

Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt karl á sjötugsaldri í fimmtán mánaða fangelsi fyrir kynferðisbrot gagnvart greindarskertri konu. Dómurinn taldi sannað að maðurinn hafi notfært sér fötlun fórnarlambins í því skyni að eiga við hana kynferðismök. Maðurinn neitaði sök. Honum er jafnframt gert að greiða konunni 600 þúsund krónur í miskabætur.

Fjölskyldur fá ...

Skilvisir viðskiptavinir í Fjölskylduvild SPRON hafa nú fengið endurgreiðslu vegna viðskipta ársins 2008. Fjölskylduvild SPRON stuðlar að fjárhagslegum ávinningi fjölskyldunnar og er án endurgjalds.

Skráðu fjölskylduna á spron.is og þú gætir tryggt henni endurgreiðslu þessa árs!

Nánari upplýsingar

Þjónustuver 550 1400 | spron.is

...endurgreiðslu!





+ Húð um hávetur

Þú kannast við það hvernig húðin verður þurr í kuldanum. En þótt frostið sé hart getur þú haldið húðinni mjúkrí. Við hjá Lyfju mælum með því að nota krem til að halda rakastigi húðarinnar í lagi. Komdu við í Lyfju og fæðu góð ráð fyrir þína húð.

+ Gildir til 26.2. 2009

~~4.279 kr.~~
3.423 kr. +

NEOSTRATA Ultra Moisturizing andlitskremið inniheldur vitamin B complex factor, ávaxtasýrur, PHA 10 og er auk þess án ilmefta.



~~888 kr.~~
718 kr. +

DECUBAL Clinic húðkremið er ætlað fyrir alla í fjölskyldunni.

~~1.427 kr.~~
1.142 kr. +

DECUBAL Recover húðkremið er sérstaklega ætlað fyrir þurra og viðkvæma húð.



~~1.295 kr.~~
1.036 kr. +

LOCOBASE er fjölskyldukrem fyrir þurra húð sem verndar og endurnýjar rakainnihald húðarinnar.



VEISTU SVARIÐ?



1 Hvaða þjóðþekkti leikari kvartar yfir því að Suðurbæjarlaug í Hafnarfirði verði lokað um skeið í sumar?

2 Hvað heitir nýja platan með U2?

3 Með hvaða enska liði leikur Aron Einar Gunnarsson sem hefur verið orðaður við mörg stóarlið?

SVÖR Á SÍÐU 26

8FRÉTTABLAÐIÐ25. febrúar 2009MIÐVIKUDAGUR

Þorsteinn Kragh krefst sýknu í fíkniefnamáli en saksóknari vill þungan dóm:

Krefst tíu ára fangelsisdóma



JACOB VAN HINTE



ÞORSTEINN KRAGH

Þorsteins, fór fram á sýknu yfir honum. Þorsteinn hefur alla tíð neitað sök í málinu, þrátt fyrir að van Hinte hafi upphaflega sagt Þorstein hafa haft veg og vanda af allri skipulagningu smyglisins. Helgi bendir meðal annars á það að lögregla hafi ítrekað brotið á rétti Þorsteins með því að afhenda honum gögn eftir að tilskilinn frestur var liðinn. Hann bendir jafnframt á að ef Þorsteinn hefði ætlað að skipuleggja smygl af þessum toga hefði hann varla fengið mann sem eftirlýstur er af Interpol, líkt og van Hinte, til að flytja efnin inn. Van Hinte hefur játað innflutninginn. Verjandi hans krefst sex til sjö ára fangelsisrefsingar og bendir meðal annars á að tíu ára fangelsi yfir sjötugum manni væri í raun lífstíðardómur.

- sh

Sumarlokanir leikskóla:

Mega hafa lokað í mánuð

LEIKSKÓLAR

Leikskólaráð Reykjavíkur hefur samþykkt að gefa stjórnendum leikskóla kost á að loka leikskólum í allt að fjórar vikur á bilinu 22. júní til 21. ágúst í sumar. Áður giltu þær reglur að leikskólar mættu einungis loka í tvær vikur á sumri hverju. Í bókun ráðsins kemur fram að sumarlokanir skuli ákveðnar að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla. Einnig að í hverjum borgarhluta verði lágmark einn leikskóli opinn allt sumarið sem úrræði fyrir foreldra sem ekki geta tekið sumarleyfi þegar leikskóli barna þeirra lokar.

- kg



FRAMSÓKNARFLOKKURINN

Prófkjör Framsóknarflokksins í Suðvesturkjördæmi

Prófkjör meðal félagsmanna um 5 efstu sætin á framboðslista Framsóknarflokksins í Suðvesturkjördæmi fer fram 7.mars kl. 09 til 18.

Í samræmi við samþykktir aukakjördæmisþings rennur frestur til að skila inn framboðum út laugardaginn 28. febrúar kl. 12 á hádegis.

Tekið er á móti skriflegum yfirlýsingum um framboð í netfangið; framsokn.kraginn@gmail.com

Fyrir hönd kjörstjórnar
Einar Sveinbjörnsson

Framtíð Íslands í samfélagi þjóðanna



Þriðji fundur í fundaröð Alþjóðamálastofnunar og Rannsóknaseturs um smáriki fimmtudaginn 26. febrúar kl. 12.00 til 13.30 í stofu 104 á Háskólatorgi

Efnahagslegt öryggi smárikja



Þátttaka Íslands í alþjóðlegum viðskipta- og fjármálasamtökum

Jónas H. Haralz, hagfræðingur



Hagkerfi biður skipbrot: Reynsla Íslendinga af sjálfstæðri peningamálastefnu

Gylfi Zoëga, hagfræðingur



Small States and Financial Fragility

Dr. Rainer Kattel, stjórnmaláfræðiprófessor, Tallinn University of Technology

Allir velkomnir
Fundurinn fer fram á ensku



ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUN
RANNSÓKNASETUR UM SMÁRIKI

Framtíð Íslands í samfélagi þjóðanna er samstarfsverkefni allra háskóla landsins og utanríkisráðuneytisins. Boðið verður upp á fundaraðir og einstaka viðburði í háskólunum um alþjóðamál sem lýkur með sameiginlegri ráðstefnu í Reykjavík 14. maí.

http://www.hi.is/ams

Samningar ógildir að mati lífeyrissjóðanna

Vegna markaðsbrests á gjaldeyrismarkaði segja lífeyrissjóðirnir framvirka gjaldeyrissamninga ógilda. Skilanefnd segir þetta fráleita túlkun. Báðir segjast tilbúnir til samninga en málið gæti farið fyrir dómstóla mætist stálin stinn.

EFNAHAGSMÁL

Framvirkir gjaldeyrissamningar lífeyrissjóðanna eru fallnir úr gildi eftir að gjaldeyrismarkaður brast að mati lífeyrissjóðanna. Fráleitt að mati skilanefndar Glitnis. Þrátt fyrir markaðsbrest eru lífeyrissjóðirnir sem fyrr tilbúnir að gera upp samningana á gengi sem miðað er við gengisvísitöluna 175, sem er staðan eins og hún var við hrun bankanna, segir Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landsamtaka lífeyrissjóða. Verði samningarnir gerðir upp á því gengi munu lífeyrissjóðirnir tapa um 27 milljörðum króna á samningunum. Verði þeir gerðir upp á gengi Seðlabankans í gær myndu sjóðirnir tapa ríflega 50 milljörðum. Skilanefnd Glitnis er reiðubúin til viðræðna við lífeyrissjóðina um uppgjör á samningunum, segir Árni Tómasson, formaður skilanefndarinnar. Hann segist algerlega ósamála því að samningarnir séu fallnir úr gildi vegna markaðsbrests. Skilanefnd Glitnis hefur ekki ljáð máls á því að gera upp samningana á öðru gengi en skráðu gengi Seðlabankans, segir Árni. Slíkt myndi án efa sæta athugasemdum annarra kröfuhafa. Taka verður pólitíska ákvörðun um hvort lífeyrissjóðir fá að gera upp framvirka gjaldeyrissamninga við viðskiptabankana á því gengi sem gildi fyrir bankahrun, segir Hrafn. Hann segir tímann að renna út, og stjórnvöld verði að taka ákvörðun fyrir vikulokin. Unnið er að uppgjöri lífeyrissjóðanna og skipta uppgjör gjaldeyrissamninga þar verulegu máli. Þegar uppgjörin eru komin ákveða sjóðirnir hvort lífeyrisgreiðslur verða lækkaðar. Samkvæmt upplýsingum frá viðskiptaráðuneytinu lítur Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra svo á að lífeyrissjóðirnir og bankarnir verði að finna lausn á málinu án íhlutunar ráðuneytisins. Engar sérþækar aðgerðir séu í gangi vegna málsins í ráðuneytinu. Hrafn segir að mætist stálin stinn í viðræðum við skilanefndirnar gæti komið til þess að þær verði að fara í mál við lífeyrissjóðina. Hann vonar þó að ekki komi til þess.


MIKLAR SVEIFLUR

Gengisvísitala íslensku krónunnar var um 175 í lok september, skömmu áður en íslenska fjármálakerfið hrundi. Í gær var hún um 188,8 stig, eða 7,9 prósentum hærri. Hæst fór vísitalan í tæplega 249 stig 1. desember í fyrra.



TAPA Lífeyrissjóðirnir munu tapa um 27 milljörðum verði gjaldeyrisskiptasamningarnir gerðir upp á genginu 175. Verði það gert upp á skráðu gengi Seðlabankans í gær myndu þeir tapa ríflega 50 milljörðum króna.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN




Heimild: Seðlabanki Íslands

* Vísitala gærdagsins

Neytendur: Mörg er matarholan

Rukka fyrir að telja klinkið



DR. GUNNI

neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Þegar ég var að vinna sem gjaldkeri í Landsbankanum fyrir tæplega 20 árum datt engum í hug að rukka fyrir það viðvik að telja klink fyrir fólk í talningavélinni. Það hefði satt að segja þótt fjarstæðukennt. Nú er öldin önnur. Arnþór Arnþórsson skrifar: „Kærastan mín fór með smápeninga í Spron í Spönginni. Gjaldkerinn setti peningana í talningarvélina og kom svo aftur og spurði kærustuna mína hvort hún væri með reikning hjá Spron. Hún er ekki með reikning þar og þá sagði gjaldkerinn að þetta kostaði 500 kr.! Þetta var um 3.000 kr. í smápeningum.“ Arnþór segir þá kærustuna hafa farið með klinkið í útibú Íslandsbanka þar sem það var talið henni að kostnaðarlausu og ekki einu sinni spurt hvort hún væri í viðskiptum við bankann. Ég athugaði þetta mál, sem er kannski ekki neitt stórmál, en segir þó ákveðna sögu. Allir bankarnir telja klink ókeypis fyrir viðskiptavinum sína. Fyrir „óbreytta“ eru gjöldin þessi samkvæmt verðskrá bankanna: Spron: Talning myntar fyrir aðra en viðskiptavini sparissjóðanna skv. útseldri vinnu, en lágmark 500 kr. Byr: Talning myntar fyrir aðra en viðskiptavini Byrs undir 10 þúsund: 900 kr. Yfir 10 þúsund: 1.800 kr. Landsbankinn: Þrjú prósent af heildarupphæð. Íslandsbanki: Talning myntar fyrir aðra en viðskiptamenn skv. útseldum taxta. Aðeins Kaupþing hefur ekki uppgötv að þessa matarholu enn þá og rukkar því ekkert fyrir þessa þjónustu. Nú er bara að sjá hvort klinktalningargjaldið muni brátt heyra sögunni til í „Nýja Íslandi“. Það er dálítið „2007“.

Hér skal nú glens og gaman

Öskudagurinn er í dag!



- Ókeypis andlitsmálun
allan daginn

- Tívolí skotbakkar
kl. 13-18

- Ókeypis myndataka
og útprentun
allan daginn

- Búningasamkeppni -
einstaklingar og hópar
skráning og myndataka allan daginn í rammadeild -
vinningshafar tilkynntir á www.IKEA.is 26. febrúar

- Kötturinn sleginn úr tunnunni
kl. 14 og 17



IKEA FOOD

Ókeypis máltíð fyrir börnin!

Pegar þú kaupir máltíð fá börnin, tíu ára og yngri,
að velja sér einn ókeypis rétt af barnamatseðli.
Verið velkomin í IKEA



Opið 11-19 alla daga
Veitingastaður opinn 9:30 - 18:30
www.IKEA.is



ASTEKAR MINNAST KEISARA Þessi asteki í Ixceteaopan í Mexíkó tók þátt í hátíðarhöldum til að minnast fæðingar Guauthemok, síðasta keisara astekanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Yfirmenn hjá Waitrose:

Könnuðu tengsl við hvalveiðar

BRETLAND Yfirmenn hjá bresku verslanakeðjunni Waitrose ferðu úðust til Íslands fyrir tveimur vikum til að kanna hvort viðskiptamenn keðjunnar hefðu tengsl við hvalveiðar, sagði á heimasíðu Guardian í gær.

Jeremy Langley, sérfræðingur Waitrose í fiskafurðum, segir athuginuna hafa leitt í ljós að enginn viðskiptaaðila Waitrose á Íslandi hafi nokkur tengsl við hvalveiðar. Einnig er haft eftir Langley að yfirmennirnir hafi fundað með Steingrími J. Sigfússyni og fleiri háttsettum aðilum. Steingrímur segist ekki muna eftir slíkum fundi, en mögulegt sé að aðilarnir hafi fundað með aðstoðarmanni sínum.

Waitrose hefur mótmælt ákvörðun um hvalveiðikvóta til fimm ára.

- kg

Veitingamaður á Seltjarnarnesi segist þurfa að líða fyrir mál fyrirrennara síns:

Segist líða fyrir fordóma bæjarins

SELTJARNARNES Fordómar bæjarstjórnarmanna á Seltjarnarnesi réðu því að ekki er veitt rekstrarleyfi fyrir Rauða ljónið á Eiðistorgi. Þetta segir Hafsteinn Egilsson sem sótti um leyfið en því var hafnað um jákvæða umsögn hjá bæjarstjórninni hinn 11. febrúar síðastliðinn.

„Það hefur komið fram í máli bæjarfulltrúanna, meðal annars þegar ég hef talað við þá persónulega, að forsagan sé sú að sá sem rak staðinn síðast hafi brotið öll lög og reglur og þar af leiðandi vilji þau ekki veita leyfið aftur,“ segir Hafsteinn. „Þetta er í raun svipað ef bæjarstjórnin ákvæði að leggja



HAFSTEINN EGILSSON Veitingamanninum þykir það ósanngjarnt að hugmyndir hans nái ekki fram að ganga vegna slægrar framgöngu fyrrum veitingamanns.

Gróttu niður þar sem síðasti þjálfari hafi verið svo lélegur,“ bætir hann við. „Ég hef verið í þessum

bransa í 40 ár og hef ekki áhuga á því að enda ferilinn með því að brjóta lög og reglur.“

Hann segir vanta slíkan stað í menningar- og mannlífi Seltjarnarness. „Það var sorglegt að sjá það um daginn þegar Gróttu vann Selfoss í körfuboltanum og 800 manns vildu fá sér bjór og fagna sigri en til að gera það urðu þeir að fara í miðbæ Reykjavíkur.“ Hann segir að mörgum sé það kappsmál að staðurinn verði opnaður, meðal þeirra eru íbúar á Eiðistorgi. Hann segist vongóður um að bæjarstjórnin endurskoði afstöðu sína í ljósi þess að hann vilji hafa styttri afgreiðslutíma en forveri sinn. - jse

Skorað var á Jóhann Benediktsson að fara fram:

Leita að keppinauti sem fari gegn Siv

STJÓRNMÁL Hópur framsóknarmanna í Suðvesturkjördæmi leitar logandi ljósi að frambjóðanda til að bjóða sig fram gegn Siv Friðleifsdóttur í efsta sætið í kjördæminu, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Enn sem komið er hefur þeim ekki orðið kápan úr því klæðinu.

Jóhann Benediktsson, fyrrverandi lögreglustjóri á Suðurnesjum, staðfestir í samtali við Fréttablaðið að hart hafi verið að sér sótt til að sækjast eftir fyrsta sæti í kjördæminu. „En hugur minn horfir annað en til stjórnmála,“ segir Jóhann.

„Þrátt fyrir margar áskoranir mun ég ekki bjóða mig fram,“ segir Marteinn Magnússon, fulltrúi flokksins í bæjarstjórn Mos-

fellsbæjar. „En hins vegar get ég staðfest það að ég skynja að framsóknarmenn í kraganum kalla á enn meiri breytingar.“ Einar Bollason, varaformaður kjördæmisstjórnar í Suðvesturkjördæmi, lagði fram þá tillögu á kjördæmispingi um þarsíðustu helgi að Siv tæki annað sætið.

„Ég hef ekki heyrt þessa hugmynd viðraða annars staðar,“ segir Siv. Hún óttast ekki að hún eigi eftir að gjalda fyrir kröfu um endurnýjun. „Ég heyri einmitt kröfu í þá átt að það megi alls ekki koma allri reynslunni frá. Við erum aðeins þrjú sem bjóðum okkur fram til áframhaldandi starfa svo það verður dágóð endurnýjun.“

- jse



SPÉGILL Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra spegluðust skemmtilega í bókaskápunum í Þjóðmenningarhúsinu á vikulegum fundi fulltrúa ríkisstjórnarinnar með fjölmiðlafólki í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Tillaga um stjórnlagabing tilbúin

Tillögum um breytingar á stjórnarskrá hefur verið vísað til þingflokka. Setja á inn ákvæði um að bera verði stjórnarskrárbreytingar undir þjóðaratkvæði og að ríkið megi ekki afsala sér náttúruauðlindum.

EFNAHAGSMÁL Þingflokkar allra flokka sem sæti eiga á Alþingi fjalla nú um tillögu stjórnarflokkaanna um stjórnlagabing. Samkvæmt tillögunni mun 41 þingfulltrúi verða kjörinn persónukjóri á þingið.

Þetta kom fram á fundi Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra og Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra í Þjóðmenningarhúsinu að loknum ríkisstjórnarfundum í gær.

Bæta þyrfti ákvæði um stjórnlagabing í stjórnarskrána til að það verði að veruleika. Verkefni stjórnlagabingsins yrði að endurskoða stjórnarskrána.

Alþingi þarf að gefa umsögn sína um nýja stjórnarskrá áður en hún verður samþykkt. Að því loknu þarf í það minnsta fjórðungur kosningabærra manna að samþykkja nýja stjórnarskrá í þjóðaratkvæðagreiðslu til að hún öðlist gildi. Stjórnvöld stefna að því að settar verði nánari reglur um skipulag stjórnlagabings og kosningu fulltrúa á þingið eftir kosningar í vor.

Jóhanna segir að einnig sé lagt til að ákvæði stjórnarskrárinnar

um að kjósa þurfi um breytingar á stjórnarskránni á Alþingi, kjósa til þings, og svo kjósa um breytingarnar á Alþingi aftur verði breytt. Í staðinn skuli bera breytingar á stjórnarskrá undir þjóðaratkvæði.

Í þessu samhengi segir Jóhanna að fjalla þurfi um þjóðaratkvæðagreiðslur. Meðal þess sem taka þurfi afstöðu til sé hin svokallaða danska leið, þar sem þriðjungur þingmanna getur krafist þjóðaratkvæðagreiðslu. Einnig sú leið að 30 þúsund kjósendur geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu.

Breytingar á stjórnarskrá eiga einnig að ná til náttúruauðlinda. Stjórnvöld leggja því til að ákvæði um að ríkið megi ekki afsala sér náttúruauðlindum varanlega verði fest í stjórnarskrá.

Frumvarp um persónukjör hefur einnig verið sent þingflokkanum, sagði Jóhanna. Verði það að lögum munu flokkar geta boðið fram óráðaðan lista og látið kjósendum eftir að raða frambjóðendum í sæti. Það mun þó ekki útiloka hefðbundna lista. Flokkunum verði í sjálfsvald sett hvort þeir notist við hefðbundna lista eða óraðaða.

brjann@frettabladid.is

AÐEINS EIN KONA Í NÝJU NEFNDUNUM

Skipað hefur verið fólk í nefndir sem semja eiga um Icesave-reikningana annars vegar og lán erlendra ríkja hins vegar. Aðeins einn nefndarmaður í nefndunum, sem eru á foræði fjármálaráðuneytisins, er kona. Níu karlar eiga sæti í nefndunum tveimur.

Þetta virðist ganga beint gegn ákvæði jafnréttis laga. Þar segir að í nefndum, ráðum og stjórnunum á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli,

þar sem því verði við komið, sitja sem næst jafnmargar konur og karlar. Í samninganefnd vegna Icesave-skuldbindinga, sem Svavar Gestsson sendiherra stýrir, situr ein kona og fimm karlar. Í samninganefnd vegna lána vinnuþjófnaðar, sem Jón Sigurðsson stýrir, sitja fjórir karlar en engin kona. Ýmsir skipa í nefndirnar, til dæmis forsætisráðuneyti, fjármálaráðuneyti, viðskiptaráðuneyti og Seðlabankinn.

KING KOIL

25%
AFSLÁTTUR!

HEILSURÚM

COMFORT
solutions®

By King Koil®

Sökum efnahagsástandsins hefur Mark Kolovson, eigandi King Koil verksmiðjunnar ákveðið að bjóða Íslendingum **25% AFSLÁTT** af öllum King Koil rúmum. Með þessu vill hann þakka fyrir þá tryggð og þau viðskipti sem Íslendingar hafa átt við hann í gegnum árin. Um er að ræða takmarkað magn.

Komdu og fáðu þér gæða rúm á góðum afslætti.

CASTAWAY

- 7 svæðaskipt svefnsvæði
- 5 svæðaskipt gormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Stuðningur við bak og önnur viðkvæm svæði líkamans
- Tívhert sérvallid stál í gormakerfi
- Hreyfing milli svefnsvæða aldrei minni
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa

CASTAWAY
Queen size (153x203)
Verð 220.000 kr.

KK-TILBOÐ
165.000 kr.
= 55.000 kr.
AFSLÁTTUR!



ADVENTURE

- 7 svæðaskipt svefnsvæði
- 5 svæðaskipt gormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Svefnsvæði er úr þrýstijöfnunar-svampi og latexi sem skorid er með leysi (laser).
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Stuðningur við bak og önnur viðkvæm svæði líkamans
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa

ADVENTURE
Queen size (153x203)
Verð 303.900 kr.


KK-TILBOÐ
227.925 kr.
= 75.975 kr.
AFSLÁTTUR!



AVERY

AVERY
Queen size (153x203)
Verð 155.000 kr.

KK-TILBOÐ
116.250 kr.
= 38.750 kr.
AFSLÁTTUR!




AVERY

- 5 svæðaskipt svefnsvæði
- 3 svæðaskipt gormakerfi
- 5 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Stuðningur við bak
- Tívhert sérvallid stál í gormum
- Styrktir kantar
- Þarf ekki að snúa

AMERÍSKAR HEILSUDÝNUR Í HÆSTA GÆDAFLOKKI.

King Koil hefur framleitt hágæða rúm í Bandaríkjunum síðan árið 1898 og framleiðir í dag einu dýnnar sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóða rannsóknar-samtök kiropraktora) og Good housekeeping (stærstu neytendasamtök í Bandaríkjunum).



SVÆÐASKIPTUR STÍFLEIKI

Öll heilsurúm frá King Koil eru með 3 til 7 svæðaskiptum stífleika, bæði í gormakerfi og bólstrun, til að veita fullkomna þrýstijöfnun og réttan stuðning við axlir og mjóbak.

rekkjan

H E I L S U R Ú M



NÚNA
50%
MADDIE
SÓFASETT 3+2

4

MADDIE SÓFASETT 3+2. 3 sæta B:220 D:94 H:87 cm.
2 sæta B:160 D:94 H:87 cm. Ljóst áklæði.

SÓFASETT
3+2
169.980
VERÐ ÁÐUR: 344.960

DAGAS



NÚNA
40%
AFSLÁTTUR

2 SÆTA
119.980
VERÐ ÁÐUR: 199.980

MIAMI 2 sæta sófi B:160 D:90 H:43/73 cm. Svart leður.

3 SÆTA
149.980
VERÐ ÁÐUR: 249.980

MIAMI 3 sæta sófi. B:207 D:90 H:43/73 cm. Svart leður.



NÚNA
30%
AFSLÁTTUR

TUNGUSÓFI
159.980
VERÐ ÁÐUR: 229.980

OREGON tungusófi B:243 D:150 H:82 cm. Svart leður á slitflötum.



NÚNA
40%
AFSLÁTTUR

SÓFASETT
3+2
299.960
VERÐ ÁÐUR: 499.960

DEMING sófasett 3+2. 3 sæta B:222 D:102 H:100 cm. 2 sæta B:169 D:102 H:100 cm.



NÚNA
40%
AFSLÁTTUR

HORNSÓFI
159.980
VERÐ ÁÐUR: 279.980

DENVER hornsófi B:252 L:252 H:90 CM. Áklæði mara beige.

NÚNA
50%
PRADO
3 SÆTA SÓFI



PRADO 3 sæta sófi B:230 D:95 H:68 cm. Svart leður.

139.990

VERÐ ÁÐUR: 279.980

ÓFAVEISIA

20%-50%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SÓFUM
25.-28. FEBRÚAR



NÚNA
40%
AFSLÁTTUR

SÓFASETT
3+2

199.980

VERÐ ÁÐUR: 339.960

LARAMIE sófasett 3+2. 3 sæta B:220 D:95 H:95 cm. 2 sæta sófi B:170 D:95 H:95 cm. Microfiber áklæði.



NÚNA
40%
AFSLÁTTUR

2 SÆTA

89.980

VERÐ ÁÐUR: 159.980

LAZY 2 sæta sófi B:170 D:103 H:75 cm.

3 SÆTA

109.980

VERÐ ÁÐUR: 189.980

LAZY 3 sæta sófi. B:217 D:103 H:75 cm.

Látalæti Framsóknarflokksins:

Gamla lagið

PORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Nýr formaður Framsóknarflokksins tók ákvörðun um að búa til þriggja daga tafacerli með stjórnanarandstöðunni í umfjöllun viðskiptanefndar Alþingis um Seðlabankafrumvarpið. Þessi atburður varpar skýru ljósi á tvennt: Breytta taflstöðu Framsóknarflokksins og ráðherraræðið sem herðir nú tókin á Alþingi.

Viðbrögð forsætisráðherra við þessari leikfléttu eru athyglisverð með hliðsjón af umræðunni um stöðu Alþingis. Fátítt er, ef ekki dæmalaust, að forsætisráðherra banni forseta Alþingis að halda áfram þingfundum og ráðherrar neiti að svara fyrirspurnum þingmanna vegna ágreinings milli stuðningsflokka stjórnarinnar.

Tilgangur forsætisráðherra með eins dags fundastoppi á Alþingi af þessum sökum er vafalaust sá að sýna samstarfsfloknum fram á að leikbrögð af þessu tagi hafi afleiðingar. Kenna þarf nýjum formanni Framsóknarflokksins lexíuna. Slík beiting ráðherra-ræðis gengur hins vegar þvert gegn þeim sterka straumi sem nú fellur fram til að styrkja stöðu Alþingis gagnvart framkvæmda-valdinu.

Ugglaust kemur ýmsum í opna skjöldu að forsætisráðherra skuli sýnda gegn þeim straumi þegar á reynir. Hætt er við að stjórnkerfisbreytingar komi að litlu haldi þegar ráðherraræðið er svo inngróið í eðli þeirra sem fara með valdið. Hugarfarsbreytingin skiptir í raun meira máli. Þingfundastopp forsætisráðherra bendir hins vegar til að sú breyting hafi ekki átt sér stað.

Látalæti Framsóknarflokksins eru ekki stór í sniðum. Þau sýna hins vegar að ný forysta er á góðri leið með að staðsetja Framsóknarflokkinn í litrófi stjórnmalanna þar sem hann var fyrir tíma Halldórs Ásgrímssonar.

Áður fyrr starfaði Framsóknarflokkurinn ýmist til hægri eða vinstri og var að meðaltali á miðjunni. Halldór Ásgrímsson gerði flokkinn hins vegar að staðföstum málefnalegum miðjuflokki. Guðni Ágústsson vann að því að koma honum aftur í gamla farið en vannst ekki tími til að ná því fram. Nýju forystunni er hins vegar að takast þetta á undraskömmum tíma.

Engin hætta er á að íhugun Framsóknarflokksins í viðskiptanefnd leiði til kröfu um frekari breytingar á frumvarpinu. Þegar skýrslan til Evrópubankans birtist verður þykkt hennar mæld. Niðurstaðan verður síðan sú að skýrslan sé of stór og flókin til að gefa megí henni frekari gaum að þessu sinni.

Framsóknarflokkurinn er ekki á förum yfir til hægri. Hann er með látalátum eins og þessum aðeins að minna samstarfsflokkan á að samstarfið kostar. Það verður ekki fyrr en stjórnin lendir í alvöru pólitískum mótvindi að Framsóknarflokkurinn fer að snúa sér frá vinstri til hægri. Það eru að minnsta kosti eitt til tvö ár í þær aðstæður.

Meðferð nýju flokksforystunnar á Evrópustefnunni sem flokksþingið samþykkti í janúar er annað og miklu stærra dæmi um að gamli Framsóknarflokkurinn er kominn aftur. Flokkurinn er í þeirri aðstöðu að geta sett þá stefnu sem skilyrði fyrir stjórnarþátttöku og náð henni fram. Það gerir hann hins vegar ekki.

Í stað þess lýsir nýja forystan því yfir eins og forysta Samfylkingarinnar að Evrópumálin verði ekki tekin á dagskrá fyrr en forystumenn VG leyfi. Trúfesta við samþykktu stefnu hefði verið framlenging á Framsóknarflokki Halldórs Ásgrímssonar. Það lag hentar ekki eins og sakir standa.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 miðlar eht

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal jk@frettabladid.is og Þorsteinn Pálsson thorsteinn@frettabladid.is ADSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Íssn 1670-3671

Febrúartilboð
til elli- og örorkulífeyrisþega

15% viðbótarafsláttur
á hluta sjúklings af verði lyfseðilsskyldra lyfja í Apótekiinu Skeifunni

Apótekið í
Hagkaupshúsinu
Skeifunni!

Apótekið
lægra verð

FRÁ DEGI TIL DAGS

Bolla, sprenjja, aska

David Oddsson seðlabankastjóri var gestur Kastljóss í gærkvöldi. Fyrirfram var búist við miklum hveli og ekki loku fyrir það skotið að það muni lifa í manna minnum undir nafngiftinni sprengidagsmálið, með vísan í bolludagsmálið svokallaða, þar sem Davíð, sem þá var forsætisráðherra, fullyrti í útvarpsviðtali að Jón Ásgeir Jóhannesson hefði reynt að bera á sig fé. Það væri þá rökrétt framhald að áður en yfir lýkur muni Davíð fullkomna föstuinn-ganginn með öskudagsmálinu. Hvort hann noti þá tækifærið til að rísa upp úr öskustönni eða fari úr öskunni í eldinn verður tíminn að leiða í ljós.



Ómótstæðilegt tilboð

Ljóst er að áhyggjur manna af atgervisflótta landsins bestu sona og dætra til annarra Norðurlandabjórða eiga við rök að styðjast. Það spurðist til dæmis út í gær að norskri seðla-bankinn hafi falast eftir starfskröftum Ingimundar Friðrikssonar, fyrrverandi seðlabankastjóra. Ingimundur kveðst hafa tekið vel í erindið en ekki gefið endanlegt svar. Það er sem sé enn tími fyrir Jóhönnu Sigurðardóttur til að kynna afar hagstætt „þrið fyrir einn“ tilboð fyrir norskum stjórnvöldum.



Fjarstæðukennt

Valgerður Sverrisdóttir brást við nokkrum fullyrðingum um Framsóknarflokkinn á bloggi sínu í gær. Eina af þeim fullyrðingum sem hún nefnir hefur hún eftir lækni, sem sagði að í stjórnartíð Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hafi útrásarvikingar farið með öll völd en ekki flokkarnir. „Þetta er auðvitað fjarstæðu-kennt“, skrifar Valgerður. Gott og vel. En hvernig komst Valgerður þá að þeirri niðurstöðu að Framsóknarflokkurinn bæri ekki ábyrgð á efnahagshruninu, eins og fram kom í ræðu hennar á nýfästöðnu flokksþingi?

bergsteinn@frettabladid.is

Fastan og fjármálakreppan

Hvað segir kirkjan í kreppunni? Svo er spurt.

Kirkjan segir söguna af frelsaranum Kristi, hún kallar til samfunda við hann, hún heldur á lofti mynd hans og fordæmi og bendir á þá lækning, huggun og leiðsögn sem bæninn í hans nafni er. Í á annað hundrað starfsstöðvum um land allt eru opin hús til þeirra samfunda, þar sem prestar, djákna- og annað starfsfólk kirkjunnar er til staðar. Þar er boðið til kyrrðar, til uppbyggingar, til samtals og sálgaeslu, leiðsagnar í vanda. Þjónar kirkjunnar eru víða um land í samstarfi við opinbera aðila og frjáls félagasamtök um margvíslegar aðgerðir til liðsinnis í vanda einstaklinga og samfélags. Benda má á yfirlit á vef þjóðkirkjunnar, kirkjan.is, þar sem er að finna upplýsingar um margt af því starfi sem í boði er. Á trúmálavefnum, trú.is, má líka finna prédikanir og pistla þar sem kennimenn kirkjunnar tala með skýrum hætti inn í aðstæðurnar. Eins má minna á Hjalparstarf kirkjunnar, Samhjálp og ómetanlegt starf og þjónustu ýmissa kirkna og trúfélaga.

Ög nú lifir kirkjan það tímabil trúariðkunar kirkjuársins sem er fastan. Fastan er tími þegar við erum hvött til þess að endurmeta líf okkar og forgangsröðun. Sjaldan hefur boðskapur hennar verið eins áleitinn og nú. Fjármálakreppan knýr okkur öll til endurmats, róttækara en við höfum áður þekkt.

Kreppan er tækifæri, er oft sagt. Vissulega knýr kreppan okkur öll til endurmats á svo mörgum sviðum. Orðið krísa er gríska og merkir kreppa, en líka dómur, endurmat. Orðið krítik, gagnrýni, er af sömu rót runnið. Í samtali sínu við ráðherrann, Nikódemus, segir Jesús: „Þessi er dómurinn (krísis): Ljósíð er komið í heiminn en menn elskuðu myr-



KARL SIGURBJÖRNSSON
Í DAG | Fastan

kríð fremur en ljósíð því að verk þeirra voru vond.“ (Jóh. 3. 19)

Kreppan er dómur og endurmat. Nýju ljósi er varpað yfir og leiðir fram það sem áður duldist og sýnir hvað það er sem stenst. Hvað kemur fjármálakreppan trúnni við? Jú, fjármálakreppan er trúarkreppa, eða traustskreppa. Musteri Mammons sem við höfum leitað við að festa traust okkar á, efnalega farsæld og velferð, var prófað í eldi sannleikans, heiðarleika og heilinda og reyndist vera spilaborg á hálmleggjum. Þegar dagur reikningskilanna rennur upp – og það kemur alltaf að reikningsskilum – þá blása vindar sannleikans spilaborgunum um koll, einni af annarri. Græðgin, áhættufeknin, hjarðhegðunin, falsíð og blekkingarnar sem einkenndu fjármálalífið og settu mark sitt á menningu og samfélag allt, er æ meir að koma í ljós. Svo er að sjá sem síðferði heilinda og heiðarleika hafi verið tekið úr sambandi. Það flæktist fyrir frelsi, hugviti og framsækni hinna snjöllu, sem reyndist vera helvegur og feigðarflan. Margir sitja eftir í mikilli neyð af þess völdum.

Mörgum verður nú ljóst að þessi brjálsemi sem við upplifðum undanfarin ár, þegar menn auðguðust ógurlega á skammri stundu, og ofurspennan á öllum sviðum, var mannskemmandi og lífseyðandi. Nú kalla margir eftir afturhvarfi

til hinna gömlu dyggða. Hverjar eru þær? Fastan er tækifæri til að íhuga það og leggja mat á. Fasta er að láta eitthvað móti sér, endurmeta þarfir sínar, að beina athyglinni að því einfalda og látlausa, hófsemi og hógværd og leitast við að láta gott af sér leiða öðrum til heilla. Sparssemi og hófsemi eru kennimörk föstunnar, hjálpssemi og góðvild.

Fasta þekkist í öllum trúarbrögðum um allan heim. Og samtíminn þekkir föstu í tengslum við heilsuáttök til líkamlegrar og andlegrar heilsuþótur. Fasta hefur djúpa andlega merkingu og ómetanlegt gildi. Í kristnum sið tengist fastan umfram allt íhugun píslarsögu frelsarans, sem tók á sig synd og mein manns og heims. Afstaða hans til föstunnar kemur víða fram og er í samhljómi við áherslur spámannna Gamla testamentisins, eins og Jesaja segir: „...sú fasta sem mér líkar er að leysa fjötra rangsleitninnar, láta rakna bönd oknings, gefa frjálsa hina hrjáðu og sundurbrjóta sérhvert ok, það er, að þú miðlir hinum hungurðu af brauði þínu, hýsir bágstadda, hælislause menn og ef þú sérð klæðlausan mann, að þú klæðir hann og firrist ekki þann sem er hold þitt og blóð.“ (Jes. 58.6)

Sannarlega tala þessi orð skýrt til okkar á Íslandi í dag.

Og fastan lyftir fram tákni krossins og upprisunnar. Guð sneri illu til góðs, ósigri og hrúni til sigurs, lífs og vonar fyrir alla menn, lífið allt.

Það skín ljós í myrkri kreppu og hrúns. Það ljós er Jesús Kristur og fagnaðarerindi hans. Orð krossins, birta upprisunnar, verk miskunnsemi, fyrirgefningar, kærleikans á vettvangi daganna. Láttu það ljós og anda leiða og lýsa þér.

Höfundur er biskup Íslands.

Opinber afskipti en ekki pólitísk

UMRÆÐAN

Árni Páll Árnason skrifar um ríkisafskipti

Undanfarið hefur verið nokkur umræða um þær tillögur nefndar ríkisstjórnarinnar, sem Mats Josefsson veitir forstöðu, að styrkja þurfi eigendahlutverk ríkisins gagnvart nýjum ríkisbönkum og taka með skipulegri hætti á erfiðum skuldamálum en hingað til hefur verið gert.

Vart hefur orðið ótta um að í þeirri leið felist aukin hætta á pólitískum afskiptum og afturhvarf til þess pólitíska skömmunarkerfis sem við bjuggum við áratugum saman. Fátt er fjær sannni.

Ríkið er nú eigandi þriggja stærstu banka landsins. Verulegs frumkvæðis er þörf af hálfu ríkisins til að koma efnahagslífinu aftur á kjöl. Við þær aðstæður er val um tvennt: Að fulltrúar ríkisins í hverjum banka um sig taki ákvarðanir eða að þær séu teknar á einum stað með samræmdum hætti. Augljóst er hvort fyrirkomulagið veldur meiri hættu á ógagnsæi, spillingu og því að tekið sé með ósambærilegum hætti á sambærilegum málum.

Stefnumörkun Josefsón-nefndarinnar tryggir að einni aðili sinni úrvinnslu stærstu og flókn-



ÁRNI PÁLL
ÁRNASON

ustu skuldamála bankanna þar sem hægt er að koma við endurfjármögnun og endurskipulagningu í rekstri. Ætlunin er að eignaumsýslufyrirtækið starfi á grundvelli almennra leikreglna og sú staðreynd mun auðvelda að halda viðskiptamálafnum í hæfilegri fjarlægð frá pólitískri hagsmunagæslu.

Enginn vill afturhvarf til pólitískrar íhlutunar í viðskiptaákvarðanir banka. En almenningur á rétt á að tekið sé á sambærilegum málum með sambærilegum

um aðferðum og að tryggt sé að hagsmunir ríkisins séu varðir með almennum leikreglum, frekar en að tilviljun ráði ákvörðunum og þær séu allar vafðar í þöku ógagnsæis og efasemda vegna flókinnar vináttu- og eignatengsla.

Afskiptaleysi ríkisvaldsins af fjármálamarkaði og stefnuleysi hins opinbera í uppbyggingu fjármálamarkaða á stóran þátt í því hrúni sem orðið hefur. Það er tímabært að við tileinkum okkur virk, fagleg og gagnsæ ríkisafskipti af þeirri gerð sem stutt hafa við efnahagslega velferð í nágrannalöndum okkar um áratugi.

Höfundur er þingmaður Samfylkingarinnar.





MICHELSEN

URSMÍÐIR SÍÐAN 1909

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík - 511 1900 - www.sviss.is

Ósáttir stofnendur Enex

Vilja ekkert skúffufyrirtæki



2

Verðmat gömlu bankanna

Eignastaðan næsta marklaus



4-5

Jeffrey D. Sachs

Alþjóðlegt efnahagsátak



6



SENDIRÁÐ NORDURLANDA Í BERLÍN

Þýskir kröfuhafar hafa sumir á orði að með töfum vilji þýsk yfirvöld kenna þeim lexíu fyrir að hafa ekki valið þýskan banka.

Vilja borga í Þýskalandi

Skilanefnd Kaupþings hefur skrifað þýskum stjórnvöldum bréf og farið fram á að fá að gera strax upp við eigendur EDGE-innláns-reikninga. Ólafur Garðarsson, aðstoðarmaður bankans á greiðslu-stöðvunartímabilinu, segir búið að gera upp innlán í öðrum löndum.

Ferlið ytra segir Ólafur allt hafa verið hið þunglamalegasta þótt skilanefndin væri öll af vilja gerð. „Við getum greitt 80 prósent í gegnum útibú Kaupþings í Þýskalandi þar sem við erum með starfsfólk og buðum þýska fjármálaeftirlitinu að mæta með sitt fólk og hafa umsjón með ferlinu,“ segir hann. 20 prósentin sem upp á vantar, 55 milljónir evra, eru fryst á reikningi í DZ Bank í Þýskalandi. „Ef henni yrði aflétt, eins og við teljum að eigi að gera, gætum við greitt allt strax.“

Þá segir Ólafur liggja fyrir allar staðfestingar frá stjórnvöldum hér um að greiðslur geti átt sér stað. Bréfið var sent eftir að þýska fjármálaeftirlitið stakk upp á ráðstefnuhaldi til að ræða lausn málsins. „Við preytumst á að fá skammir fyrir aðgerðir eða aðgerðaleyzi annarra,“ segir hann. Þýskir innlánseigendur hafa mikið samband við skilanefndina.

Ólafur segir formleg viðbrögð ekki enn hafa borist, en bréfið var sent 19. þessa mánaðar.

- óka

HELST Í ÚTLÖNDUM

Skattasvikarar

UBS-bankinn í Sviss hefur samþykkt að greiða bandarískum stjórnvöldum um 780 milljónir dollara, jafnvirði um 90 milljarða króna, í bætur fyrir að hjálpa bandarískum fjármagnseigendum að svíkja undan skatti í skjóli bankaleyndar.



Innrás í Bandaríkin

Breski milljarðamæringurinn Sir Philip Green hefur svipt hulunni af opnun Topshop í New York. Topshop-keðjan er flaggskip auðjófursins en hann ætlar að opna fimmtán slíkar verslanir í Bandaríkjunum á næstunni.

Nýtt líf

Breski bankinn North ern Rock, sem þjóðnýttur var fyrir ári, hefur gengið í endurnýjun lífdaga en stefnt er að því að hann hefji fljótlega aftur að veita viðskiptavinum sínum fasteignalán.

Lækkuð laun

Richard Pym, stjórnarformaður breska bankans Bradford & Bingley, hefur strikað út bónuskerfi sitt. Laun hans lækka því um tæpan helming auk þess sem uppsagnarfrestur hans fer úr tveimur árum í einn dag.

Hærra gullverð

Verð á gulli fór yfir þúsund dali á unsu í síðustu viku. Gullverðið lækkaði talsvert í byrjun árs en hefur snúið til baka eftir því sem hlutabréfaverð hefur lækkað.

Horfir í djúpa lægð

Seðlabankastjóri Bandaríkjanna óttast djúpa kreppu fram á næsta ár. Doktor Dómsdagur mælir með sænsku leiðinni.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson

skrifar

Alvarlegur efnahagssamdráttur er í Bandaríkjunum og mun bandaríski seðlabankinn leita allra mögulegra leiða til að spyrna við því að þrengingarnar verði langvinnar.

Þetta sagði Ben Bernanke, seðlabankastjóri Bandaríkjanna, fyrir fjármálanefnd bandaríska öldunga-deildarþingsins í gær. Hann taldi sýnt að mesti sársaukinn verði tekinn út á fyrri hluta ársins. Efnahagslífið lagi sig að breyttum aðstæðum þegar líði á seinni hluta árs og megi vænta betri tíðar á nýju ári. Þó megi ekki útiloka að áhrifa kreppunnar nú muni gæta á næsta ári takist ekki að koma á stöðugleika á fjármálamörkuðum.

Bandarísk stjórnvöld hafa gert flest sem í valdi þeirra stendur til að draga úr áhrifum kreppunnar, sem á að stórum hluta ættir að rekja til hruns á fasteignalánamarkaði vestan hafs.

Hrunið, sem hefur nú staðið yfir frá um miðju ári 2007, hefur komið harkalega niður á helstu hlutabréfamörkuðum. Verulegur skellur var á hlutabréfa-

mörkuðum víða um heim í vikunni og fóru helstu hlutabréfavísitölur vestra neðar en eftir netbóluna og hryðjuverkaárásirnar á Bandaríkin 11. september 2001. Þá fóru bæði gamla og nýja Úrvalsvísitölurnar í lægstu gildi í íslenskri Kauphallarsögu í gær.

Ein aðgerða nýrrar ríkisstjórnar Baracks Obama, forseta landsins, eru kaup á hlutafé banka og fjármálafyrirtækja. Í vikunni sagði Timothy Geithner, fjármálaráðherra landsins, viðræður hafnar við bandaríska bankann Citigroup og tryggingarisann AIG, sem búist er við að þurfi frekara fjármagn eigi fyrirtækin að standa í lappirnar. Þetta er í takti við ráðleggingar hagfræðiprófessorsins Nouriel Roubinis, sem sagði reyndar í samtali við CNBC-sjónvarpsfréttastöðina í gær, vanda stjórnvalda gríðarlegan þar sem fjármálafyrirtæki sem séu í vanda stödd bæði orðin of stór og of mikilvæg til að fara á hliðina á sama tíma og björgun þeirra geti orðið ærið kostnaðarsöm. Ráðlagði hann bandarískum stjórnvöldum að fara svipaða leið og Svíar í bankakreppunni við upphaf tíunda áratugar síðustu aldar en þá var fjármagni dælt inn í lífvænleg fyrirtæki sem glímdu við tímabundna erfiðleika á meðan þau sem voru verr stödd fóru í þrot.

Vísbendingar um hagkerfið í rusli

Losun á sorpi fyrirtækja dróst verulega saman í janúar. Framkvæmdastjóri Sorpu sá fyrir framtíðarsamdrátt Íslands í úrganginum seint í fyrrasumar.

„Ruslið er mælikvarði á gang efnahagslífsins,“ segir Björn Halldórsson, framkvæmdastjóri Sorpu. Losun úrgangs hefur dregist samfelt saman frá því efnahagslífið fór á hliðina hér í október í fyrra. Verulega dró úr sorplosun frá fyrirtækjum í janúar, eða um fjörutíu prósent. Heimilin hentu allt að fimmtán prósentum minna í byrjun árs en í fyrra.

Hagnaður Sorpu nam 4,2 milljónum króna í fyrra samanborið við 161 milljón króna í hittiðfyrra. Rekstrartekjur námu rétt rúmum tveimur milljörðum króna sem er 2,1 prósentu hækkun á milli ára. Á móti jukust rekstrargjöld um sex prósent en þau námu 1,8 milljörðum.

Björn sagði í samtali við Markaðinn í enda ágúst í fyrra nokkuð hafa dregið úr losun úrgangs frá fyrirtækjum á fyrstu sjö mánuðum ársins. Sérstaklega væri að draga úr sorplosun fyrirtækja í bygginga- og iðnaðargeiranum. Blikur væri á lofti enda sorplosun vísbending um hvert stefni í hagkerfinu.

Spáin gekk eftir og gott betur. Björn segir nú samdrátt í sorplosun fyrirtækja merki um að atvinnulífið sé botnfrosið. Á sama tíma hafi losun á sorpi frá heimilum dregist saman um tíu til fimmtán prósent. Það sé eðlilegt því umfang dagblaða hafi minnkað og því fari minna í tunnuna hjá þeim sem ekki flokka ruslið.

Björn segir erfitt að greina hvert stefni í efnahagsmálum út frá sorplosun í dag. Ekki hafi verið rýnt í ruslið og það greint eftir efnisflokkum. Þó megi reikna með að fólk hendi færri raftækjum á næstunni. „Þetta fer þó allt eftir því hvernig atvinnulífið þróast,“ segir hann.

- jab

TOM FORD

CUTLER AND GRO

ROBERT LA ROCHE

PRADA



FRÍAR SJÓNMAELINGAR TIL PÁSKA

Pantaðu tíma:

SMÁRALIND 528 8500

KEFLAVÍK 421 3811

ROBERTO CAVALLI

TOM FORD

RALPH LAUREN

JUST CAVALLI

BELLINGER



Optical Studio

SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

GENGISPRÓUN		
	Vika	Frá áramótum
Alfesca	-14,5%	-22,6%
Bakkavör	-6,6%	-26,1%
Eimskipafélagið	-10,0%	-28,0%
Icelandair	-4,3%	-3,6%
Marel	0,9%	-35,8%
SPRON	0,0%	0,0%
Straumur	-40,4%	-21,5%
Össur	0,5%	-5,7%

*Miðað við lokagengi í Kauphöll í gær.
Úrvalsvisitalan OMXI15 275
Úrvalsvisitalan OMXI6 799

Gjaldþrota fyrirtækjum fjölgar

Rúmlega 70 prósent fleiri fyrirtæki gjaldþrota í janúar en í janúar í fyrra.

Í janúar 2009 voru 70 fyrirtæki tekin til gjaldþrotaskipta samanborið við 41 fyrirtæki á sama tíma í fyrra. Aukningin nemur tæplega 71 prósent, að því er fram kemur í tölum Hagstofu Íslands.

„Líkt og verið hefur síðustu mánuði voru gjaldþrotin flest í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð en fjármálakreppan hefur komið afar illa niður á þeirri starfsemi. Bæði hefur dregið umtalsvert úr fjárfestingum og einnig var talsvert um að fyrirtæki í þessari grein væru með skuldir í erlendri mynt á móti eign í



Í GARDABÆ Fyrirtæki í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð eru mörg með erlendar skuldir á móti hálfkláruðu húsnæði sem fallið hefur í verði.

MARKAÐURINN/GVA

kláruðu eða hálfkláruðu húsnæði sem selst illa og hefur misst talsvert af markaðsvirði sínu,“ segir

í umfjöllun Greiningar Glitnis. Í þessum geira urðu 18 fyrirtæki gjaldþrota í mánuðinum, en næstflest urðu gjaldþrotin í heild- og smásöluverslun og viðgerðum á vélknúnum ökutækjum.

„Gera má ráð fyrir að gjaldþrotum fyrirtækja haldi áfram að fjölga á þessu ári samhliða því sem mikill samdráttur er fram undan í hagkerfinu og eftirspurn og fjárfestingar dragast saman hröðum skrefum. Þá er aðgengi að fjármagni með versta móti og vextir háir,“ segir í umfjöllun Glitnis.

- óká

Skertur réttur

Ætla má að stjórnendur og starfsfólk Straums sem virkjaði kaupréttarsaminga sína hafi á einni viku tapað 12,6 prósentum af kaupunum.

Heildarverðmæti samningsins hafa að sama skapi rýrnað um 136 milljónir króna.

Gengi hlutabréfa í bankanum hafði rokið upp um rúm 100 prósent á mánuði áður en tilkynnt var um kaupréttarsamningana fyrir viku á viðmiðunargenginu 1,67 krónur á hlut. Þá stóð gengið í 2,53 krónum. Það hefur fallið um 42 prósent síðan þá, þar af um 19,3 prósent í gær þegar það endaði í 1,46 krónum á hlut. - jab



DREKASVÆÐIÐ Svo gæti farið að rannsóknarleyfum vegna olíuleitar á Drekasvæðinu verði að lokum úthlutað næsta haust.

MYND/ÚR SAFNI

Sex lönd sýna leit á Drekasvæðinu áhuga

Olíuleit gæti tekið áratugi. Líkist lottóspilun.

Rúmur tugur félaga frá sex löndum hefur skoðað gögn Orkustofnunar um olíuleit á Drekasvæðinu, svo vitað sé. Einnig er hægt að nálgast flest gögnin á heimasíðu stofnunarinnar.

Kristinn Einarsson hjá Orkustofnun vill ekki gefa upp frá hvaða löndum fyrirtækin eru, en staðfestir að Norðmenn séu þar á meðal. „Já, þeir sýna þessu áhuga og félagar okkar hjá Norsku olíustofnuninni fylgjast með fyrir hönd norskra stjórnvalda. Þau hafa rétt á að ganga inn í með um 25 prósent hlut, fari svo að við úthlutum leyfum,“ segir hann.

Nýverið greindi tímaritið Oil & Gas Journal frá auknum vísibendingum um olíu á Drekasvæðinu þar sem flekkir í jarðlögum væru taldir líklegir til að hafa að geyma olíu. Félög þurfa að skila tilboðum í rannsóknarleyfi fyrir 15. maí. Þeim verður svo úthlutað undir haust.

Þá gæti þurft að bíða lengi eftir því að olía finnist. Sævar Þór Jónsson lögfræðingur hefur kynnt sér tekjumöguleika af olíuvinnslu og skoðað hvernig staðið er að leit, vinnslu og skattlagningu í Færeyjum og Kanada. Hann segir



KRISTINN EINARSSON

ekki hlaupið að því að finna nægilega arðbæra og nýtanlega olíulind og líkur leitinni við lottó, oft þurfi að spila áður en vinningur fæst. „Töluverður tími og fjármunir fara í leit áður en vinnslustigi er náð,“ segir hann.

Þannig hafa Grænlandingar leitað að olíu í þrjátíu ár og ekki fundið vinnanlegt magn. Í Norðursjó hafa 3.500 tilraunaholur verið boraðar á síðustu áratugum og hafa 200 gefið vinnanlega olíu. Kanadamenn hafa borað 132 tilraunaholur og vinna nú olíu á Hibernia, Terra Nova og White Rose. Á fimmtán ára tímabili, frá 1990 til 2005, fannst engin nýtanleg olía.

„Sumir sérfræðingar telja að olíumagnnið á Drekasvæðinu sé álíka og í Norðursjó. Sé það rétt er ljóst að gríðarleg verðmæti er þar að finna,“ segir Sævar og finnst því ekki mikið að setja nokkur hundruð milljónir í uppbyggingu á Norðurlandi.

- kóp/ghs/óká

Ósáttir við að Enex verði skúffufyrirtæki

Stofnendur Enex eru óánægðir með að félaginu verði skipt upp og felld inn í Geysi Green Energy. Stjórnarformaðurinn segir að litlir hluthafar sæti innlausn vilji þeir ekki selja.

Guðrún Helga Sigurðardóttir skrifar

Óánægja er meðal stofnenda og smærri hluthafa Enex með ákvörðun Geysis Green Energy (GGE) og Reykjavík Energy Invest (REI) um að skipta upp Enex þannig að REI fái hlut Enex í bandaríska fyrirtækinu Iceland America Energy og GGE fái Enex. Ásgeir Margeirsson, stjórnarformaður Enex, segir að með þessu eignist GGE yfir 90 prósent í Enex og nýti rétt sinn til innlausnar á afganginum.

Magnús Hallgrímsson, einn stofnenda Enex, er ósáttur við þróunina og hefði ekki viljað kljúfa félagið. Hann telur að REI „hirði“ Bandaríkjaverkefnið og GGE stingi Enex í skúffu og sameini GGE. Stofnendum Enex verði fleygt „út á gaddinn“.

Magnús bendir á að framkvæmdir hafi dregist saman síðustu mánuði og GGE hafi flutt Enex til Keflavíkur, eins og hann hafi komist að raun um þegar hann kom þar að tómun skrifstofum. Þá hafi síma verið lokað án þess að láta hluthafa vita.

Meirihlutaeigendur Enex hafa gert litlu hluthöfunum tilboð um að selja bréf sín á eina krónu á hlut eða



ÁSGEIR MARGEIRSSON

ganga inn í kaupin á bandaríska félaginu. Magnús segir að tilboðið hafi ekki enn borist skriflega. Hann telur að hluthafar geti líka neitað að selja og krafist þess að farið verði í verðmat, lögum samkvæmt. Hann kveðst vera með alla kostina til skoðunar.

Ásgeir Margeirsson, stjórnarformaður Enex og forstjóri GGE, segir að Enex hafi verið með fangið fullt af verkefnum fyrir milljarðatugi en ekki verið með fé til að ráðast í þau. Ekki hafi komið til greina að selja verkefnin eftir að heimskreppan hófst og þess vegna hafi þurft að finna nýja lausn.

„Hún fólst í því að skipta félaginu upp. REI eignast eignarhlut Enex í félaginu Iceland America Energy í Kaliforníu og GGE fær rúm 90 prósent í Enex,“ segir hann og telur að ekki hafi verið skynsamlegt að halda Enex sem sjálfstæðu félagi. Við blasi að stóru hluthafarnir kaupi litlu hluthafana út. Eflaust sé hægt að hafa mismunandi skoðanir á verðinu en „miðað við okkar mat á stöðu félagsins er þetta ríflegt verð fyrir þá sem selja“. Ásgeir segir litlu hluthafana ekki hafa um neitt að velja, ef þeir selji ekki verði þeir að sæta innlausn.

Starfsmaður TM Software á CeBit

Myndband sem Brian Suda, breskur hugbúnaðarráðgjafi hjá TM Software, setti á vefinn vimeo.com vakti slíka athygli aðstandenda CeBit ráðstefnunnar að honum var boðið að taka þar þátt í pallborðsumræðum um meðhöndlun persónuauðkenna. CeBIT ráðstefnan hefst í Hannover í Þýskalandi 3. mars næstkomandi, en hún er einn af árvissum stórviðburðum tækniheimsins. Brian fjallar þar um „OpenID“, en það gerir fólki kleift að notast bara við eitt auðkenni á Netinu, í stað þess að vera

með mörg aðgangsorð. Auk hagræðis er lausnin sögð draga úr líkum á að upplýsingum á borð við tölvupóstföng sé „stolið“ á netinu. Allnokkur vefsvæði styðja orðið OpenID, svo sem Yahoo og Sun Microsystems.

Brian hefur prófað sig áfram með lausnir sem snúa að auðkenningu fólks yfir netið og bjó fyrir um mánuði til nýstárlegt kennslumyndband á vefsíðunni vimeo.com. Í kjölfarið fékk hann boð um að taka þátt í CeBit.

- óká

NÁKVÆMIR MEÐ EINDÆMUM

Leysiprentararnir frá Konica Minolta eru dugmiklir, hagkvæmir í rekstri og prenta í frábærum gæðum. Þeir sinna daglegum prentverkefnum skrifstofunnar með stakri þrýði og ættu að vera fyrirmynd annarra á skrifstofunni – þeir leysa öll verkefni af mikilli nákvæmni.

PAGEPRO 1400W
Litur: Nei
Afköst: 16 bls./min.
Tengi: USB
Stýrikerfi: Windows

PAGEPRO 1350E
Litur: Nei
Afköst: 20 bls./min.
Tengi: USB, Parallel, Ethernet
Stýrikerfi: Windows, Dos, Mac, Linux

MAGICOLOR 2500W
Litur: Já
Afköst: 20 bls./min. í svarthvitu,
5 bls./min. í lit
Tengi: USB
Stýrikerfi: Windows

MAGICOLOR 2530DL
Litur: Já
Afköst: 20 bls./min. í svarthvitu,
5 bls./min. í lit
Tengi: USB, Ethernet
Stýrikerfi: Windows, Mac, Linux

Konica Minolta
REKSTRARVÖRUR
Alltaf til á lager

KJARAN EHF · SÍÐUMULA 12-14 · 108 REYKJAVÍK · S 510-5520 · WWW.KJARAN.IS · KJARAN@KJARAN.IS

KJARAN
TÆKNISLAÐUR

Hagfæði



Eignamat gömlu bankanna næsta marklaust

Samanburður á verðmati gömlu bankanna er óraunhæfur. Skilanefnd Kaupþings, sem var stærsti banki landsins fyrir hrúnið í fyrra, miðar eignastöðuna við nóvember í fyrra. Hinir bankarnir setja verðmiða á eignir sínar þrjú til sjö ár fram í tímann. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson skoðaði eigna- og skuldastöðu gömlu bankanna.

Pegar innlendir og erlendir kröfuhafar gamla Landsbankans gengu framhjá öryggisvörðum á leið sinni til fundar með skilanefnd bankans á Nordica hótél á föstudag og tóku við mati á eigna- og skuldastöðu gamla bankans að innritun lokinni var ákveðnum áfanga náð í uppgjöri gömlu bankanna eftir ríkisvæðingu þeirra í byrjun október í fyrra.

Skilanefnd Landsbankans var síðust þriggja nefnda til að skila mati á eignum og skuldum gamla bankans. Þótt nefndin hafi afskrifað hlutfallslega langmest af eignum gamla bankans eftir hrúnið í fyrra og hrakfara á erlendum vettvangi og sett verulegar byrðar á herðar íslenskra skattborgara reyndust eignir bankans burðugri en spáð hafði verið.


Eignir Landsbankans, samkvæmt áætluðu mati skilanefndar, nema 1.195 milljörðum króna, að viðbætti skuldajöfnun og innálögðu skuldabréfi Nýja Landsbankans. Þetta er um fimmtungi meira en búist var við. Á móti nema skuldir 3.348 milljörðum króna. Þar af eru 1.338 milljarðar króna forgangskröfur, sem eru skuldbindingar vegna Icesa-

ve-reikninga bankans. Munurinn nemur 144 milljörðum króna. Skilanefndin reiknar með að þegar Tryggingasjóður innstæðueigenda í Bretlandi og Hollandi hafi greitt það sem honum beri standi eftir 72 milljarðar króna, sem falla á íslenska skattgreiðendur.

Þetta er umtalsvert betri staða en búist var við eftir hrun bankanna í október en svartsýnustu spámenn töldu allt að 600 milljarða króna geta lagst á herðar ríkisins vegna reikninganna. Fjármálaráðuneytið var öllu raunsærra í spá sinni og gerði ráð fyrir að 150 milljarðar króna féllu á ríkissjóð vegna innlánsábyrgða í enda síðasta mánaðar.

Ekki er búist við eftirmálum vegna Edge-reikninga Kaupþings í Evrópu og Save&Save-reikninga Gamla Glitnis, sem voru að slíta barnsskónum þegar ríkið tók bankann yfir í fyrrahaust en almennt falla kröfur á protabú gömlu bankanna en ekki íslenska ríkið.

Ráðuneytinu reiknaðist til í áætlun sinni fyrir mánuði að skuldir ríkissjóðs myndu vegna þessa aukast úr 8,1 milljarði króna í ársbyrjun í 563 milljarða í enda þessa vegna falls bankanna og eftirstöðva af skuldbindingum þeirra. Miðað við stöð-



una eins og hún er lögð fram í uppgjörum skilanefnda á gömlu bönkunum má ætla að skuldir lækki í 485 milljarða króna, eða um þriðjung af áætlaðri landsframleiðslu. Þetta er sömuleiðis álíka upphæð og Tryggvi Þór Herbertsson, fyrrverandi efnahagsráðgjafi ríkisstjórnarinnar, taldi líkur á að féllu á ríkið vegna þessa fyrir nokkru.

FYRSTU SKREF

Eigna- og skuldamat skilanefnda bankanna eru fyrstu skref að uppgjöri gömlu bankanna eftir ríkisvæðingu þeirra. Þrátt fyrir að tölurnar hafi verið negldar niður

og upplýsingarnar kynntar kröfuhöfum gætir talsverðar óvissu um stöðuna.

Endanlegt mat á nýju bönkunum hefur dregist og mun að líkindum ekki liggja fyrir fyrr en um miðjan apríl. Tvö fyrirtæki sjá um lokamatið. Matsfyrirtækið Deloitte skilar mati sínu í enda mars en alþjóðlega fjármálaráðgjafar fyrirtækið Oliver Wyman, sem sér um mat á bönkunum þremur fyrir hönd Fjármálaeftirlitsins, skilar sínu um miðjan næsta mánuð.

Þegar matið liggur fyrir verður ljóst hversu háar upphæðir innlendra eigna fara aftur yfir í

gömlu bankana. Bankarnir munu svo á móti gefa út skuldabréf til þeirra gömlu í skiptum fyrir eignir. Skuldabréfin hafa þegar verið færð til bókar sem eign í verðmati nýju bankanna og gefa því kröfuhöfum nokkuð skakka mynd af stöðu þeirra.

MARKLAUST VERÐMAT

Verðmat skilanefndanna þriggja á eigna- og skuldastöðu gömlu bankanna er mismunandi enda ekki tekið fram í lögum um gjaldþrotaskipti hvaða forsendur eða aðferðafræði fyrirtækjum í greiðslustöðvun beri að nota.

Þannig er óvíst hvort útreikn-

FJÁRFESTAR.

Hvernig væri að fjárfesta í fyrirtæki sem á mikla stækkunar möguleika fyrir hendi, en er fjárvana.

Hefur alltaf verið fjárvana sem hefur hráð stækkun að sjálfsgöðu, en er þó búin að ná töluvert langt í sinni grein.

Er með óhemju mörg góð umboð í sinni grein og getur aukið sölu um 100-200% á stuttum tíma með því að fjármagn komi inn.

Fjármagn mundi vera notað til að kaupa inn vörur erlendis frá, og til daglegs rekstur.

Þarf að binda töluvert fjármagn hjá viðskiftavinum, en ekki lengi. Traustir viðskiftavinir. Þetta eru vörur sem ekki fara minnkandi í sölu þó kreppa sé, frekar uppá við. Nú eru hlutabréf óhagstæð og

hvernig væri þá að líta á annað sem gæfi peninga bæði fljótt og vel. Ekki þarf neina tugi milljóna í reksturinn eins og hjá ýmsum þeim stærri, nokkrar milljónir sem koma fljótt til baka

Líka er möguleiki á að koma með annað fyrirtæki sem er í sama reksti og gera úr þessi eitt með þeim stærri í sinni grein.

Mörg umboð sem ekki er farið að taka inn ennþá, en virkileg góð og söluvæn.

Allar upplýsingar verða gefnar, ef áhugi er fyrir hendi.

Vinsamlega sendið tölvupóst á sappjap@gmail.com

Öllum verður svarað.

Ásættanlegt verðmat

„Mér sýnist verðmat bankanna líta almennt betur út en spáð var. Það er ásættanlegra,“ segir Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar Íslandsbanka, áður Glitnis. Hann telur verðmatið endurspegla að skilanefndir bankanna hafi verið raunsæjar; hvorki of bjartsýnar né of svartsýnar. Óvissa sé mjög afgerandi á alþjóðlegum fjármálamörkuðum nú um stundir.

Ingólfur leggur áherslu á að þótt von sé á lokamati á bönkunum gömlu um miðjan apríl muni markaðurinn setja sinn eigin verðmiða á þær við sölu eftir nokkur ár.

Seljast eignirnar á verði í námunda við matið sem nú liggja á borðinu megi reikna með að skuldaaukning ríkissjóðs vegna bankahrunsins verði um þriðjungur af landsframleiðslu.



INGÓLFUR BENDER Forstöðumaður Greiningar Íslandsbanka telur eignamat bankanna raunsætt í skugga óvissu á fjármálamörkuðum.

MARKAÐURINN/GVA



Þegar spurt er um hitakerfi er svarið: „Já, Danfoss er með lausnina fyrir þig“



Við höfum í áratugi verið leiðandi í framleiðslu stjórnbúnaðar fyrir hitakerfi og séð notendum um allan heim fyrir búnaði og lausnum, sem gerir líf þeirra þægilegra.

Við erum eini framleiðandinn á markaðinum sem sérhæfir sig í framleiðslu stjórnbúnaðar ásamt varmaskiptum og tengigrindum fyrir hitakerfi.

Við leggjum metnað okkar í að finna réttu lausnirnar fyrir viðskiptavinum okkar hverjar sem stærðirnar, þarfirnar eða kröfurnar kunna að vera.

eldhúsdagur

EFNI BLÁÐSINS

Miðvikudagur 25. febrúar 2009

Afl landsbyggðarinnar

Össur Skarphéðinsson:

Íslensk fyrirtæki geta ekki keppt í klostígvélum krónunnar í sprett-hlaupinu á mörkuðum heimsins., að mati iðnaðar- og utanríkisráðherra. Eina færa leiðin sé Evrópuleiðin að upptöku evru sem framtíðar gjaldmiðli. Hann telur að með aukinni fullvinnslu sjávarfangs felist nýir tekjumöguleikar fyrir landsbyggðina í fullum og tollfrjáls-um aðgangi að markaði ESB.

Umræða á villistigum

Gunnar Karlsson:

Hefði beint lýðræði forðað Íslandi frá efnahagslegum óföllum? Líklega ekki, segir Gunnar Karlsson, prófessor í sagnfræði. Fulltrúalýðræði Vesturlanda er sannarlega ófullkomið segir hann en væri ekki vænlegra ef við reyndum að tala okkur í átt til lausnar innan þess, í stað þess að hafna því fyrir eitthvað sem við vitum lítið hvert kann að leiða?

Betra Ísland

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Birkir Jón Jónsson og Eygló Harðardóttir:

Öll rök hniga að því að lækka stýri-vexti, að mati forystu Framsóknarflokksins, sem reifar nýjar tillögur flokksins í efnahagsmálum. Þau telja forsendur fyrir íbúðalánasjóð að fella niður 20 prósent skulda og vilja að erlendir kröfuhafar eignist hlut í bökkunum. Stjórnsmál verði þó að hætta að snúast um smámuni.

Eldhúsdagur er nýtt vikulegt fylgirit Fréttablaðsins sem leggur áherslu á umræðu og skoðanaskipti um stjórnmál og þjóðmál. Leitast verður við að birta vandaðar og upplýsandi greinar um ýms álitamál. Leitað verður eftir sjónarmiðum valinkunnra einstaklinga auk þess sem senda má gagnorðar greinar á netfangið greinar@frettabladid.is.

Stjórnarskrá Íslands

Hefur stjórnarskráin brugðist?

SKÚLI MAGNÚSSON
Lögfræðingur



Í einu af grundvallarritum síðari tíma lögfræði, The Province of Jurisprudence Determined (1832), taldi höfundurinn, John Austin, að stjórnlæg væru í raun réttir ekki eiginleg lög, enda væru afleiðingar brots gegn þeim aðeins pólitískar og siðferðilegar. Hvað sem segja má um kenningu Austins, varpar hún ljósi á mikilvægt einkenni stjórn-laga: Þeim verður ekki framfylgt og virðing við þau tryggð með sama (einfalda hætti) og almenn lög. Ástæðan er sú að í stjórnlægum er einmitt kveðið á um stofnun og skipan þess samfélagsvalds sem stendur að baki hvers kyns lagareglum samfélagsins og tryggir framkvæmd þeirra. Í þessu felst raunar einnig það meginviðfangsefni stjórn-laga að beisla þetta vald og koma í veg fyrir misbeitingu þess.

Hollusta við grunn-gildin

En hvað koma okkur við þælingar réttarheimspekinga um eðli stjórn-laga? Jú, greining fræðimanna á stjórn-lögum, svo og (hin tiltölulega stutta) saga ritaðra stjórnarskráa, hnígur öll að sömu niðurstöðu: Orð og texti stjórnarskráa eru til lítils ef ekki er fyrir hendi hollusta við grunn-gildi stjórnskipunarinnar, þ.e. stjórn-málasíðmenning þar sem skilningur ríkir á því að hver stofnun þarf að virða sín stjórnskipulegu mörk. Í ljósi glað-beittra yfirlýsinga undanfarið um meinbugi á íslensku stjórnarskránni og að sjálfsagt sé að huga að grundvallarbreytingum, t.d. varðandi þingræði og hlutverk forsetans, á vettvangi stjórn-lagabætur og óhjákvæmilegt að spyrja hversu hollir Íslendingar hafa verið núgildandi stjórnarskrá. Hugleiðum eftirfarandi dæmi:

Orðalag 26. gr. stjórnarskrárinnar um málskotsrétt forsetans er skýrt og í stjórn-



NÝJA ÍSLAND - HVENÆR KEMUR ÞÚ? Hálfköruð háhýsi og átök milli lögreglu og mótmælenda hafa sett svip sinn á Ísland eftir bankahrunið síðasta haust. Á þingi er boðið í nefið.



skipulegu samhengi gegnir ákvæðið þýð-ingarmiklu hlutverki við dreifingu valdsins – forsetinn er eina stofnunin sem getur grip-ið (lagalega) inn í lagasetningarferli þings-ins og þannig veitt „ráðherraræðinu“ aðhald. Sömuleiðis fer tilefni ákvæðisins ekki á milli mála (þ.e. afnám konungsveldis og stofnun lýðveldis) og tiltæk lögskýringagögn (athuga-semdir við frumvarp og umræður) styðja ótvírætt orðalagið. Allt þetta kom þó ekki í veg fyrir, þegar reyndi á ákvæðið fyrir alvöru, í svokölluðu fjölmiðlamáli árið 2004, að lá við stjórnskipulegri kreppu vegna rétt-aróvissu um raunveruleg völd forsetans. Þótt þeim, sem vildu valdreifingu og hlut forseta lýðveldisins í stjórnskipuninni sem minnst-an, hafi ekki tekist ætlunarkerfi sitt, höfðu þeir þó það upp úr krafsinu að flestir telja nú að vafi ríki um túlkun 26. gr. stjórnarskrár, skýra þurfi hlutverk forsetans að þessu leyti eða þá fella það niður. Sú rödd heyrir hins vegar hvergi að sýna mætti ákvæðinu og rökum þess hollustu, m.a. með þeim hætti að

setja almenn lög því til skýringar og framkvæmdar.

Stjórnskipuleg óvissuferð

Er það sanngjörn niðurstaða að stjórnarskráin hafi brugðist íslensku samfélagi í meginatriðum og það hljóti að vera óhjákvæmilegur þáttur í viðreisni Íslands að byrja hér upp á nýtt? Eða hefur okkur hugsanlega mistekist að sýna núgildandi stjórnarskrá nægi-lega hollustu og ræktarsemi? Hér verður því haldið fram að án skilnings og trúnaðar við grunn-gildi stjórnskipunarinnar sé hætt við að ný stjórnarskrá fögur ásýndar verði létt á metunum og þegar frá líði geti sótt í gamalt far. Yfirvegaðar breytingar á afmörkuðum atriðum stjórnarskrárinnar eru af hinu góða og það eru vissulega atriði í íslenskri stjórnskipun sem þarf að koma til betri vegar. Öðru máli gegnir um stjórnskipulega óvissuferð á umbrotatímum sem kann að lykta með því að stjórnarskránni verði í heild sinni varpað fyrir róða með ófyrirséðum afleiðingum.



Vilt þú vinna hjá skemmtilegu og líflegu fyrirtæki?

Vefdeild 365 miðla leitar að kraftmiklum .net forritara

Helstu verkefni eru:

Viðhald og þróun markvíslegra .net kerfa, ss. Vísir.is, blogcentral.is, veftv-kerfis o.fl., skjölun kerfa, samskipti við innlenda og erlenda undirverktaka/birgja vegna verkefna

Þekking/reynsla/menntun:

- háskólamenntun æskileg, verkfræði, tölvunarfræði eða samsvarandi menntun
- mikil reynsla af visual studio 2005 og 2008
- reynsla á MS SQL Server 2005 og T-SQL
- þekking á HTML/DHTML, Java Script, XML, XSLT

Viðkomandi þarf að:

Geta unnið sjálfstætt og skilað verkefnum á réttum tíma, hafa góða samskiptahæfileika og þjónustulund, hafa gott vald á íslensku og ensku, geta unnið vel undir álagi og hafa a.m.k. þriggja ára reynslu af .net forritun

Sótt er um á vef 365 miðla - www.365midlar.is.

Frekari upplýsingar veitir Ágúst Valgeirsson framkvæmdastjóri tæknisviðs 365 í síma 5125540 eða agustv@365.is





„Eldhúsdagur“

er nýtt vikulegt fylgirit Fréttablaðsins sem leggur áherslu á umræðu og skoðanaskipti um stjórnmál og þjóðmál. Leitast verður við að birta vandaðar og upplýsandi greinar um ýmis álitamál. Leitað verður eftir sjónarmiðum valinkunnra einstaklinga auk þess sem lesendur geta sent inn gagnorðar greinar á netfangið **greinar@frettabladid.is**

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband við:
Bjarna Þór Sigurðsson - sími: 512-5471
& 822-5062 - bjarnithor@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ



Verkalýðsfélagið Hlíf

Reykjavíkurvegi 64 - 220 - Hafnarfjörður
 Sími 5550944 - Fax 5654055 - Netfang: hlif@hlif.is

Félagsfundur

Fundur verður haldinn fimmtudaginn
 26. febrúar 2009, kl. 18:00 í Félagsheimili
 Hlífar Reykjavíkurvegi 64, Hafnarfirði.

Dagskrá:

1. Horfur í efnahagsmálum 2009-2011.
Ólafur Darri Andrason hagfræðingur
ASÍ fer yfir efnahagshorfunar
2. Kjaramál.
3. Önnur mál.

**FÉLAGAR MÆTUM VEL
OG STUNDVÍSLEGA**

Stjórn Hlífar

Hringdu í síma

512 5060

ef blaðið berst ekki



Evrópumál

ESB sem aflvél byggðanna

**ÖSSUR
SKARPHÉDINSSON**
 Iðnaðar- og
 utanríkisráðherra



Eins og okkar ágætu þjóð hættir til þá hefur umræðan um Evrópusambandið og hagsmuni Íslands farið út um víðan völl undanfarið og að mörgu leyti misst marks. Hún hefur til að mynda í engu beinst að þeim þáttum sem voru til umfjöllunar á merkri ráðstefnu sem Samband ísl. sveitarfélaga hélt í samvinnu við samgöngu- og iðnaðarráðuneytið í Borgarnesi á dögunum um íslensk byggðamál á krossgötum.

Úr þessu vill ríkisstjórnin bæta og hefur því skipað sérstaka nefnd undir formennsku Smára Geirssonar, sem kunnur er af sveitarstjórnarstörfum sínum, til að fara yfir byggðastefnu ESB og þá hagsmuni sem þar kunna að vera í húfi fyrir Ísland. Ástæða er til þess að vekja sérstaka athygli á því að þau ríki ESB sem við helst berum okkur saman við verja almennt stærstum hluta þess fjár sem kemur úr hinum sameiginlegu sjóðum ESB í byggðaaætlanir sínar til verkefna á sviði rannsóknar og þróunar.

Það vekur auðvitað athygli þegar kafað er ofan í þessa þætti innan Evrópusambandsins hve gríðarlegu fjármagni er veitt til uppbyggingar í hinum dreifðu byggðum aðildarríkja. Þannig er gert ráð fyrir að á tímabilinu 2007 til 2013 verji ESB úr sínum sameiginlegu sjóðum alls um 350 milljörðum evra til þessa mála-flokks auk 70 milljarða evra sem sett eru í sérstök byggðaverkefni í landbúnaðarhéruðum.

Stórt framfaraskref

Vissulega fara um 2/3 þessa fjármagns til þeirra ríkja og svæða sem lakast standa efnahagslega í A-Evrópu og á Spáni, Grikklandi og Portúgal. Eftir stendur hins vegar verulegt fjármagn til annarra svæða innan ESB sem reynst gæti Íslandi mikilvægt ef á reyndi. Nefni ég hér sem dæmi að Írar fá til ráðstöfunar 750 milljónir evra eða á annað hundrað milljarða króna á þessu tímabili og frændur okkar Finnar tvöfalt meir. Á móti þessu framlagi koma svo framlög ríkjanna sjálfra.

Við aðild Finna var sérstakt tillit tekið til þess hversu dreifbýlt landið var og fengu þeir hærri byggðastyrki fyrir vikið. Í Finnlandi búa að meðaltali 17 íbúar á hvern ferkílómetra, en einungis 3 á Íslandi og innan við 1 að meðaltali, ef hægt er að taka þannig til orða, sé litið til Íslands utan höfuðborgarsvæðisins.

Í þessu felast gríðarlega spennandi möguleikar. Við erum reynsluboltar á þessum sviðum; okkar fólk á vísinda- og rannsóknasviðinu hefur sýnt áræði og er eftirsótt í samstarfsverkefnum í áætlunum ESB. Það verður ekkert öðru vísi í byggðamálunum.

Það ber heldur ekki að undanskilja að við höfum tekið þátt í afmörkuðum verkefnum undir Norðurslóðaáætlun ESB undanfarið ár og Ísland komið þar að alls 28 aðalverkefnum. Það vekur auðvitað sérstaka athygli að þar voru lykilaðilar hér á landi af landsbyggðinni. Þessi verkefni skilja eftir sig reynslu, þekkingu og umfram allt tæki-

færi til frekari sóknar fram á við. Þetta staðfestir einfaldlega að okkur munu verða allir vegir færir innan ESB og aðild mun verða stórt framfaraskref fyrir hinar dreifðu byggðir landsins, eins og margir sem mest hafa unnið að mótun byggðastefnu í landinu hafa raunar lengi haldið fram.

Er það ekki þess virði að við höfum þetta í huga og skoðum þetta nánar þegar við metum kosti og galla þess að stíga skref í átt til aðildar að ESB? Hér er að finna slagkraft fyrir byggðirnar. Þetta gerir engin kraftaverk en ef við sækjumst eftir frekari fjölbreytni, traustari grundvelli, festu og stöðugleika sem hvatningu fyrir fyrirtæki og einstaklinga til að helga sig uppbyggingu á landsbyggðinni þá er þarna leið til að feta.

Útflutningshugsun í öndvegi

Í kjölfar krónu- og bankahruns þurfum við nú á næstu árum að einbeita okkur að útflutningshugsun og leggja af hugarfar útrásarvíkingsins. Hagfræði næstu ára er einföld:

Við þurfum að flytja meira út en inn og nota mismuninn til þess að greiða niður skuldir og efla okkar hag. Við þurfum að skapa ný störf í sjávarútvegi, iðnaði og ferðaþjónustu sem verða aflvélar atvinnulífsins á næstunni. Til þess að svo geti orðið þá verður að skapa traust á gjaldmiðlinum sem við notum og bærilegan stöðugleika í efnahagslífinu svo útflutningsfyrirtæki leggi í að fjölga starfsfólki á Íslandi. Við getum ekki látið íslensk fyrirtæki keppa í klofs-tígvélum krónunnar í sprett-

kleift að markaðssetja beint vörur í dýrari kanti markaðarins sem skilaði okkur enn meiri tekjum. Aflasamdrátt unnum við upp með meiri gæðum.

Talsvert ber líka á því að óánægða fólkið sé tilbúið að ganga nokkuð á lýðræðið í von um að finna „réttta“ leið út úr vandanum eða hefna sín á þeim sem er kennt um ófarirnar. Í haust hlustaði ég í útvarpi á hóp af gáfuðu fólki af báðum kynjum vera sammála um að nú ætti að fela konum einum að stjórna landinu. Það virtist ekki þvælast neitt fyrir þessu fólki að svipta helminginn af þjóðinni réttinum til að taka þátt í stjórnmálum og varpa ábyrgðinni af sérdrægni og óstjórn nokkurra tuga eða hundraða karlmanna á alla kynbræður þeirra. Líka hefur heyrst að lausnin væri að gera embættismenn og sérfræðinga óháðari pólitískum valdhöfum. Sem gæti vel orðið til góðs, en yki vissulega ekki lýðræði. Nokkurra hundruða manna samkomur hér í Reykjavík hafa krafist þess að vera teknar gildar sem fulltrúar allrar þjóðarinnar. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir benti kurteislega á að einstaklingur á fundi gæti ekki talað fyrir þjóðina alla, jafnvel þótt hann virtist hafa þúsund manna fund á bak við sig, og hefur henni verið legið ótrúlega mikið á hálsi fyrir að nefna þessa augljósu staðreynd.

Fulltrúalýðræðið er lýðræði okkar Vesturlandabúa, þróað hægfara síðan á miðöldum. Það er langt frá því að vera fullkomið og getur gert reginskyssur eins og þá sem við súpum nú af seyðið. En ég held að við ættum að minnsta kosti að prófa að tala okkur í átt til lausnar innan þess í stað þess að einblína á að hafna því fyrir eitthvað sem við vitum lítið hvert kann að leiða.

Stjórnaðskrárvillan

Eitt afbrigðið af villigötu leitarinnar að betra lýðræði er krafan um nýja stjórnaðskrá. Þar ber mest á kröfu um þrískiptingu ríkisvaldsins, einkum að löggjafarvaldið verði óháðara framkvæmdarvaldinu, ráðherravaldið minna. Allt er þetta reist á furðumiklum misskilningi. Kenningin um að

ríkisvaldið eigi að skiptast á þrjá aðila sem séu óháðir hver öðrum er sprottin upp í konungsríkjum þar sem framkvæmdarvaldið var ólýðræðislegt, í höndum konungs og ráðgjafa hans. Þar var það lýðræðiskrafa að löggjafarvaldið yrði sem óháðast þessu arfgega valdi. (Um þriðja þátt ríkisvaldsins, dómssvaldið, þurfum við ekki að ræða hér. Flestir munu sammála um að það eigi að vera sem óháðast.) Bandaríki Norður-Ameríku urðu til sem lýðveldi meðan konungar voru enn einvaldir í Evrópu. Þau tóku upp kenninguna um skiptingu ríkisvaldsins og fengu þannig tvö (sæmilega) lýðræðisleg stjórnkerfi hlið við hlið, annars vegar forseta með ráðherra sína, hins vegar löggjafarþing. Þetta hefur alltaf verið hálfgert klúður; nú fyrir skemmstu höfum við heyrt í fréttum hvernig Obama forseti hefur þurft að semja við þingið um að koma í gegn tillögum um brýnar úrbætur í efnahagsmálum Bandaríkjanna.

Evrópuríki fóru flest aðra leið og tóku upp þingræði að fyrirmynd Bretar. Þeir sem áður voru ráðgjafar konunga urðu nú ráðherrar í ríkisstjórnnum, í raun valdir af löggjafarþinginu og sífellt háðir því að njóta trausts þess. Þingið getur því haft gersamlega öll völd sem það vill gagnvart framkvæmdarvaldinu. Það getur rekið ráðherrana og valið sér nýja. Það getur breytt lagafrumvörpum stjórnarinnar eins og því sýnist, einnig fjárlögum sem ráða mestu um framkvæmdir ríkisins. Ef ráðherrarinnir ráða er það af því að meirihluti þingsins vill hafa það þannig og kann engin betri ráð. Kenningin um þrískiptingu ríkisvaldsins er því úrelt hjá okkur, og ég sé engar líkur til að það mundi leiða til góðs að taka hana upp.

Flokkavillan

Að hluta til snýst krafan um nýja stjórnskipun um það að afnema vald stjórnmálaflokkanna, og þá er oft talað um flokkana eins og þeir eigi allir jafna sök. Aðeins einn mann (Árna Bergmann í Víðsjá 30. janúar) hef ég heyrt benda á að það er langt frá því að flokkaveldið hafi leitt okkur út í þær ógöngur sem við erum í núna. Þvert á móti leiddi þær af því að stjórnmálaflokkarnir afsöluðu sér valdi yfir stofnunum eins og ríkisbönkunum, seldu þá og létu markaðsöflum eftir að stýra þeim út í skuldafenið.

En voru það ekki flokkarnir sem gerðu þetta? Ekki allir. Það var umfram allt Sjálfstæðisflokkurinn með hjálp hagsmunaklíku sem kallaði sig Framsóknarflokk. Vissulega gekk Samfylkingin af furðumikilli einfeltni inn í þetta þrotabú nýfrjálsbyggjunnar árið 2007, þegar Framsókn þótti ekki nothæfur lengur. En kjarni málsins er samt sá að það var Sjálfstæðisflokkurinn og stefna hans sem stýrði út í ófæruna.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki aðeins farið með stjórn Íslands í 18 ár heldur í rúm 64, síðan hann myndaði Nýsköpunarstjórnina haustið 1944. Þótt stundum hafi starfað án þátttöku hans svokallaðar vinstristjórnir í allt að þrjú ár í senn komu þær sjaldnast nokkru til leiðar og hugsuðu oft mest um hvernig Sjálfstæðisflokkurinn mundi bregðast við því sem þær gerðu og nota sér það í áróðri. Við höfum lifað nokkurn veginn við einsflokkskerfi Sjálfstæðismanna í mannsaldur. Lengi framan af stjórnaði flokkurinn ekki mjög ólíkt því sem sósíaldemókrataflokkar gerðu í nágrannalöndunum, með góðu velferðarkerfi og miklum ríkisafskiptum af efna-

hagsmálum. (Með nokkrum klíkskap vissulega, en miklir smámunir voru það sem flokksgæðingarnir stungu af með í samanburði við það sem hinir nýju ólígarkar okkar hafa gert.) Á tíunda áratug síðustu aldar skipti flokkurinn síðan um stefnu og fór að haga sér eins og réttnefndur hægri- nýfrjálsbyggjuflokkur að fyrirmynd Margrétar Thatcher. Afleiðinguna af því reynum við þessa mánuðina. Það sannast hér sem sósíaldemókratar grannlandanna hafa lengi sagt: Markaðshagkerfi, kapítal-

ismi, er því aðeins til farsældar að ríkisvaldið sé ekki í höndum kapítalistanna. Skipting valdsins á milli auðvalds og ríkisvalds er mikilvægasta valdskiptingin, ekki skipting milli ólíkra þátta ríkisvaldsins.

Úrræðið

Nú þarf umfram allt að taka ríkisvaldið varanlega af Sjálfstæðisflokknum, ekki í hefnd fyrir mistök hans heldur af því að stefna hans og hagsmunatengsl eru óheppileg. Við þurfum að færa hann niður á

fylgisstig skandinavískra hægri-flokka og útiloka hann frá ríkisstjórn um hríð, kannski í 12, 16 eða 20 ár samfellt, hvað sem síðan kann að gerast. Við þurfum að fá til forystu í íslenskum stjórnmálum aðgætinn sósíaldemókrataflokk. Það á eftir að koma í ljós hvort Samfylkingin eða Vinstrihreyfingin - grænt framboð bjóða sig betur fram í það hlutverk. Kannski er það þó ekki aðalatriðið í bili, því að næsta skref upp á við hlýtur að verða stjórnarsamstarf Samfylkingar og Vinstrigrænna.



INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA

MEÐLAGSGREIÐENDUR ATHUGIÐ

Meðlagsgreiðendur, vinsamlegast gerið skil hið fyrsta og forðist vexti og kostnað

INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • 530372-0229 • www.medlag.is
Banki 0111 - 26 - 504700 • Sími 590 7100 • Fax 590 7101

Kleopatra Kristbjörg



Brot úr bókinni Hermíkrákuheimur

Ef ljós og myrkur væri pólitík þá væru allir fróðir um það málefni og allir væru að ræða það. Fólk er svo heilaþvegið og lífið snýst um mógsefjun. Þannig að ljós og myrkur þyrfti að ræða á alþingi, þá færu allir í gang. Pólitík er eitthvað sem allir skilja og halda að það sé fint að taka þátt í leiknum, leika með því umhverfið krefst þess. Í spilavíti alþingis eru allir að leika stólaleikinn, endalaust kapphlaup til að reyna að ná í bestu stólana og auðvitað helst að reyna að komast í hásætið! Barnalegt ekki satt? Athyglissýkin og hégóm-inn stjórna för og allir hlaupa á eftir vindinum! Efnishyggjan og eiginhagsmunahyggjan eru þar í gangi og mógsefjun er allsráðandi, keppst er við að heilapvo fólk. Allir eru í slagsmálum um bestu sætin og þá snýst allt um að tala illa um andstæðingana, rakka þá niður og helst í svaðið, sannleikurinn skiptir engu máli. Þetta er myrkur!

Endurreisn efnahagslífsins

Byggjum betra Ísland

Á næstu vikum og mánuðum er áætlað að 10 fyrirtæki komist í greiðslubrot dag hvern. Nýjustu tölur frá Vinnuálastofnun segja að nú séu 16.000 manns á atvinnuleysisskrá. Þegar ný ríkisstjórn tók við keflinu sagði Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra, að verkefni nýrrar stjórnar væri fyrst og fremst að reisa við atvinnuvegina og mynda skjaldborg um heimilin í landinu. Í trausti þess ákváðum framsóknarmenn að verja minnihlutastjórn Samfylkingarinnar og Vinstri Grænna vanaustri.

Það er sannfæring okkar að ekkert er mikilvægara en að verja heimilin og fyrirtækin í landinu. Það verður ekki gert með óskhyggju eða fallegum orðum, heldur aðeins með raunverulegum aðgerðum og einbeittum vilja.

Lækkun vaxta

Háir stýrivextir eru að sliga íslensk heimili og fyrirtæki. Á sama tíma og helstu viðskiptalönd okkar eru að bregðast við minnkandi eftirspurn með því að lækka stýrivexti, allt niður í núll prósent, býr íslenskur almenningur við okurvexti.

Öll rök hníga að því að lækka vexti og þarf vaxtalækkunarferlið að hefjast strax í samráði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Helstu rök fyrir lækkun vaxta eru mikill samdráttur í íslensku efnahagslífi, hratt lækkandi verðbólga, jákvæður vöruskiptajöfnuður, mikið atvinnuleysi og minnkandi eftirspurn eftir þjónustu og vörum.

Aðgerðir fyrir heimilin

Skuldir eru að sliga íbúa landsins. Ekki er hægt að bíða lengur með að skera þjóðina úr hengingarólinni, og losa um skuldaklafann. Við leggjum til að öll húsnæðislán verði færð frá bönkunum til Íbúðalánasjóðs, miðað við þá afskrift sem varð á lánasöfnun við flutninginn yfir til nýju bankanna. Íbúðalánasjóður veitir síðan flata 20% niðurfellingu skulda vegna allra húsnæðislána hjá sjóðnum. Þannig yrði tryggt jafnræði milli þeirra sem áttu húsnæðislán hjá bönkunum og Íbúðalánasjóði.

Þetta byggist á því að nýju bankarnir fengu lánasöfn gömlu bankanna með verulegum afslætti. Þannig eru erlendu kröfuhafarnir búnir að afskrifa eignir í gömlu íslensku bönkunum, sumir jafnvel að öllu leiti.

Nauðsynlegt er að koma fasteignamarkaðnum aftur af stað. Við leggjum til að hámarkslán sjóðsins verði 30 milljónir en að lánshlutfall verði jafnframt lækkað í 70%. Þannig nýtist lán frá sjóðnum til kaupa á fleiri eignum en áhætta sjóðsins er minnkuð að sama skapi. Stimpilgjöld á fasteignaviðskiptum yrðu afnumin.

Snúum hjólum atvinnulífsins

Há vaxtabyrði og gjaldeyrishöft eru að þurrka upp lausafé í landinu og því þarf að auka peningamagn í umferð. Í fyrsta lagi verði lífeyrissjóðum gert kleift að eiga gjaldeyrisviðskipti. Lífeyrissjóðirnir eiga miklar eignir erlendis. Með því að leyfa þeim að stunda gjaldeyrisviðskipti geta þeir selt eignir erlendis og keypt krónur á hagstæðum kjörum af þeim erlendu aðilum sem eiga krónueignir og vilja selja þær. Samhliða þessu mun ríkið ábyrgjast lán til skamms tíma á milli banka, til að koma aftur á stað millibankamarkaði með krónur. Þetta gerir bönkunum kleift að lána fyrirtækjum á ný. Í þriðja lagi leggjum við til að stjórnvöld komi á stofn sjóði sem kaupir eignir, til dæmis lán, af bönkunum fyrir ríkisbréf.

Allt þetta mun auka peninga-

magn í umferð til muna og tryggja að hjól atvinnulífsins fari að snúast á nýjan leik.

Endurskipulagning fjármálakerfisins

Stór þáttur í að tryggja trúverðugleika og traust á nýju bönkunum og á íslensku efnahagslífi er að kröfuhafar eignist hlut í nýju bönkunum. Hætta er á að með setningu neyðarlaganna þann 6. október hafi ríkið skapað sér bótaskyldu gagnvart kröfuhöfum. Með því að kröfuhafar eignuðust hlut í nýju bönkunum yrði hlutur þeirra réttur

og tryggt að hagsmunir þeirra og Íslands færu saman við uppbyggingu bankanna og efnahagslífsins. Kröfuhafar myndu þannig sjá sér hag í að færa eignir úr gömlu bönkunum yfir í þá nýju á lægra verði til að styrkja nýju bankana. Samhliða þessu verður skipt um yfirstjórn í Seðlabankanum.

Sannfæring okkar

Alltof oft að undanfögnu hafa stjórnarmál snúist um smámuni. Stjórnarmál eiga að snúast um að fylgja hugsjónum sínum og sannfæringu. Þingmenn eiga að sjálf-

sögðu að hafa frelsi til að fylgja sannfæringu sinni og Alþingi á að sinna hlutverki sínu sem æðsta valdastofnun landsins. Hlutverk ríkisstjórnarinnar á að vera að framfylgja vilja þingsins.

Hlutverk þeirra sem sitja á Alþingi er að koma hjólum atvinnulífsins í gang og standa vörð um heimilin í landinu.

Við teljum að efnahagstillögur okkar geri það kleift á þeim skamma tíma sem er til kosninga. Aðeins með samvinnu og sanngirni getum við byggt upp betra Ísland.

SIGMUNDUR DAVID GUNNLAUGSSON
Formaður
Framsóknarflokksins

EYGLÓ HARÐARDÓTTIR
Ritari
Framsóknarflokksins

BIRKIR JÓN JÓNSSON
Varaformaður
Framsóknarflokksins

Fjögurra vikna
lúxusnámskeið

fyrir konur og karla

MISSTUM 23 KÍLÓ
TIL SAMANS Á 3 MÁNUÐUM

Kristbjörg og Guðbjörg Sveinbjörnsdætur

Við systumar ætluðum einungis á eitt námskeið en þau urðu þrjú og árangurinn lét svo sannarlega ekki á sér standa. Misstum 23 kíló til samans á þremur mánuðum. Það eigum við Gunnari Má þjálfara og starfsfólkinu á Nordica Spa að þakka. Frábært aðhald, skemmtun, útrás og vellíðan. Við gátum þetta og því getur þú þetta líka.

ÉG GERÐI ÞETTA AF SKYNSEMI
ÞÚ GETUR ÞAÐ LÍKA

María Másdóttir

Frábær leiðsögn, frábær stöð og mesta aðhald sem hægt er að fá. Betra en einkaþjálfun! Svo er líka fint að kilóin fuku og orkan hefur aukist og almenn vellíðan. Ég missti 6,2 kg á 4 vikum. Ég gerði þetta af skynsemi og þú getur það líka!

Lúxusnámskeið NordicaSpa er hannað til
að koma þér af stað á mjög árangursríkan
og einfaldan hátt. Tilgangur námskeiðsins
er að koma þér á æðra stig hvað varðar
líkamlega og andlega heilsu.

Fimm tímar í viku – Brennsla og styrkur

3 öflugir brennslutímarr

2 styrktartímarr í sal undir handleiðslu þjálfara

Vikulegar mælingar

Ítarleg næringarráðgjöf

Fyrirlestur – Borðaðu til að léttast og auka orkuna

Slökun og herðanudd eftir hverja æfingu

Hollustudrykkur eftir hverja æfingu

Takmarkaður fjöldi

6:30, 7:30, 10:00, 16:30 og 18:30 fimm sinnum í viku

Þjálfari er Gunnar Már Sigfússon

1. vika – Orkuhleðsla

Í fyrstu vikunni byggir þú upp orku og kemur líkamanum í jafnvægi.

2. vika – Öflug melting – Aukin brennsla

Í viku tvö er verið að efla og bæta meltinguna til að þú fáið sem mest út úr holla matnum sem þú ert að borða.

3. vika – Hormóna jafnvægi – Hreinsun

Þriðja vikan mun koma jafnvægi á hormónaflæði líkamanns sem mun hafa áhrif á skap þitt, lífsorku og kraft.

4. vika – Ónæmiskerfi eft – Jafnvægi

Í viku fjögur byggjum við upp ónæmiskerfið og hjálpum því að verja líkamann á náttúrulegan hátt.

Ný námskeið hefjast 2. mars

Skráning er hafin í síma 444 5090 eða nordicaspa@nordicaspa.is ■ www.nordicaspa.is

Hilton Reykjavík Nordica Hotel
Suðurlandsbraut 2
Sími 444 5090
nordicaspa@nordicaspa.is
www.nordicaspa.is

N O R D I C A S P A



HEIMTUR KRÖFUHAFNA

Bankarnir	Heimtur af kröfum (í %)
Gamli Glitnir	20-40%
Kaupþing	5-15%
Landsbankinn	0%


ingar skilanefndar Gamla Glitnis og Landsbankans haldi en skilanefndir beggja banka miða ýmist við að eignir verði seldar nú eða eignir í formi krafna innheimtist yfir lengra tímabil. Fram kom í máli Lárusar Finnbogasonar, formanns skilanefndar Landsbankans, að loknum fundi með kröfuhöfum á föstudag, að uppgjör gamla bankans geti tekið allt frá þremur til sjö árum. Miðaði hann bæði við líftíma krafna bankans og þann tíma sem tók að gera upp banka í sænska efnahagshruninu í byrjun tíunda áratugar síðustu aldar.

Svipaður háttur var hafður á í verðmati á eignum Gamla Glitnis. Óvissan er þar sögð sérstaklega mikil hvað skuldabréfið frá Íslandsbanka varði. Tekið er fram í yfirliti skilanefndarinnar að munurinn geti hlaupið á allt frá 445 til 680 milljörðum króna.

Litlar upplýsingar liggja fyrir um það hvað fram fór á milli skilanefndar Landsbankans og kröfuhafa á föstudag en fundurinn var lokaður öðrum en þeim sem töldu sig sannarlega eiga kröfu á hendur bankanum.


Árni Tómasson, formaður skilanefndar Gamla Glitnis, benti á annan óvissuþátt í eignamati gamla bankans á fundi með kröfuhöfum fyrr í mánuðinum. Gengisveiflur skekki myndina en eigna- og skuldastaðan er umreiknuð í íslenskar krónur og miðast við miðgengi Seðlabankans um síðustu áramót. Gengi helstu gjald-

EIGNAMAT GÖMLU BANKANNA



Allar upphæðir eru í milljörðum króna.

MAT Á SKULDUM GÖMLU BANKANNA



miðla hefur fallið um ellefu prósent að meðaltali síðan þá og gæti það rýrt eignasafnið í samræmi við það.

EKKI BLÁSIÐ Í BRUNAÚTSÖLU

Skilanefndir bankanna þriggja ganga út frá því að halda í eignir eins lengi og unnt er nema utanaðkomandi aðstæður krefjist annars. Bæði er átt við eignir sem skilanefndirnar hafa gengið að veði í, svo sem eignum Baugs, og úti-standandi lánakröfur til einstaklinga og fyrirtækja.

Skilanefnd Kaupþings hefur gefið út að eignasala við núverandi aðstæður færi bankanum viðunandi söluverð fyrir eignir og sé þess vegna ákveðin í að styðja við

eignir bankans til þess að hámarka virði þeirra. Nefndin styðjist því við verðmiðann sem er í verðmatinu en hafi ekki hug á að selja þær á brunaútsölu.

Þá hefur Markaðurinn áður haft eftir Árna Tómassyni, formanni skilanefndar Gamla Glitnis, að óraunhæft væri að selja eignir fyrr en eftir tvö ár í fyrsta lagi. Kröfuhafar hafi lagt blessun sína yfir slíkt enda vilji þeir fá sem mest úr eignunum. Miðað við verðmatið nú – sem gerir ráð fyrir eignasölu eftir nokkur ár – megi kröfuhafar reikna með að fá tuttugu til fjörutíu prósent upp í kröfur.

Eins og áður hefur komið fram reiknar Landsbankinn með að halda í eignir frá þremur til sjö

árum, eða þegar síðustu kröfur falla á gjalddaga.

BANKARNIR RÚIÐ TRAUSTI

Kröfuhafar Landsbankans, jafnt íslenskir sem erlendir, voru talsvert fýldari á svip þegar þeir gengu af fundi skilanefndar á föstudag en þegar þeir gengu inn.

Eins og sést á töflu með úttektinni bera þeir heldur skarðari hlut frá borði eftir viðskipti sín við Landsbankann en hina bankana tvo. Miðað við verðmat skilanefndarinnar eru kröfur þeirra afskrifaðar að mestu og fá þeir ekkert. Heimtur eru talsvert betri hvað hina bankana varðar en kröfuhafar fá allt frá fimm til fimmtán prósent upp í kröfur frá

Kaupþingi og allt upp undir fjörutíu prósent eftir viðskipti sín við gamla Glitni.

„Íslenska hagkerfið er rúið trausti,“ segir Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar Íslandsbanka. Hann bendir á að þótt staðan sé slæm hér um þessar mundir séu íslensku bankarnir engir eftirbátar kollega sinna erlendis. „Við erum á báti með fjölmörgum öðrum bankastofnunum sem hafa verið á sömu leið. Þetta er alþjóðleg bankakrísa þar sem erfitt er fyrir alla að fá lánsfé,“ segir hann og leggur áherslu á að aðstæðurnar séu skelfilegar.

Þar er Ísland ekkert eyland þótt endurreisnin geti tekið lengri tíma en ytra.

ICELANDAIR CARGO

ENGIN ÓVISSA

Ekki sitja uppi með óþarflega miklar vörubirgðir. Flugfrakt er hagkvæmur og hraðvirkur flutningsmáti sem gefur þér möguleika á að miða birgðastöðu ævinlega við þörfina hverju sinni og draga þannig úr óvissu og áhættu vegna gengis- og markaðsþróunar.

MIKIL ÓVISSA

BEINT FRAKTFLUG – 24 ÁFANGASTAÐIR
Í EVRÓPU, BANDARÍKJUNUM OG KANADA.
WWW.ICELANDAIRCARGO.IS

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Ríkið stendur betur en margur hafði óttast. Staða margra heimila og fyrirtækja er samt grafalvarleg.

Flýta þarf bata með öllum tiltækum ráðum

Óli Kristján Ármannsson

Næsta sunnudag er fyrsti mars. Sumir halda upp á daginn og nefna hann bjórdaginn. Fyrir fyrsta mars 1989 var einungis á færi útvalinna að flytja inn og drekka bjór. Allur almenningur mátti halda sig við brennda drykki og vín. Ótrúlegt er til þess að hugsa að ekki séu nema tuttugu ár síðan hömlur voru á jafnsjálfsögðum neysluvarningi. Á haftatímum þessum þurfti líka að sækja um leyfi fyrir gjaldeyriskaupum. Ef einhver vildi gerast áskrifandi að erlendu tímariti þurfti viðkomandi að gera sér ferð í banka, fylla út eyðublað og tiltaka undir vökulu auga bankastarfsmannsins hvort sótt væri um gjaldeyri vegna áskriftar að Alt for Damerne, Newsweek, Playboy eða hvaða riti öðru sem fólk annars kynni að hafa áhuga á.

Við liggur að snúið hafi verið aftur til þessa tíma, eins og þeir þekkja sem þurft hafa að sækja sér ferðamannagjaldeyri. Eru þá ótalin áhrif gjaldeyrishafta á allan fyrirtækjarekstur og fælingaráhrif á erlenda fjárfestingu.

Hátt vaxtastig og gjaldeyrishöft eru forgangsmál í yfirferð sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hingað til lands dagana 26. febrúar til 3. mars, að því er fram kemur í máli Marks Flanagans, nýs formanns nefndarinnar, í viðtali við vefrit sjóðsins, IMF Survey online. Hann segir hilla undir að hægt verði að fara í vaxtalækkanir og fyrstu skref í að létta af gjaldeyrishöftum, en aðgátar sé þó þörf, ný ríkisstjórn þurfi að skýra betur áætlanir sínar um hvernig hér eigi að draga úr fjárlagahalla og skuldaföfnun.

Par stendur hnífurinn í kúnni, enn vantar sýn á hvernig á að byggja hér upp landið til framtíðar. Á að feta kostnaðarsama slóð einangrunarhyggju, eða enduruppbyggingar í félagi við aðrar Evrópuþjóðir?

„Eyríki sem ekki vill vera hluti af alþjóðasamfélaginu og er þekkt um heim allan fyrir að borga ekki skuldir á sér ekki bjarta framtíð,“ skrifar Benedikt Jóhannesson, ritstjóri Vísbindingar, í nýjasta tölublað vikuritsins og bendir á að aðildarviðræður við Evrópusambandið gætu þegar haft áhrif til góðs í þeirri erfiðu stöðu sem þjóðin er í. Þannig hafi ríki ESB fengið lán á lægri vöxtum en ríki utan sambandsins. Dæmi þar um sé Ungverjaland, sem fékk lánaða 6,5 milljarða evra á 3,25 prósentu vöxtum.

Þá bendir hann á að þótt Evrópuríki sem ekki hafi tamið sér nauðsynlegan aga í fjármálum hafi lent í vandræðum hafi ekkert þeirra lent í hrúni eins og við gerðum í haust. „Vantraustið kom fyrst fram í krónunni, svo hrundu bankarnir. Krónan mun aldrei njóta trausts og þess vegna verður þjóðin að sækja um aðild að Evrópusambandinu og þar með evrópska myntbandalaginu,“ segir hann og verður ekki annað séð en hann hafi lög að mæla.

Línur eru að skýrast um skuldastöðu ríkisins eftir fall bankanna þriggja og virðist hún blessunarlega miklu betri en mestu svartagallsrausarar hafa óttast. Staða margra heimila og fyrirtækja er engu síður grafalvarleg og algjör nauðsyn að gripið verði til hverra þeirra aðgerða sem auðvelda hér enduruppbyggingu og eru best til þess fallnar að endurverkja traust jafnt innan lands sem utan og flýta hér enduruppbyggingu og efnahagsbata.

Hátt vaxtastig og gjaldeyrishöft eru forgangsmál í yfirferð sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hingað til lands dagana 26. febrúar til 3. mars, að því er fram kemur í máli Marks Flanagans, nýs formanns nefndarinnar [...] Hann segir hilla undir að hægt verði að fara í vaxtalækkanir og fyrstu skref í að létta af gjaldeyrishöftum, en aðgátar sé þó þörf.

Alþjóðlegt efnahagsátak

ORÐ Í BELG

Jeffrey D. Sachs

hagfræði-
prófessor við
Kólumbíuháskóla í
Bandaríkjunum.



þjóðarinnar og í Evrópu og Asíu nær samdrátturinn kannski 70 prósentu hlutfalli.

Jafnan er gert ráð fyrir að neysla hvers heimilis dragist saman um fimm sent af hverjum dal í tapaðri auðlegð [eða fimm aura af hverri krónu]. Þetta fæli í sér að samdráttur í útgjöldum heimilanna næmi í Bandaríkjunum um fimm prósentum af þjóðartekjum og um 3,5 prósentum í Evrópu og Asíu.

Niðursveiflan er svo mikil að atvinnuleysi kemur til með að snaraukast og nær kannski níu til tíu prósentum í Bandaríkjunum. Og þótt auður heimilanna nái aftur fyrri stærðum og neysla aukist á ný gerist það of hægt til þess að komið verði í veg fyrir hraðan atvinnumissi og stórfelldan samdrátt framleiðslu miðað við framleiðslugetu.

Því þarf að ýta undir annars konar fjárfestingu. Ein öflug leið til að styðja við heimshagkerfið og hjálpa því að standa undir framtíðarkröfum er að auka útgjöld til verkefna sem tengd eru lykilinnviðum þjóða, aðallega samgöngum (vega- og hafnargerð, lestarsamgöngur og þess háttar), endurnýjanlegri orku (vind- og sólarorku, jarðvarma, kolefnisheimt, og viðfeðmun orkudreifingarnetum), mengunarvörnum, vatnsveitum og vinnslu úrgangs.

Færa má sterk rök fyrir samstarfi þjóða til að auka opinbera fjárfestingu sem þessa í þróunarlöndum, sér í lagi þar sem fátækt er mest. Þessi svæði, þar

með talin löndin sunnan Sahara í Afríku og Mið-Asía, finna mjög fyrir heimskreppunni vegna minnkandi útflutningstekna, stöðunar fjármagnsmarkaða og gjaldeyrisskorts.

Fátæku löndin líða einnig fyrir loftslagsbreytingar á borð við tíðari þurrka vegna gróðurhúsategundaútbásturs ríkari landanna. Um leið eru þau í mikilli þörf fyrir innri uppbyggingu, sér í lagi á veg- og lestarkerfi, hvað varðar endurnýjanlegar orkulindir, vatnsveitu og úrgang. Að auki þarf í þessum löndum að stórbæta margvíslega lífsnauðsynlega þjónustu, svo sem heilbrigðisþjónustu og stuðning við matvælaframleiðslu.

Vettvangur G-20 ríkjanna, sem saman mynda stærstu hagkerfi heimsins, hentar sameiginlegri stefnumörkun í þessum efnun, en næsti fundur þeirra er í Lundunum í aprílþyrjun. Stóru hagkerfin, Bandaríkin, Evrópusambandið og Japan, ættu að koma á legg nýjum áætlunum til að fjármagna verkefni tengd uppbyggingu í fátæku löndunum. Ný útlán til þróunarlanda ættu að nema hundrað milljörðum dala [11.200 milljörðum króna] á ári hið minnsta.

Nýja fjármögnunin myndi fela í sér bein langtímalán (til dæmis 40 ára lán) frá fjármögnunarstofnunum (e. export credit agencies eða ECA's) ríku landanna og færu í vegagerð, orkunet, framleiðslu endurnýjanlegrar orku, hafnargerð, ljósleiðaranet og í vatnsveitu og til úrgangsmála. G-20 ríkin ættu einnig að auka útlánagetu Alþjóðabankans, Þróunarbanka Afríku og annarra alþjóðlegra fjármálastofnana.

Japan, sem á afgangssparnað, býr við sterka mynt og á mikinn gjaldeyrisforða, auk mikillar framleiðslugetu án innlendrar eftirspurnar, ætti að taka forystu í að fjármagna uppbygginguna. Aðgerðirnar geta líka um leið orðið lyftistöng fyrir japanskt efnahagslíf sem nota myndi eigin iðnframleiðslu í þágu þróunarlandanna.

Með samvinnu má snúa skörpum og ógnvekjandi neyslusamdrætti í tækifæri til að fjárfesta í framtíðarheilsu heimsins. Með því að beina peningum í nauðsynlega fjárfestingu í þróunarlöndum getur heimurinn náð „þreföldum“ sigri. Aukin fjárfesting og útgjöld til félagsmála í fátækum löndum efla hagkerfi heimsins alls, flýtir hagþróun og ýtir undir umhverfisvernd með fjárfestingu í endurnýjanlegri orku, betri vatnsnýtingu og vistvænum landbúnaði.

(c) Project Syndicate, 2009, www.project-syndicate.org.



Í GANA Í AFRÍKU Greinarhöfundur telur að ýta megi undir hagvöxt í heiminum á ný með því að efla fjárfestingu í uppbyggingu grunninnviða samfélagsins í þróunarlöndum.

ORÐSKÝRINGIN

Varin staða

„Varin staða“ eða *hedge position* upp á enskuna er það kallað þegar fjárfestar hafa varið sig gagnvart allri eða hluta af markaðsáhættu vegna eigna- eða skuldastöðu.

„Sem dæmi má taka heildsala sem flytur inn vörur erlendis frá. Hann verðleggur vöruna í dag í íslenskum krónum en greiðir fyrir vörurnar í erlendum gjaldmiðli og hefur greiðslufrest í 30 daga. Þar sem verð erlendra gjaldmiðla sveiflast gagnvart íslensku krónunni stendur heildsalinn frammi fyrir töluverðri óvissu. Framlegð af vörusölu liggur ekki fyrir. Heildsalinn getur minnkað þessa óvissu með því að gera til dæmis framvirkan samning við fjármálastofnun um að kaupa erlendan gjaldmiðil á fyrirfram ákveðnu verði (gengi) eftir 30 daga. Einnig gæti heildsalinn keypt kauprétt sem veitir honum rétt á að kaupa erlendan gjaldeyri á ákveðnu verði (gengi) eftir 30 daga. Nú veit heildsalinn hversu mikið hann þarf að greiða í íslenskum krónum fyrir vörurnar og þar af leiðandi verð-

ur öll áætlanagerð nákvæmari og sveiflur í rekstri minni,“ segir í fróðleiksmolum um fjármálhugtök á vef Nýja Kaupþings.

Varin staða er líka algeng við kaup á verðbréfum. Þannig gæti fjárfestir keypt sölurétt á hlutabréf á ákveðnu verði og takmarkað fyrirfram hugsanlegt tap af fjárfestingunni.



ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. RITSTJÓRI: Óli Kr. Ármannsson, olkr@markadurinn.is RITSTJÓRN: Jón Aðalsteinn Bergveinsson, jonab@markadurinn.is AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdall RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSÍMI: 512 5000 SÍMBRÉF: 512 5301 NETFÖNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 miðlar ehf. PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiða ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðurinn er dreift ókeypis með Fréttablaðinu. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.

Rekstrarvörur

- fyrir stofnanir, fyrirtæki og heimili, sem vilja spara og hagræða!

Lengri opnunartími í verslun RV

Opið mán. til fös. frá 8.00 til 19.00

Laugardaga frá 10.00 til 17.00

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhóli 2 • 110 Reykjavík

Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665

sala@rv.is • www.rv.is

Perlan

Ein magnaðasta bygging Reykjavíkur á daginn.
Eitt besta veitingahúsið á kvöldin.

Tilvalið fyrir
árshátíðina!

Allt í steik

framlengt til 29. mars

4ra rétta seðill

1 HRÁSKINKA „PROSCIUTTO“
með fíkjum, salati og ferskum parmesanosti

2 RJÓMALÖGUÐ HUMARSÚPA
með humarfrauði

VELDU MILLI ÞRIGGJA AÐALRÉTTA

MARINERAÐUR KÁLFAHRYGGUR Á BEINI
með ristuðu grænmeti, kartöflumauki
og hunangskryddsósu (4.590 kr.)

3 ÖND
með appelsínusósu og kartöfluköku (5.590 kr.)

NAUTALUND
Béarnaise með grilluðu hvítlauksristuðu spínati
og sperglum (6.590 kr.)

4 LOGANDI CRÈME BRÛLÉE
með súkkulaði ís

Gjafabréf Perlunnar
Góð tækifærisgjöf!



Allt í steik
verð frá 4.590 kr.

Nýr A la Carte hefst 30. mars!

Veitingahúsið Perlan - Sími 562 0200 - Fax 562 0207 - Netfang perlan@perlan.is - Vefur www.perlan.is



BANKAHÓLFID

Í flórnum

Mannskepnan er gjörn á að skammstafa alla skap- aða hluti, ekki síst erlendis. Skammstöfunin EFMA barst inn á borð Markaðarins í vikunni. Þegar grennslast var fyrir um málið gegna því tvö samtök. Önnur eru Samtök áburðafra- leiðenda í Evrópu (e. European Fertilizer Manufacturers Association), hin eru Samtök evrópskra fjármálafræðinga (e. European Financial Management Association), sem samanstanda af lærðum og leikum sem áhuga hafa á lausnum fjármálatengdra vandamála. Af



þ e i m er nóg að taka í dag, reyndar orðið vafamál hvor samtakanna standi nær því að standa í skítmokstri...

Einn svinger

Í þessum dálki fyrir um hálf- um mánuði var rúm hundrað prósentu hækkun á gengi hluta- bréfa í Straumi á einum mánuði gerð að umfjöllunarefni. Nefnt var að áhættusæknir fjárfestar hlytu að vera kátir. Þar voru for- sendurnar þær, eins og tíðkaðist á Gamla Íslandi, að fjárfestar væru séðir; komi inn í lægsta gildi, sörfi með uppsveiflunni, landi hagnaði á hæsta punkti og drepí tímann á barnum fram að næsta svingi. Önnur veröld blasir við í dag. Fjárfestar hafa almennt lítið milli handanna eftir síharðnandi kreppu og aðgengi að fjármagni er nær ekkert, hvað þá til hlutabréfakaupa. Fjárfestar fá því eitt tækifæri. Stefni hlutafjáreignin niður á við eiga þeir miskunnar-laust veðkall yfir höfði sér og verð- ur þess langt að bíða að annað tækifæri gefist á hlutabréfa- markaðnum. Forsendurnar eru að sjálfsgöðu þær, að enn sé til sá einstaklingur á skerinu, sem stundar hlutabréfaviðskipti.

Böns of monní

Þegar góðæri ríkti á Íslandi og peningar spruttu upp úr hverri hraunsprungu líkastir mosa- lyngi var hægt að græða því lík- ar fjárhæðir á hérlandum hluta- bréfamörkuðum að setningin „böns of monní“, sem Megas notaði um þau peningaverðlaun sem hann landaði með verðlaun- um Jónasar Hallgrímssonar á Degi íslenskrar tungu fyrir níu árum, náði ekki yfir nema smá- brot af gróðanum. Eftir banka- hrunið í október og vægast sagt rússíbanareid Íslands út úr teit- inu með ríkustu



860

milljóna króna hagnaður var á starfsemi MP Banka eftir skatta á síðasta ári sam- kvæmt nýbirtu uppgjöri.

72

milljarðar króna falla á ríkissjóð vegna lcesave-innlána Landsbankans samkvæmt áætlun þeirri sem skilaneftnd bankans lagði fyrir kröfuhafa fyrir helgi.

900

milljóna dollara tap varð á starfsemi álrisans Century Aluminum í fyrra samkvæmt uppgjöri. Upphæðin nemur nærri 101 milljarði króna.



REAL MADRID – LIVERPOOL

16 - LIÐA ÚRSLITIN HALDA ÁFRAM



Í KVÖLD KL. 19:30

REAL MADRID – LIVERPOOL
CHELSEA – JUVENTUS
SPORTING – BAYERN MÜNCHEN

ÞAÐ ER ÓDÝRARA AÐ HORFA Á BOLTANN HEIMA

40 LEIKIR HEIMA Í STOFU



YFIR 40 BEINAR ÚTSENDINGAR Í FEBRÚAR

ÖLL FJÖLSKYLDAN GETUR HORFT

BESTA SÆTID

VILDARÁSKRIFT EINGÖNGU AÐ STÖÐ 2 SPORT FRÁ 5.596 KR.

MEÐ ÖÐRUM ÁSKRIFTUM FRÁ 4.123 KR.

2 LEIKIR Á BARNUM



2 BEINAR ÚTSENDINGAR

4 BJÓRAR

2 HAMBORGARAR

VERÐ 5.324 KR.*

*MEDALVERÐ FJÖGURRA SPORTBARA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU Í JANÚAR 2009.

512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

Hefur þú lent í slysi?

Kannaðu rétt þinn til bóta

www.pacta.is

Ef þú hefur lent í umferðarslysi, vinnuslysi eða frítímaslysi getur þú átt rétt á bótageiðslum. Hafðu samband við PACTA lögmenn sem fyrst og kannaðu rétt þinn til bóta. Við höfum áralanga reynslu á þessu sviði.

Fyrsta viðtal til að skoða málið er þér að kostnaðarlausu. Hafðu samband og pantaðu viðtal í síma 440 7900 eða á www.pacta.is

PACTA
L Ö G M E N N

Reykjavík | Akranes | Borgarnes | Ísafjörður | Blönduós | Sauðárkrúkur | Akureyri | Egilsstaðir | Vestmannaeyjar

BONUS BONUS BONUS BONUS



30%
AFSLÁTTUR

BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
489 kr./kg. MERKT VERÐ 698 KR./KG.



40%
AFSLÁTTUR

BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGABITAR
359 kr./kg. MERKT VERÐ 598 KR./KG.



25%
AFSLÁTTUR

FERSKT UNGNAUTAHAKK
1124 kr./kg. MERKT VERÐ 1498 KR./KG.



149

BÓNUS KORNBRAUÐ
1 KG 149 kr.



898

NAUTAVEISLU FERSKT NAUTAHAKK
898 kr./kg.



498

GRÍSAVEISLU FERSKT GRÍSAHAKK
498 kr./kg.



479

KS FROSIÐ LAMBASÚPUKJÖT
1.FLOKKUR 479 kr./kg.



399

KJARNAFÆÐI SVEITABJÚGU
399 kr./kg. MERKT VERÐ 499 KR./KG.



398

BÓNUS PIZZUR FRÁ JÚMBÓ
400g Margarita og 420g Pepperoni
398 kr.stk



399

K.F NÝTT KJÖLFARS
GAMALT VERÐ
399 kr./kg.



149

RAUÐAR VATNSMELÓNUR
149 kr./kg.

Melónur eru vatnslosandi,
meinhollar eftir saltkjötið!



129



98

TOPPUR SÍTRÓNUR 2 LTR. 98 kr.
COKE ZERO 2 LTR. 129 kr.

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur



BONUS BÝÐUR BETUR

OPIÐ MIÐVIKUDAG 12.00 TIL 18.30



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýbug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Ástu Ágústs dóttur

Miðleiti 4.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á líknardeild Landspítalans í Kópavogi fyrir góða umönnun og hlýhug.

Eggert Óskar Þórhallsson

Hafðís Eggertsdóttir

Ólafur Eggertsson

barnabörn og barnabarnabörn.


Sveinn Eyþórsson

Heiða Vernharðsdóttir

GEORGE HARRISON FÆDDIST 1943.

„Hvað mig varðar þá munu Bítlarnir ekki koma aftur saman svo lengi sem John Lennon heldur áfram að vera látinn.“

George Harrison, tónlistarmaður og Bítill með meiru, hefði orðið 66 ára í dag. Hann lést árið 2001.



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 25. FEBRÚAR 1964

Fyrsta mynd Sigmunds í Morgunblaðinu

Pennan dag árið 1964 birtist fyrsta skopmynd Sigmunds Jóhannssonar frá Vestmannaeyjum í Morgunblaðinu en hún sýndi landgöngu í Surtsey. Fyrstu teikningar hans í blöðum eru þó frá því upp úr 1960 en þá gerði hann forsiður fyrir Vikuna og Fálkann.

Skopmyndateikningar voru í fyrstu aukavinna Sigmunds með starfi við verkstjórn í frystihúsum í Vestmannaeyjum en í Heimaeyjargosinu árið 1973 varð Sigmund fastráðinn við Morgunblaðið. Upp frá því varð skopmyndateiknun hans aðal-



starf. Sigmund, sem er vélstjóri að mennt, hefur auk þess hannað fiskvinnsluvélar og fann upp sjálfvirkan sleppibúnað gúmbjörgunarbáta.



Ástkær eigenmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,

Garðar Steindórsson

Vesturtúni 5, Álftanesi,

sem andaðist að heimili sínu þriðjudaginn 17. febrúar, verður jarðsunninn frá Viðistaðakirkju í Hafnarfirði föstudaginn 27. febrúar kl. 13.00.

Jóhanna Guðrún Halldórsdóttir

Kristín Garðarsdóttir

Bryndís Garðarsdóttir

Áslaug Garðarsdóttir

afabörn, langafabarn

Sverrir Steindórsson

Björn Þórisson

Gísli Vagn Jónsson

Páll Hafnfjörð Hafsteinsson



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Björn Guðmundsson

Lóni,

lést á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga 12. febrúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum auðsýnda samúð.

Stefanía, Margrét, Guðlaug, Ingunn, Einar og fjölskyldur.



Ástkær eigenmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Torfi Kristinn Jónsson

Mosabarði 6, Hafnarfirði,

lést á Vífilsstöðum 19. febrúar. Útför hans verður gerð frá Jósepskirkju í Hafnarfirði föstudaginn 27. febrúar kl 13.00.

Þórdís Hansen

Ólafur Árni Torfason

Jón Marías Torfason

barnabörn og barnabarnabörn.

Helena Högnadóttir

Viktória Sigurðardóttir



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ólöf Jóhannsdóttir,

áður til heimilis Álfaskeiði 64,

lést á Sólvangi 23. febrúar. Útförin auglýst síðar.

Ingi J. Marinósson

Erla Eiríksdóttir

Eiríkur Sigurðsson

Guðríður S. Weiss

Ólöf Sigurðardóttir

og barnabörn.

Sigurður Hallgrímsson

Elva Guðmundsdóttir

Manfred Weiss

Már Sigurðsson



Útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður og ömmu,

Önnu Friðu Winther

Ottósdóttir,

fer fram frá Seltjarnarneskirkju, fimmtudaginn 26. febrúar kl. 13.00.

Ottó V. Winther

Valdís Vilhjálmisdóttir

Ingvar Vilhjálmsson

Ellen H. Haraldsdóttir

Þórir M. Sigurðsson

Helga María Garðarsdóttir og ömmubörn.



Ástkær móðir okkar,

Vilborg Kristín

Stefánsdóttir

Hjúkrunarheimilinu Eir,

lést 19. febrúar. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 26. febrúar kl. 13.00.

Guðrún Ingólfsdóttir

Gissur Ingólfsson

Sæmundur Ingólfsson

Auður Ingólfsdóttir

Helga Ingólfsdóttir

Arna Ingólfsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Haraldur Jónsson

Lovísa Þorleifsdóttir

Sigprúður Hilmarsdóttir

Ólafur Sigurgeirsson

Pétur Valtýsson

Páll Hreinsson



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Anna Sigurðardóttir

frá Brekku Norðurárdal,

sem andaðist að morgni mánudagsins 23. febrúar, verður jarðsunnin frá Reykholtskirkju laugardaginn 28. febrúar kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á dvalarheimili aldraðra Borgarnesi.

Þorsteinn Þórðarson

Sigurbjörg Þorsteinsdóttir

Þórður Þorsteinnsson

Þorsteinn Þorsteinnsson

Gunnar Þór Þorsteinnsson

Þórhildur Þorsteinsdóttir

og barnabörn.

Árni Þór Sigurðsson

Agnes Agnarsdóttir

Guðbjörg Sólveig Sigurðardóttir

Íris Inga Grönfeldt

Elvar Ólson



Ástkær eigenmaður minn, faðir, stjúpfi, tengdafaðir og afi,

Garðar Hliðar

Guðmundsson

Ástúni 10, Kópavogi,

lést föstudaginn 13. febrúar. Jarðarförin fer fram frá Digraneskirkju fimmtudaginn 26. febrúar kl. 13.00. Blóm og kransar afpakkað en þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarveikning barnanna 1135-05-411713 kt. 210164 -3759.

Kristín Ákadóttir

Sigmundur Bjarki Garðarsson

Rósa Kristín Garðarsdóttir

Hilmir Örn Garðarsson

Sylvía Tara Garðarsdóttir

Sigurlín Ellý Sigvaldadóttir

Guðmundur Hliðar Pétursson.

Magdalena Sylvia Magiera

Pétur Rúnar Guðmundsson

Björgvin Þorsteinnsson



80 ára afmæli

Sigfús Svavarsson

Þúfubardí 8, Hafnarfirði, er 80 ára í dag 25. febrúar Hann tekur á móti vinum og vandamönnum milli kl. 17 og 20 á heimili sínu.

90 + 350

1. vinningur



440 MILLJÓNIR

Einn, tveir og sautján! Salan er opin til kl. 17.

Potturinn í Víkingalottóinu stefnir nú í 90 milljónir
og Ofurpotturinn stefnir í 350 milljónir.

Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða á næsta
sölustað eða á lotto.is

**Fáðu þér miða fyrir kl. 17
í dag eða taktu séns á
að missa af þessu!**

**V Í K I N G A
LOTTO**

Alltaf á miðvikudögum!



Skoðaðu
MÍN BORG
ferðablað
Icelandair
á www.visir.is





KILLZONE® 2
ÞEIRRA HEIMUR. ÞITT HELVÍTI!

10 af 10
– Official PlayStation Magazine

9 af 10
– Eurogamer.net

10 af 10
– Gamepro

9,4 af 10
– IGN.com

ELKO
VEFVERSLUN ELKO.is

SENDU SMS **EST KZL** Á NÚMERIÐ
1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

VINNINGAR ERU KILLZONE 2, AÐRIR TÖLVULEIKIR,
GOS, DVD MYNDIR OG FLEIRA

WWW.SENA.IS/KILLZONE

PLAYSTATION 3

9.
BESTA VÖRÐIN

SMIS
LEIÐUR



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



Kardemommubærinn (Stóra sviðið)

Lau 28/2 kl. 14:00	U	Lau 21/3 kl. 14:00	U	Sun 5/4 kl. 17:00	U
Lau 28/2 kl. 17:00	U	Lau 21/3 kl. 17:00	U	Lau 18/4 kl. 14:00	U
Sun 1/3 kl. 14:00	U	Sun 22/3 kl. 14:00	U	Lau 18/4 kl. 17:00	U
Sun 1/3 kl. 17:00	U	Sun 22/3 kl. 17:00	U	Sun 19/4 kl. 14:00	U
Lau 7/3 kl. 14:00	U	Lau 28/3 kl. 14:00	U	Sun 19/4 kl. 17:00	U
Lau 7/3 kl. 17:00	U	Lau 28/3 kl. 17:00	U	Lau 25/4 kl. 14:00	U
Sun 8/3 kl. 14:00	U	Sun 29/3 kl. 14:00	U	Lau 25/4 kl. 17:00	U
Sun 8/3 kl. 17:00	U	Sun 29/3 kl. 17:00	U	Sun 26/4 kl. 14:00	U
Lau 14/3 kl. 14:00	U	Lau 4/4 kl. 14:00	U	Sun 26/4 kl. 17:00	U
Sun 15/3 kl. 14:00	U	Lau 4/4 kl. 14:00	U	Sun 3/5 kl. 14:00	U
Sun 15/3 kl. 17:00	U	Sun 5/4 kl. 17:00	U	Sun 3/5 kl. 17:00	U

Sýningar í máf komnar í sölu, sjá www.leikhusid.is



Hart í bak (Stóra sviðið)

Fim 26/2 kl. 20:00	Ö	Fim 5/3 kl. 20:00	Ö	Lau 14/3 kl. 20:00	Ö
Fös 27/2 kl. 20:00	Ö	Fös 6/3 kl. 20:00	Ö	Mið 18/3 kl. 20:00	Ö



Þrettándakvöld (Stóra sviðið)

Fös 13/3 kl. 20:00	frums.	Fim 26/3 kl. 20:00	4. sýn.	Fös 3/4 kl. 20:00	7. sýn.
Fim 19/3 kl. 20:00	2. sýn.	Fös 27/3 kl. 20:00	5. sýn.	Fim 16/4 kl. 20:00	8. sýn.
Fös 20/3 kl. 20:00	3. sýn.	Fim 2/4 kl. 20:00	6. sýn.		

Skoppa og Skritla í söng-leik (Kúlan)

Lau 28/2 kl. 13:00	U	Lau 14/3 kl. 13:00	Ö	Lau 28/3 kl. 13:00	U
Lau 7/3 kl. 13:00	U	Lau 21/3 kl. 13:00			

Örfáar aukasýningar með bestu vinkonum barnanna

Heiður (Kassinn)

Lau 28/2 kl. 20:00	Ö	Lau 28/2 kl. 20:00	Ö
--------------------	---	--------------------	---

Síðustu sýningar



Eftirminnilegur öskudagur

Það er gaman að rifja upp hvernig maður upplifði öskudag sem barn. Það var alltaf mikið umstang í kringum þennan dag, enda skipti miklu máli að velja rétta búninginn áður en farið var að syngja í búðum eða mætt á grímuball þar sem veitt voru verðlaun fyrir besta búninginn. Þeir búningar sem ég valdi mér voru misflóknir í undirbúningi og framkvæmd. Ég man til dæmis eftir að hafa verið bangsi í flottum heimasaumum búningi, lítið barn með stórt snúð og síamstvíburi með æskuvinkonu minni sem ég var með öllum stundum. Ári síðar vildum við svo vera „skvísur“, eflaust í þeim tilgangi að fá að mála okkur, ganga á háum hælum og vera með gervineglur í einn dag, langt fyrir aldur fram.



Sá búningur sem stendur þó upp úr í minningunni var Kermit-búningur sem annar eldri bróðir minn hafði dimiterað í. Ég man að hann var enn svo stór á mig árið sem ég fékk hann lánaðan að búkurinn náði langt niður á leggi, en ég bretti bara upp á skálmarnar og fór galvösk að syngja í búðum með vinkonum mínum. Við höfðum heyrt af krökkum sem höfðu fengið ógrynni af sælgæti með því að syngja í sælgætisverksmiðjum svo okkur langaði mest að feta í fótspor þeirra, en þær voru fjarri öðrum verslunum svo við freistuðum gæfunnar á Laugaveginum það árið.

Viðbrögðin við Kermit-búningnum létu ekki á sér standa. Hver búðareigandinn á fætur öðrum haldi honum og sögðu Kermit vera sinn uppáhaldscharakter í Prúðuleikunum. Í lok dags kom ég heim með fullan poka af sælgæti, alsæl með að hafa slegið í gegn sem grænn froskur.

myndasögur

■ **Pondus**




Eftir Frode Øverli

■ **Gelgian**



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

■ **Handan við hornið**



Eftir Tony Lopes

■ **Kjölturakkar**



Eftir Patrick McDonnell

■ **Barnalán**



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



„Ég er viss um að það var hér allt í gær“

Rösklega þrjátíu leikarar taka þátt í að ljá þessum fræga bæ líf að þessu sinni. Bærinn hefur greinilega tekið miklum breytingum frá fyrri árum og áherslur fólksins sömuleiðis. Það er óneitanlega meiri söngleikjabragur á þessari uppfærslu en þeim fyrri. Höfundurinn Thorbjörn Egner er íslenskum lesendum og áhorfendum mjög vel kunnur. Það má segja að hann hafi í upphafi hannað sýninguna í heild sinni og var leikmynd hans í uppfærslu Þjóðleikhússins 1960. Að þessu sinni er það Brian Pilkington sem teiknar bæinn og byggir hann að miklu leyti á fyrri myndum þótt litasamsetningin sé meira í anda nammis í poka en þeirrar fyrri.

Norðmenn hafa verið svo gæfusamir að rækta vel barnagarðinn sinn og er hlutverk Ríkisútvarps þeirra þar mikilvægt. Í elsta útvarpsbarnatíma veraldar „Lördagsbarnetimen“ sagði Egner börnum margar sögur, söng og spjallaði við þau. Sögusmiðja hans er stór og útgefin verk fleiri en fimmtíu. Hann ólst sjálfur upp í húsi þar sem rakari, bakari og pylsugerðarmaður voru hluti af daglega lífinu og hljóðfæraleikur allrar fjölskyldunar mikill. Kardemommubærinn er svolítið eins og draumur um hinn fullkomna hamingjubæ. Boðskapurinn er skýr, það er, að í öllum, jafnvel ræningjum, er eitthvað gott og allir geta orðið góðir að lokum, jafnvel hin skapstyggja Soffía frænka.

Í Þjóðleikhúsinu um helgina skein eftirvænting úr augum bæði barna og fullorðinna og ungir foreldrar báru saman upplifun sína við þá fyrri og þeir sem eldri voru höfðu sömuleiðis eldri skírskotun. Allt er breytingum háð en grunnhugmyndin þó hin sama, að vísu var hér farið svolítið hratt yfir og lítil hvíld í einstökum atriðum. Eins og til dæmis þegar verið er að læðast bæði til að stela Soffíu og eins til að skila henni, þau atriði voru of hröð til þess að smáfólkið kæmist í þá stemningu sem óneitanlega fylgir slíku næturævintýri. Ein lítil spurði: „Af hverju er hún svona?“ og gretti sig, kannski var þessi Soffía frænka ekki nógu gasaleg eða full ung og falleg.

Engu að síður er Soffía frænka, sem Edda Björg Eyjólfsdóttir leikur, uppáhald og svo auðvitað ræningjarnir. Þegar þeir birtust fór klišú um salinn eins og upphitunartónleikum væri lokið og nú kæmi loksins aðalhljómsveitin: „Þeir eru að koma, þeir eru að koma!“ kvað við úr hverjum kima.

Örn Árnason átti salinn og hvert hjarta í honum í hlutverki Kaspers og þar með hefur hann klifrað upp ræningjastígann og leikið alla þrjá bræðurna fyrir unga áhorfendur Þjóðleikhússins. Hinir ræningjarnir eru hér í höndum þeirra Rúnars Freys Gíslasonar og Kjartans Guðjónssonar. Jesper hefur frá hendi höf-

LEIKLIST

Kardemommubærinn

Thorbjörn Egner
Leikmynd: Brian Pilkington
Búningar: María Ólafsdóttir
Tónlistarstjórn: Jóhann G. Jóhannsson
Lýsing: Lárus Björnsson og Ólafur Ágúst Stefánsson
Sviðshreyfingar og dans: Birna Björnsdóttir og Guðfinna Björnsdóttir
Þýðing: Hulda Valtýsdóttir og Kristján frá Djúpalæk
Leikstjóri: Selma Björnsdóttir

★★★

Egner með Disney-hjúp

undar nokkuð erfiðara hlutverk því hann er svo ósköp venjulegur. Jónatan aftur á móti er þessi hræddi og aulalegi sem hvorki þorir né nennir og Kjartan náði svo sannarlega til áhorfenda í öllum sínum óttaslegnu sveiflum. Það sem einkenndi sýninguna í heild sinni var ógnarhraði og stíðnað bros á öllum andlitum eins og leikstíllinn væri fenginn að láni úr brúðuheimi. Það hefði svo auðveldlega mátt ná aðeins betra sambandi við leikhúsgesti með því að teygja sig örlítið út úr þessari stöðluðu mynd. Sigurður Sigurjónsson í hlutverki Tóbiasar var í raun og veru sá eini sem braut upp þennan hasarstíl með mjúkri og skondinni nærveru hins klóka karls.

Þó svo Egner hafi haft sitt eigið umhverfi í huga þegar hann samdi verkið þá hafði hann einnig verið svolítið í Alsír svo þaðan fléttar hann úlföldum og ösnum, pálmatrjám og fleiru inn í söguna. Bæði úlfaldinn og asninn hér í þessari sýningu voru skemmtilega útfærðir og ungir verðandi verkfræðingar spáðu mikið í fram- og afturlappir ekki síst þegar asnanum var lyft upp á kerruna, svona ljómandi liðugur.

Birta og litagleði einkenndi búningana hér. Bæjarstjóraráhjónin í meðförum þeirra Baldurs Trausta og Estherar Talíu skörtuðu bæði hinum rauða lit sem gerir alla glaða. Valur Freyr Einarrsson í hlutverki Sörensens rakara spriklaði og dansaði einkar fimur í rakarasöngnum og var glettilega skemmtilegur fyrir svo utan að sokkarnir hans voru óborganlegir. Tónlistin stóð fyrir sínu í styrkri stjórn Jóhanns G. Það skiluðu allir hlutverkum sínum vel, ekki síst litlu hundarnir sem heilluðu litlu áhorfendurna.

Það sem hefði mátt betur fara er fyrst og fremst rypmi sýningarinnar og eins nýting lýsingar: það er myrkurs og þeirrar dulúðar sem það skapar. Nú verður vonandi ekki eins löng bið eftir næsta Kardemommubæ. Þjóðleikhúsið ætti að setja hann upp alltaf á fimm ára fresti, eða einn Kardemommubæ með hverjum nýjum leikhússtjóra.

Elisabet Brekkan

Söngskólinn í Reykjavík



Söngnámskeið

7 vikna námskeið byrja 2. mars
Söngtækni og -túlkun / Tónfræði

Sími 552 7366

songskolinn@songskolinn.is • www.songskolinn.is

Íslenskt efnahagslíf - áskoranir og tækifæri

Straumur fjárfestingabanki stendur að morgunfundi **laugardaginn 28. febrúar kl. 10:00-12:00 í Iðnó**. Á fundinum verða ræddar helstu áskoranir og tækifæri Íslands í náninni framtíð.

Waltraud Schelkle, sem er meðal færustu sérfræðinga á sviði efnahags- og peningamálastefnu Evrópusambandsins, mun fjalla um aðlögunarferli ríkja að stefnu sambandsins og kosti og galla aðildar. Vilhjálmur Egilsson kynnir nauðsynlegar aðgerðir til endurreisnar atvinnulífsins að mati Samtaka atvinnulífsins. Sveinn Hjörtur Hjartarsson fjallar um hagsmuni íslensks sjávarútvegs í tengslum við Evrópusambandsaðild og að lokum mun Arnór Sighvatsson fara yfir peningastefnu á óvissutímum.

Raffaella Tenconi, aðalhogfræðingur og greinandi Straums mun stýra fundinum sem lýkur með pallborðsumræðum.

Laugardagur 28. febrúar 2009 - Iðnó

- 10:00** Nauðsynlegar aðgerðir til endurreisnar atvinnulífsins
Dr. Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri, Samtök atvinnulífsins
- 10:20** Kostir og gallar aðildar að Evrópusambandinu
Dr. Waltraud Schelke, dósent, Hagfræðideild Evrópumiðstöðvar London School of Economics
- 10:40** ESB og sjávarútvegurinn
Sveinn Hjörtur Hjartarsson, aðalhogfræðingur, LÍÚ
- 11:00** Peningastefna á tímum óvissra gjaldeyrishafta
Arnór Sighvatsson, aðalhogfræðingur Seðlabanka Íslands
- 11:20** Pallborðsumræður og fyrirspurnir
Fundarstjóri er Raffaella Tenconi, aðalhogfræðingur Straums.

Fundurinn fer fram á ensku og er engin aðgangseyrir.

Skráning fer fram í síma 585-6600 eða með tölvupósti á receptionreykjavik@straumur.com



Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



NÝTT Í BÍÓ

MIDVIKUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

500 KR Á ALLAR MYNDIR

SÝNINGARTÍMAR

HES JUST NOT THAT INTO YOU	kl. 5.30, 8 og 10.30	12
THE PINK PANTHER 2	kl. 8 og 10	L
BEVERLY HILLS CHIHUAHUA	kl. 4.30 og 6	L
VILTU VINNA MILLJARÐ	kl. 3.30, 5.45, 8 og 10.15	12

ÓSKARSVERÐLAUNA

ÖSKUDAGSBIÓ

i dag öskudag í kringlunni FRÍTT kl. 12 og 400 kr.- kl. 15:00

ALFABAKKA	SELFÖSS
DEFIANCE kl. 5:30 - 8 - 10:20 16	BRIDE WARS kl. 8 - 10:10 L
DEFIANCE kl. 8 VIP	DOUBT kl. 8 L
FRIDAY THE 13TH kl. 8 - 10:20 16	AKUREYRI
CHIHUAHUA m/isl. tali kl. 5:50D L	DEFIANCE kl. 8 16
BENJAMIN BUTTON kl. 6 - 9:10 7	CHIHUAHUA kl. 6 L
HOTEL FOR DOGS kl. 5:50 L	BENJAMIN BUTTON kl. 6 - 9 7
DOUBT kl. 8:10 L	KEFLAVÍK
ROLE MODELS kl. 8:20 12	TAKEN kl. 10:10 16
YES MAN kl. 10:20 7	FANBOYS kl. 8 - 10 L
KRINGLUNNI	SLUMDOG MILLIONAIRE kl. 8 12
DEFIANCE kl. 8 - 10:10 16	ÖSKUDAGSBIÓ FRÍTT INN
FRIDAY THE 13TH kl. 10:50 16	MADAGASCAR 2 m/isl tali kl. 12 L
CHIHUAHUA m/isl. tali kl. 6D L	YES MAN kl. 12 7
BENJAMIN BUTTON kl. 7 - 10:10 7	BEDTIME STORIES kl. 12 L
BLOODY VALANTINE - 3D kl. 8(3D) 16	ÖSKUDAGSBIÓ TILBOÐ 400
BEDTIME STORIES kl. 6 L	CHIHUAHUA m/isl tali kl. 3 L
ÖSKUDAGSBIÓ Í KRINGLUNNI	YES MAN kl. 3 7
	BEDTIME STORIES kl. 3 L

NÝTT Í BÍÓ!

ÖSKARSVERÐLAUNA

FRÁÐER GAMANMYND FYRIR ALLA FJÓLSKYLDUNA

SMÁRRÁ BÍÓ

SÍMI 564 0000

HES JUST NOT THAT INTO YOU	kl. 5.15-8-10.40	12
HES JUST NOT THAT INTO YOU LUXUS	kl. 5.15-8-10.40	12
THE PINK PANTHER 2	kl. 4-6	L
FANBOYS	kl. 8-10.10	L
BRIDEWARS	kl. 6-8-10	L
HOTEL FOR DOGS	kl. 3.40	L
SKÓGARSTRÍÐ 2	kl. 3.45	L
VILTU VINNA MILLJARÐ	kl. 5.30-8-10.30	12
SKOPPA OG SKRITLAÐ BÍÓ	kl. 4	L

REGNBÖGINN

SÍMI 551 9000

650kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

HES JUST NOT THAT INTO YOU	kl. 6-9	12
THE PINK PANTHER 2	kl. 6-8-10	L
VALKYRIE	kl. 8-10.30	12
BRIDE WARS	kl. 6-8-10	L
REVOLUTIONARY ROAD	kl. 5.30	12

HÁSHÖLA BÍÓ

SÍMI 530 1919

MILK	kl. 5.20-8-10.40	12
THE WRESTLER	kl. 5.30-8-10.15	14
FROST/NIXON	kl. 8-10.30	12
THE READER	kl. 8-10.20	14
VICKY CRISTINA BARCELONA	kl. 5.50	L
SÓLSKINS DRENGURINN	kl. 5.30 ATH: síðustu sýningar	L

BORGAR BÍÓ

SÍMI 462 3500

HES JUST NOT THAT INTO YOU	kl. 5.40-8-10.15	12
THE PINK PANTHER 2	kl. 5.45-8	L
BRIDE WARS	kl. 10	L

50 KR. AFLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á **mid.is**

FÆRD 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MED KREDITKORTI

AUKAKRÖNUR

Homer fær flatskjá

Upphafi Simpsons-þáttanna, einu frægasta opunaratriði í sögu sjónvarpsins, hefur verið breytt. Breytingin er samfara því að byrjað var að senda þættina út í háskerpu frá og með tíunda þætti í tuttugustu seríu. Það mun vera þáttur númer 430.

Breytingin er ekki stórvægileg, mörgum smáatriðum hefur bara verið hnikað. Meðal annars flýgur nú kráka með þrjú augu fyrir upphafsstafina, bílstjórinn Ottó gleypir úraníum-stöngina sem Homer hendir út úr bílnum sínum og afi Simpsons er með Marge og Maggí í bílnum á leiðinni heim úr búðinni. Stærsta breytingin er svo kannski sú að Simpsons-fjöl-



HÉR SÉST GLITTA Í FLATSKJÁINN Eftir tuttugu ára feril hefur upphafsatriðinu nú verið breytt.

skyldan er búin að leggja gamla túbúsjónvarpinu og er komin með flatskjá.

Enn eitt vöðvabúntið

Arnold Schwarzenegger hefur bæst í hóp vöðvabúntanna sem leika í hasarmyndinni The Expendables. Arnold mun leika sjálfan sig, ríkisstjóra Kaliforníu, í litlu hlutverki enda verður hann aðeins á tókustað í einn dag.

Aðrir leikarar verða Jet Li, Mickey Rourke, Jason Statham, Dolph Lundgren, Forest Withaker, Eric Roberts og Sylvester Stallone, sem einnig leikstýrir myndinni. Fjallar hún um hóp málaliða sem reyna að ráða einræðisherra í Suður-Ameríku af dögum. Myndin verður frumsýnd á næsta ári.



SKÁLAD FYRIR FÉLAGINU Að sögn Ofur-Baldurs (3. frá vinstri) eru ýmis markmið sem vert er að stefna að til að stemma stígu við yfirgangi kvenmanna. Lengst til vinstri er Geiri á Goldfinger sem er heiðursforseti samtakanna.

Karlrembusvín sameinast

Félag íslenskra karlrembusvína er í bígerð. Þrettán hundruð karlar hafa lýst áhuga á þátttöku.

„Við ákváðum að ganga alla leið. Og erum nú að undirbúa stofnun formlegs félagsskapar,“ segir Baldur Sigurðsson, sem enginn þekkir undir öðru nafni en Ofur-Baldur.

Í gær hittust til að undirbúa stofnun Félags íslenskra karlrembusvína (FÍK) nokkrir karlar á veitingastað í Færeyska turninum í Kópavogi. Fyrir nokkru stofnaði Ólafur Guðlaugsson tónlistar-

maður hóp á Facebook undir þessu nafni. Og áður en menn vissu af voru allt í einu komnir tæplega þrettán hundruð félagar. Að sögn Ofur-Baldurs, sem er einn forvígismanna samtakanna, átti enginn von á svo góðum viðtökum.

Ofur-Baldur, sem starfar sem sjálfstæður hreingerninga- og tónlistarmaður, segir féлага í FÍK koma úr öllum áttum. Og nú er stofnfundur í undirbúningi og því ekki rétt að tala of fjálglega um helstu stefnumál. Þau liggja einfaldlega ekki fyrir. En þó er hugmyndin að styrkja góð málefni og ekki sé meiningin að kúga konur heldur þvert á móti. „Okkur vant-

ar athvarf fyrir karla þar sem þeir geta verið með sína rembu. Við ætlum í rútuferð og ganga svo eitthvað niður í móti. Kannski rölta niður Kambana og svo biða rúturnar þar sem við getum sest og fengið okkur bjór. Og rætt okkar mál efni.“

Baldur segir fyrirbyggjandi að karlmenn séu kúgaðir í dag og það sé ekkert gamanmál. „Ég á reyndar ákaflega sanngjarna konu. En þetta er staðreynd. Það er talsvert um að jafnrétti hjá kvenfólki snúist alls ekki um jafnrétti heldur beinlínis yfirgang kvenna í mörgum tilfellum.“

jakob@frettabladid.is

Vinargreiði vindur upp á sig

Nýtt myndband framleiðslufyrirtækisins Enjoy við lag Hjörvars, See the See, hefur hlotið góðar viðtökur á virtum erlendum netmiðlum, þar á meðal á Creativer-view.co.uk sem gefur því fimm stjörnur.

Björn Ófeigsson og Sigvaldi Kárason, sem hafa starfað mikið í kvikmyndabransanum, eru mennirnir á bak við myndbandið sem er mikið augnakonfekt. Þeir eru æskuvinir Hjörvars og vildu endilega koma honum til aðstoðar. „Við ákváðum að fara með þetta alla leið og gefa honum þetta hreinlega, í kreppuvinargreiða,“ segir Björn. „Við eigum feitan greiða inni hjá honum.“

Mikill tími og peningur fór í gerð myndbandsins en Björn sér ekki eftir því. „Vinnuframlag okkar kom til okkar til baka úr öðrum áttum en beinhörðum peningum. Framleiðandi í London fékk myndbandið og fór að dreifa því á alla vini sína úti og þeir eru slefandi yfir þessu. Þeir eru búnir að biðja um samstarf,“ segir hann og á þar við bresku umboðsskrifstof-



BJÖRN OG SIGVALDI Björn Ófeigsson og Sigvaldi Kárason hafa fengið mikið hrós fyrir myndband sitt við nýjasta lag Hjörvars.

una HSI sem hefur framleitt fjölda tónlistarmyndbanda, þar á meðal það nýjasta frá Coldplay.

Við gerð myndbandsins fengu þeir Björn og Sigvaldi kvikmyndalinsu að láni frá kunningja sínum

sem notuð var við tölur á Blade Runner, Back to the Future og 2001: A Space Odyssey. Björn er í skýjunum yfir útkomunni. „Þetta er æðislegt og meiri háttar gaman. Þetta er mikil hvatning.“ - fb

Dorrit vill flóru Íslands í skartgripi

Dorrit Mousaieff forsetafrú hefur mikinn áhuga á að virkja listamanninn Eggert Pétursson til að teikna skartgripi. Þetta kom fram í máli forseta Íslands, Ólafs Ragnars Grímssonar, þegar hann veitti stórbókinni Flóru Islandica sem teikningar Eggerts prýða, viðtöku á Bessastöðum nýverið.

Dorrit ku hafa hrifist af hjartaarfameninu sem Sif Jakobsdóttir hannaði eftir teikningum Eggerts og selt var til styrktar Neistanum, styrktarfélagi hjartveikra barna. Forsetahjónin hafa mikinn áhuga á að virkja þá list enn frekar. Ólafur Ragnar hafði jafnframt á orði þegar hann fékk bókina að það væri ótrúlegt að svona stór bók skyldi vera gefin út án þess að stórfyrirtæki eða hið opinbera kæmi þar nærri. Stórhöfðingjar ættu eftir að gapa af undrun yfir þeirri staðreynd. Allar Flóra Islandica eru tölusettar og fékk forsetaembættið bók númer eitt. Þess ber að geta að hönnuðir bókarinnar, Snæfríð Þorsteins og Hildigunnur Gunnarsdóttur, fengu verðlaun á föstudaginn í hönnunarkerppni 2009. „Prentgripur þar sem einfaldleikinn fær að blómstra“ var umsögn dómnefndar um bókina.

- jma



PUNGT PUNDIÐ Í FLÓRUNNI Flóra Islandica vegur heil 12 kíló en bók númer eitt er nú komin í bókasafn Bessastaða. Frá vinstri eru Ólafur Ragnar Grímsson, Kristján B. Jónasson útgefandi og Eggert Pétursson.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Rokkað í Garðabæ

Rokksmiðja félagsmiðstöðvarinnar Garðalundur í Garðabæ verður haldin í tíunda sinn helgina 27. febrúar til 1. mars. Smiðjan hefur notið mikillar hylli undanfarin ár og færri komist að en vilja.

„Þetta snýst um að 13 til 16 ára unglingar af öllu landinu koma og spila yfir eina helgi og eru undir handleiðslu leiðbeinenda,“ segir bassaleikarinn Skúli Gestsson sem verður leiðbeinandi eins og undanfarin ár ásamt félögum sínum í Diktu.

„Þetta er skemmtilegasta helgin á árinu, tvímælalaust,“ segir hann og hlakkar mikið til.



DIKTA Rokkararnir verða á meðal leiðbeinenda í Rokksmiðjunni í Garðabæ.

Endapunkturinn er síðan tónleikar í Garðalundi sunnudaginn 1. mars.

Þá koma þær hljómsveitir sem settar voru saman þessa helgi til með að spila nokkur lög og njóta uppskerunnar.

- fb



JD FORTUNE Rekinn úr INXS.

Söngvari INXS rekinn

JD Fortune, sigurvegari sjónvarpsþáttar þar sem rokksveitin INXS leitaði að nýjum söngvara, má heldur betur muna sinn fífil fegurri. Hann býr nú í bíl sínum eftir að hafa verið rekinn úr INXS eftir síðustu tónleikaferð sveitarinnar. „Ég varð mjög einmana því ég ferðaðist með þessum náungum í 23 mánuði. Stundum spiluðum við fyrir átta tíu þúsund manns á tónleikum,“ sagði Fortune, svekkur yfir uppsögninni. Hann býr í bíl sínum til að auðvelda fjármögnun væntanlegrar sólóplötu sinnar, The Death of a Motivational Speaker.

Kreppan leiðir til góðs

Mexíkóski leikarinn og Íslandsvinurinn Gael Garcia Bernal er sannfærður um að efnahagskreppan eigi eftir að hafa góðar afleiðingar fyrir heimsbyggðina. „Að eiga minna af peningum mun fá okkur til að njóta annarra hluta. Eins og að skemmta sér, skrifa, lesa og gera aðra hluti sem kosta ekkert,“ sagði Bernal. „Það er mikilvægt að nýta sér þessa áskorun án þess að finna til hræðslu.“



BRANDON FLOWERS Rokkararnir í The Killers hafa höfðað mál gegn fyrrverandi umboðsmanni sínum.

Killers kæra umboðsmann

Rokkararnir í The Killers hafa höfðað mál gegn fyrrverandi umboðsmanni sínum, Braden Merrick. Krefjast þeir skaðabóta fyrir að hafa orðið af hundruðum milljóna króna vegna tónleika sem hefur verið frestað og annarra tekna af tónleikaferðum og varningi tengdum hljómsveitinni.

Í kærunni kemur fram að Merrick hafi verið vanhæfur umboðsmaður og staðið sig illa við skipulagningu tónleika erlendis. Merrick lagði sjálfur fram kæru gegn The Killers og núverandi umboðsmanni þeirra fyrir nokkru síðan og krafðist himinhárrar upphæðar í skaðabætur vegna brottreksturs síns.



Iðnnám nema hvað?

Iðnnám veitir þér aðgang að skemmtilegu, skapandi og vel launuðu starfi og gefur þér kost á háskólanámi. Iðnnám skapar þér óteljandi möguleika.

Kíktu á framboðið á www.idan.is/nam-og-storf – þar eru yfir 60 námsgreinar í boði.



Samtök iðnaðarins

> KR að fá tvo sterka leikmenn?

Svo gæti farið að leikmannahópur KR styrktist mikið næstu daga en varnarmaðurinn Höskuldur Eiríksson staðfesti við íþróttadeild í gær að hann myndi semja við KR á næstu dögum. Miðjumaðurinn Baldur Sigurðsson mun svo líklega funda með KR í dag en öll bestu félög landsins hafa mikinn áhuga á að semja við Baldur. Hjá KR er fyrir Jónas Guðni Sævarsson en hann myndaði með Baldri eitt sterkasta miðjupar landsins á sínum tíma í Keflavík. Er því ekki ólíklegt að Baldur sé spenntur fyrir því að fara í KR og spila aftur með Jónasi.



sport
sport@frettabladid.is

KNATTSPYRNULIÐ KARLA HIJÁ VAL: LÁTA GOTT AF SÉR LEIÐA Í KREPPUNNI

Valsmenn safna peningum fyrir bágstadda

Strákarnir í knattspyrnuliði Vals eru rétt eins og flestir aðrir ekki á leið í æfingaferð til útlanda þetta árið. Þrátt fyrir það ætla strákarnir að láta hendur standa fram úr ermum og safna fé líkt og þeir hafa gert síðustu ár. Í stað þess að peningarnir fari í utanlandsferðina ætla Valsstrákarnir að gefa peningana í góðgerðarmál.

„Þetta var þannig að við settumst niður í haust og við afskrifuðum utanlandsferðina strax. Þá fórum við að spá í hvort við ættum samt að hætta öllu sem við höfum verið að gera áður. Menntu vildu halda starfseminni áfram eins og við værum að fara út.

Ástandið í þjóðfélaginu er þannig að fólk er að missa vinnuna, leikmenn eru að fá greitt fyrir spila fótbolta þannig að ímyndin er ekkert endilega frábær.

Menn spurðu sig síðan að því hvort við gætum ekki bætt þessa ímynd aðeins og kúlt í gegn að fara með peningana í góðgerðarmál,” sagði reynsluboltinn og Valsarinn Sigurbjörn Hreiðarsson en hann neitaði þó að taka svo stórt upp í sig að

Valsmenn væru að reyna að bjarga ímynd íslenskra knattspyrnumanna.

„Við vildum bara gefa af okkur og erum að gera ýmislegt til þess að safna peningum. Við dekkuðum salinn í Valsheimilinu um daginn á Framsóknarpinginu. Það var mikið verk og var allt gert í næturvinnu. Svo spiluðum við gegn ÍR daginn eftir og töpuðum 3-2.

Það skýrist kannski að einhverju leyti út af því að þá voru menn nýbúnir í fjárflyunarvinnu. Svo verðum við líklega með biósýningu til að afla fjár og hugsanlega dekkja fleiri sali og annað,” sagði Sigurbjörn en Valsstrákarnir hafa ekki tekið ákvörðun um hvaða góðgerðarstofnun muni njóta góðs af vinnu þeirra.

Sigurbjörn segir að strákarnir í Valsliðinu séu vel upp aldir og ljóst að andi séra Friðriks svífur enn yfir vötnum á Hlíðarenda.

„Það er ljóst að gildi séra Friðriks og manngæskan er á Hlíðarenda. Það hverfur aldrei þó að mammon mæti við og við,” sagði Sigurbjörn léttur að lokum.



Ómar Jóhannsson Keflvíkingur er meiddur: Landsliðsdraumurinn á bið

FÓTBOLTI Ómar Jóhannsson, markvörður Keflvíkinga, verður frá keppni næsta hálf árið og missir því af stærstum hluta tímabilsins sem hefst nú í vor. Hann mun gangast undir aðgerð á öxl í næsta mánuði.

„Ég þjónaðist á þessu síðasta sumar og hélt að ég væri að skána. En í síðustu viku fór ég endanlega úr axlarliðnum og þá varð ljóst að það þurfti að laga þetta með uppskurði,” sagði Ómar.

Hann var orðaður við landsliðið nú í sumar og ljóst að einhver bið verður á því enn að hann komist að þar. „Það var gaman að það var talað um mig í því samhengi og tel ég að ég hafi jafnvel átt möguleika á að fá tækifæri með landsliði-

inu ef ég hefði spilað áfram vel í sumar. En nú breytir maður bara planinu og stefni ég að því að koma sterkur til baka. Mér gekk nú ágætlega síðasta sumar og var ég þó ekki heill.“

Hann á von á því að Íslands-mótið verði spennandi í sumar og að Keflavík verði í toppbaráttunni. „Við vorum með stór- an og góðan leikmannahóp síðastliðið sumar en hann hefur nú eitthvað minnkað. En á móti kemur að við erum árinu eldri og reynslunni ríkari. Við erum með gott lið, það er ekki spurning.“

Það verður Magnús Þormar sem mun því standa vaktina í marki Keflavíkur nú í sumar, að minnsta kosti fyrst um sinn.

- esá

Brotist inn hjá Darren Fletcher, leikmanni Man. Utd:

Konu Darren Fletcher ógnað með hnífi

FÓTBOLTI Fjölskylda Darrens Fletchers, leikmanni Man. Utd og skoska landsliðsins, lenti í skelfilegri lífsreynslu þegar þrír vopnaðir menn brutust inn á heimili Fletchers og fjölskyldu.

Samkvæmt því sem lögregla sagði spörkuðu þrír menn upp hurðinni á heimili þeirra og ruddust inn með látum. Réðust þeir fyrst að konu Fletchers og báðu hana að afhenda sér trúlofunarhring sinn. Einn af árársarmönnum hélt hnífi upp að hálsi hennar á meðan hann hótaði henni.

Móður hennar var einnig ógnað með hnífi á meðan innbrotspjófnum var afhent allt skartgripasafn heimilisins. Fletcher var fjarri þegar atvikið átti sér stað enda staddur með Man. Utd á Ítalíu.

„Þetta var hræðileg árás fyrir fórnarlömbin sem voru heima hjá sér,” sagði Phil Seeley hjá lögreglu.



DARREN FLETCHER Var fjarverandi á Ítalíu. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

unni í Manchester. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem brotist er inn á heimili knattspyrnumanna en fjöldi leikmanna Liverpool hefur lent í því að brotist hafi verið inn til þeirra síðustu mánuði.

- hbg



Ný fræðslukvöld ÍSÍ 2009!

Næstu fræðslukvöld ÍSÍ í Rvk og á Akureyri verða á dagskrá á fimmtud. í mars frá kl. 17.00-21.00. Fyrirlestrar um næringu, lyfjanotkun og íþróttameiðsl. Skráning á namскеid@isi.is eða í 514-4000. Uppl. í síma 460-1467 og á vidar@isi.is.

Sjá einnig á **www.isi.is**

Meistararnir mun betri en það dugði ekki til sigurs

Man. Utd var talsvert betra liðið lungann úr leiknum gegn Inter en það dugði ekki til sigurs. United fékk nokkur ágæt færi en mistókst að skora sem gæti reynst liðinu dýrt. Arsenal vann góðan sigur og Barce gerði jafntefli gegn Lyon.

FÓTBOLTI Fyrstu leikirnir í sextán liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu fóru fram í gær. Ekkert mark var skorað í stórleiknum á San Siro og geta heimamenn í Inter þakkað markverði sínum, Julio Cesar, sem átti stjörnuleik í marki ítalska liðsins. Arsenal vann fínan sigur, Barca skoraði mikilvægt útivallarmark í Frakklandi og Porto hélt jöfnu á útivelli gegn Atletico Madrid.

Gestirnir frá Manchester byrjuðu leikinn af nokkrum krafti og lágu síður en svo aftarlega líkt og Jose Mourinho, þjálfari Inter, hafði gert ráð fyrir. Sir Alex Ferguson, stjóri United, hafði áhyggjur af vörninni og ákvað því að blása lífi í sóknina hjá sér.

Cristiano Ronaldo var afar sprækur og var í tvígang á fyrstu tíu mínútunum ekki fjarri því að koma United yfir.

United hélt áfram að stýra umferðinni, var mikið sterkara liðið, skapaði ágæt færi á meðan ekkert var að gerast í sóknarleik ítalska liðsins.

Ryan Giggs fékk algert dauðafæri á 26. mínútu er hann slapp í gegnum vörn Inter. Skot hans var slakt og varið. Ronaldo hélt áfram að láta að sér kveða. Átti fína aukaspyrnu sem Julio Cesar varði vel og skömmu síðar átti hann skalla rétt fram hjá marki Inter sem var algjörlega heillum horfið.

ÚRSLIT

Meistaradeild Evrópu:

Inter-Man. Utd	0-0
Arsenal-AS Roma	1-0
1-0 Robin van Persie, viti (37.)	
Atletico Madrid-Porto	2-2
1-0 Maxi Rodriguez (3.), 1-1 Lisandro Lopez (22.), 2-1 Diego Forlan (45.), 2-2 Lisandro Lopez (72.)	
Lyon-Barcelona	1-1
1-0 Juninho (7.), 1-1 Thierry Henry (67.)	
Eiður Smári Guðjohnsen var á varamannabekk Barcelona og kom ekki við sögu.	

Enska bikarkeppnin:

Coventry-Blackburn	1-0
1-0 Leon Best (59.)	
Aron Einar Gunnarsson var í byrjunarliði Coventry og lagði upp sigurmark Best.	
Fulham-Swansea	2-1
0-1 Jason Scotland (47.), 1-1 Clinton Dempsey (77.), 2-1 Bobby Zamora (81.).	



PIRRAÐUR Cristiano Ronaldo var besti maður vallarins í gær og nokkrum sinnum nálægt því að skora. Hann varð pirraður er boltinn vildi ekki inn. NORDIC PHOTOS/AFP

United átti algjörlega fyrri hálfleikinn og spilaði á köflum frábæran fótbolta. Engu að síður var markalaust þegar blásið var til leikhles.

Inter gerði meira á fyrstu tveim mínútum síðari hálfleiks en allan fyrri hálfleik og Adriano var klaufi að skora ekki strax í upphafi hálfleiksins en skot hans úr dauðafæri sigldi fram hjá.

Inter hélt áfram að vera nokkuð skeinuhætt en þó án þess að skapa sér afgerandi færi. Smám saman náði United aftur tókum á leiknum en vörn Inter var mun meira

á tánum en hún var í fyrri hálfleik. Fyrir vikið var United ekki að fá sömu færin. Fátt var um fína drætti undir lokin en á lokasekundunum fékk Cristiano Ronaldo aukaspyrnu á finum stað. Ronaldo náði ágætis skoti á markið en því miður fyrir Man. Utd fór það beint á Julio Cesar markvörð sem bjargaði enn eina ferðina fyrir sitt lið en hann átti sannkallaðan stórleik.

Lokaniðurstaðan 0-0 jafntefli og það gæti átt eftir að reynast Man. Utd dýrt að hafa ekki náð mikilvægu útivallarmarki á Ítalíu.

henry@frettabladid.is

Meistaradeild Evrópu heldur áfram í kvöld með fjórum leikjum:

Kokhraust lið Real Madrid tekur á móti Liverpool

FÓTBOLTI Fyrri leikjunum í sextán liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu lýkur í kvöld með fjórum leikjum. Augu ansi margra verða á Santiago Bernabeau-vellinum í Madrid þar sem Real Madrid tekur á móti Liverpool.

Leikmenn Real mæta til leiks með sjálfstraustið í botni enda liðið á svakalegri siglingu og búið að vinna sjö leiki í röð. Það er ekki beint hægt að segja að Liverpool sé í sama forminu þessa dagana en liðið hefur aðeins unnið tvo af síðustu átta leikjum sínum.

„Ég vil vinna og við munum vinna báða leikina,“ sagði hinn hollenski vængmaður Real, Arjen Robben, en hann þekkir vel til Liverpool-liðsins eftir að hafa leikið með Chelsea.

„Við munum vinna 3-0 á heimavelli og 2-1 á Anfield,“ sagði Vicente Boluda sem gegnir forsetastöðunni hjá Real þessa dagana. Það er ljóst að það er mikið sjálfstraust í herbúðum Real eins og lesa má úr ummælum sem koma úr þeirra herbúðum.



MEISTARADEILD EVRÓPU

Leikir kvöldsins:

Real Madrid - Liverpool	Stöð 2 Sport
Chelsea - Juventus	Sport 3
Sporting - FC Bayern	Sport 4
Villarreal - Panathinaikos	

Það hefur mikið breyst á nýju ári hjá þessum liðum og það gerir Juande Ramos, þjálfari Real Madrid, sér grein fyrir.

„Í lok síðasta árs var Liverpool efst í sinni deild og að spila frábæran bolta, en nú hefur liðið misst toppsætið og leikformið eitthvað dottið niður. Það er öfugt hjá okkur. Við erum í frábæru formi og á mikilli siglingu þannig að við mætum bjartsýnir til leiks,“ sagði Ramos álíka borubrattur og aðrir í Madrid.

„Leikmenn bíða hrikalega spenntir eftir þessum leik og geta vart beðið eftir því að byrja að spila. Við höfum æft grímt síðustu mánuði og líkamlegt sem og andlegt ástand leikmanna er frábært,“ sagði Ramos.

Liðin hafa samtals lyft þessum bikar fjórtán sinnum en eins ótrúlegt og það hljómar þá hafa þau aldrei mæst á Bernabeau-vellinum áður. Þess má síðan geta að Real hefur fallið úr keppni í sextán liða úrslitum fjögur ár í röð og því mikil pressa á liðinu að standa sig núna. - hbg

BORUBRATTIR Arjen Robben og félagar í Real Madrid virðast ekki búast við mikilli mótspyrnu frá Liverpool í kvöld.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Hinir arabísku eigendur Man. City stórtækir: Vilja eigendur Man. City líka eignast AC Milan?

FÓTBOLTI Ítalska blaðið Corriere della Sera greindi frá því í gær að Abu Dhabi United Group hafi verið í viðræðum við AC Milan um möguleg kaup á 40 prósentu hlut í félaginu. Myndi sá hlutur kosta 441 milljón punda.

Arabíska félagið á þegar Manchester City en virðist hvergi nærri vera hætt í fótboltabransanum.

AC Milan neitar því aftur á móti staðfastlega að viðræður hafi átt sér stað við arabíska félagið.

„AC Milan vill koma því á framfæri að þessi frétt á sér enga stoð í raunveruleikanum,“ segir í yfirlýsingu Milan en eigandi félagsins er Silvio Berlus-



KAKÁ Hinir arabísku eigendur Man. City reyndu að kaupa Brasilíumanninn frá Milan.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

coni, forsætisráðherra Ítalíu.

City og Milan voru lengi vel í viðræðum vegna Brasilíumannsins Kaká sem arabarnir voru til í að greiða metupphæð fyrir til að fá hann til Manchester. - hbg

David Beckham neitar að gefa upp vonina: Góðar fréttir gætu verið á leiðinni

FÓTBOLTI David Beckham er enn bjartsýnn á að dvöl hans hjá AC Milan verði framlengd þó svo fresturinn sem LA Galaxy gaf AC Milan til þess að ganga frá málum sé löngu liðinn.

„Ég hef ekkert heyrt frá Galaxy en miðað við það sem ég hef heyrt þá gætu góðar fréttir verið á leiðinni,“ sagði Beckham í viðtali við heimasíðu Milan.

„Ég veit ekkert hvað gerist næst en veit þó að næsta vika er mjög mikilvæg. Ég vil vera áfram hjá Milan því ef ég fer aftur til Galaxy mun það trufla feril minn með landsliðinu. Ég elska að spila fótbolta og þess vegna vil ég vera hérna áfram,“ sagði Beckham en lánssamningur hans við Milan



DAVID BECKHAM Grunar að dragi til tíðinda í næstu viku.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

rennur út þann 9. mars næstkomandi. - hbg

Gorenje þvottavél



45 l

Carbo tech

33 cm

5 kg

1200 snúninga þvottavél

WA50120

Einföld, hljóðlát þvottavél og góð þvottavél með íslenskum leiðavísi.

Tilboð **86.900**

RÖNNING

Reykjavík · Borgartún 24 · Sími 562 4011
Akureyri · Draupnigata 2 · Sími 460 0800

Reykjarfjörður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020
Reykjanesbær · Hafnargata 52 · Sími 420 7200

Heilbrigðismál í kreppu – hvað er framundan?

Í kvöld kl. 20.00–22.00
á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38

Fyrsti fundur í fundaröðinni „**Verjum velferðina!**“ sem haldinn er af Öryrkjabandalagi Íslands og Landssamtökunum Proskahjálpi í aðdraganda alþingiskosninga 2009.

Frummælendur á fundinum eru:

- Ögmundur Jónasson heilbrigðisráðherra
- Guðlaugur Þór Þórðarson alþingismaður
- Matthías Halldórsson landlæknir

Til umræðu verður meðal annars:

- Gjaldtaka í heilbrigðiskerfinu
- Pak á læknis- og lyfjakostnaði
- Forgangsroðun í heilbrigðismálum

Pallborðsumræður að loknum framsögum.

Þátttakendur í pallborði verða frummælendur ásamt fulltrúum annarra stjórnmálaflokka, Öryrkjabandalagsins og Proskahjálpar.

Fundurinn er öllum opin.

Táknmálstúlkar verða á staðnum.

Mætum öll!



NÁMSSTYRKIR

Veittir verða styrkir í fjórum flokkum:

- 3 styrkir til framhaldsskóla- og iðnnáms, 150.000 kr.
- 3 styrkir til háskólanáms (BA/BS/BEd), 300.000 kr.
- 4 styrkir til framhaldsnáms á háskólastigi, 350.000 kr.
- 3 styrkir til listnáms, 350.000 kr.



> Ellen Pompeo

„Mér finnst ánægjulegt að vera leikari en ég get ekki sagt að mér finnst það merkilegt. Mér finnst störf í heilbrigðis- og menntageiranum merkileg. Þar finnur maður alvöruhefjur“.

Pompeo fer með hlutverk Dr. Meredith Grey í þættinum Grey's Anatomy sem sýndur er á Stöð 2 í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON LÍTUR Á RÉTT

Löggú- eða lögfræðingsdramað

Síðasti þátturinn af Rétti var á sunnudag. Aðstandendur hafa verið drjúgir og lýst sig mikla vormenn í sjónvarpsframleiðslu. Þeir eru bara svo óheppnir að RÚV er að rifja upp íslenska sjónvarpsvorið í þáttaröðinni Sjónleik í átta þáttum sem var fyrir hartnær fjörutíu árum og fór á undan kvikmyndavörinu. Nær er að tala um haust-uppskeru hin síðari misserin sem myndi þá hefjast í sjónvarpsframleiðslunni með Öllum litum hafsins. Og þá er líka fram undan harður vetur – viljum við halda okkur við þessar hallærislegu líkingar.

Réttur skánaði mikið eftir því sem á leið. Hann var útlitslega vel heppnaður, það vantaði í hann almennilega persónuleikstjórn sem sást best þegar reyndir kraftar komu í aukahlutverk, Benedikt Erlingsson, Tinna Gunnlaugsdóttir, Tinna Hrafns og Helga



LEIKLIST Sigurjón Kjartansson

sér við spegilinn. Við hnippum í hann þegar hann verður komin með full tök á þessu erfiða formi.

Braga. Sjálfumgledistillinn sem var lagður á Magnús Jónsson dró úr hættunni af þessum manni. Svo var talmálið á köflum ótrúverðugt og svo stutt í samskiptum að harla lítið rúm gafst í persónusköpun sem kjöt væri á. Undarlega margar senur hófust á því að persóna kom inn í herbergi eins og áhorfendur væru þau fífl að skilja ekki herbergjaskipan sem búið var að margsýna. Það var því eitt og annað að þessu – en við gefum til: höldum áfram að hvetja okkar fólk og stöðvar til dáða og greiða fyrir efnið dýru verði. Að því tilskildu að Sigurjón Kjartansson hætti að grobba sig svona á opinberum vettvangi. Hann getur gert það heima hjá

MIÐVIKUDAGUR



► 19.30 Real Madrid – Liverpool, beint STÖÐ 2 SPORT



► 20.00 Underdog STÖÐ 2 BÍÓ



► 20.15 Bráðavaktin SJÓNVARPIÐ



► 20.30 Armed and Famous STÖÐ 2 EXTRA



► 21.30 Weeds STÖÐ 2

SJÓNVARPIÐ

15.50 Sjónleikur í átta þáttum (e)

16.35 Leiðarljós

17.20 Tákn málsfréttir

17.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin (50:52)

17.55 Gurra grís (77:104)

18.00 Disneystundin Stjáni, Sígildar teiknimyndir og Gló magnaða,

18.54 Víkingalottó

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.35 Kastljós

► 20.15 Bráðavaktin (ER) (13:19) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamót-töku sjúkráðs í stórborg.

21.00 Svipmyndir af myndlistarmönnum – Jussi Níva (Portraits of Carnegie Art Award 2008) Í stuttum þáttum er brugðið upp svipmyndum af myndlistarmönnum sem tóku þátt í Carnegie Art Award sam-sýningunni 2008. Sýningin var sett upp í átta borgum í sjö löndum, þar á meðal á Íslandi.

21.10 Kiljan Bókmenntaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.

22.00 Tíufréttir

22.20 Sýningar (Forestillinger: - Tanja) (2:6) Danskur myndaflokkur eftir Per Fly. Leikstjórnin Marko er að setja upp gaman-leikrit eftir Shakespeare og það gengur á ýmsu dagana fyrir frumsýningu. Aðalhlutverk: Mads Wille, Sonja Richter, Sara Hjort Ditlevsen og Pernilla August

23.20 Kastljós (e)

23.55 Erfiðir tímar (e)

00.10 Dagskrárlok



08.00 The Ant Bully

10.00 Bigger Than the Sky

12.00 Underdog

14.00 My Super Ex-Girlfriends

16.00 The Ant Bully

18.00 Bigger Than the Sky

► 20.00 Underdog Fjörug gamanmynd fyrir alla fjölskylduna um hundinn Shoeshine sem fær ofurkrafta á rannsóknarstofu.

22.00 The Last King of Scotland

00.00 Hollywoodland

02.05 The Bone Collector

04.00 The Last King of Scotland

06.00 Match Point

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Áfram Diego, áfram!, Dynkur smáeðla, Doddi lítli og Eyma-stór, Krakkarnir í næsta húsi.

08.15 Oprah

08.55 Í fínu formi

09.10 Bold and the Beautiful

09.30 La Fea Más Bella (260:300)

10.15 Tím Gunn's Guide to Style (1:8)

11.10 Ghost Whisperer (40:44)

12.00 Men in Trees (6:19)

12.45 Nágrannar

13.10 Sisters (27:28)

13.55 E.R. (1:22)

14.40 The O.C. (4:27)

15.35 BeyBlade

16.00 Leðurblökumaðurinn

16.23 Ruff's Patch

16.33 Gulla og grænjaxlarnir

16.43 Íkornastrákurinn

17.08 Bold and the Beautiful

17.33 Nágrannar

17.58 Friends (14:24)

18.23 Veður

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.47 Íþróttir

18.54 Ísland í dag

19.35 The Simpsons (15:22)

20.00 Gossip Girl (4:25) Þættir byggðir á samnefndum metsölubókum sem fjalla um líf ungra, fordekraðra krakka sem búa á Manhatten í New York.

20.45 Grey's Anatomy (14:24) Meredith og Derek komast að því að það að viðhalda hinu fullkomna sambandi er mun erfiðara en þau áttu von á.

► 21.30 Weeds (8:15) Ekkjan úrræða-góða, Nancy Bowden, ákvað að hasla sér völl sem eitruflýjasali eftir að hún missti eiginmann sinn og fyrirvinnu. Þegar Nancy fellur fyrir lögreglumanni í fikniefnadeildinni flækist líf hennar verulega.

21.55 Oprah

22.40 Sex and the City (8:12)

23.05 The Mentalist (2:22)

23.50 E.R. (1:22)

00.35 Dawn Anna

02.00 Blue Murder (4:4)

03.10 London

04.40 The Simpsons (16:22)

05.05 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

besta sætið

07.00 Meistaradeild Evrópu – Meistaramörk

07.30 Meistaradeild Evrópu – Meistaramörk

08.00 Meistaradeild Evrópu – Meistaramörk

08.30 Meistaradeild Evrópu – Meistaramörk

16.10 Meistaradeild Evrópu Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.

17.50 Meistaradeild Evrópu – Meistaramörk

18.20 Atvinnumennirnir okkar Eiður Smári Guðjohnsen.

► 19.00 Meistaradeild Evrópu – Upphitin Hitað upp fyrir leikina í Meistaradeildinni.

19.30 Meistaradeild Evrópu. Real Madrid – Liverpool Bein útsending frá leik Real Madrid og Liverpool í Meistaradeild Evrópu. Sport 3. Chelsea – Juventus Sport 4. Sporting – Bayern Munchen

21.40 Meistaradeild Evrópu – Meistaramörk

22.10 Chelsea – Juventus Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.

00.00 Sporting – Bayern Munchen Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.

01.50 Meistaradeild Evrópu – Meistaramörk

SPORT 2

enski boltinn

16.50 Newcastle – Everton Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

18.30 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

19.00 Coca Cola mörkin 2008 Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markabætti.

19.30 Premier League Review 2008 Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.

20.25 4 4 2 Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum. Allir leikirnir, öll mörkin og umdeildustu atvikin á einum stað.

21.35 Leikur vikunnar

23.15 Aston Villa – Chelsea Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

06.00 Óstöðvandi tónlist

08.00 Rachael Ray (e)

08.45 Káta maskinan (4:9) (e)

09.15 Vörutorg

10.15 Óstöðvandi tónlist

17.35 Vörutorg

18.35 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

19.20 Top Design (8:10) (e)

20.10 90210 (8:24) Bandarísk unglingasería sem slegið hefur í gegn í Bandaríkjunum. Adrianna snýr aftur eftir ofneysluna og reynir að sættast við Naomi sem hefur engan áhuga en Adrianna finnur óvæntan vin. Það er komið að skólaballi þar sem það hitnar í kolunum hjá Annie og Ethan en Naomi verður afbrýðissöm.

21.00 Britain's Next Top Model (7:10)

Bresk raunveruleikasería þar sem leitað er að efnilegum fyrirsætum. Kynnir þáttanna og yfirdómari er breska fyrirsætan Lisa Snowdon. Stelpurnar leika í 30 sekúndna skartgripaauglýsingum. Sigurvegari fyrstu þáttaraðarinnar kemur í heimsókn og gefur stelpunum góð ráð og það er haldinn blaðamannafundur þar sem þær þurfa að kynna varagljáa.

21.50 CSI. Miami (20:21) Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félagi hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami. Símaat í neyðarlífunu leiðir til þess að sérsveit drepur saklausan mann. Rannsóknin leiðir í ljós að fórnarlambið stóð í málaferlum og eiginkona hans var að halda framhjá honum. Það flækir málið að óheiðarlegur einkaspæjari gerir Horatio og félögum hans lífið leitt.

22.40 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi.

23.30 Law & Order (20:24) (e)

00.20 Vörutorg

01.20 Óstöðvandi tónlist

SJÓNVARP NORDURLANDS

18.15 Að norðan Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15



Dagskrá allan sólarhringinn.

Fiskikóngurinn

GLÆNÝR
RAUÐMAGI

FRÁ ÓLAFSVÍK

199 Kr/Kg

HAUSUÐ ÝSA,
GELLUR OG
KINNAR

Við elskum að vera svolítið gamaldags!

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755

I Kvöld

Stöð 2 kl. 21.55

Oprah

Jennifer Aniston verður gestur Oprah Winfrey í kvöld og ræðir við hana um hjónabandið og skilnaðinn við Brad Pitt, en sjaldan hafa sambandsslit verið jafnmikið í sviðsljósinu. Jennifer hefur jafnan verið nefnd blómarós Bandaríkjanna og er með skærustu stjórnunum í Hollywood. Beyoncé Knowles, ein vinsælasta og virtasta tónlistakona heims, kemur einnig og flytur lag í af nýjustu plötunni sinni. Þátturinn er sá fyrsti í tuttugustu þáttarröð spjallþáttarins og verður einstaklega veglegur.

Við mælum með

The Sopranos

Stöð 2 extra kl. 18.15 og 21.15

Stöð 2 og Stöð 2 Extra rífa upp þessa geysivinsælu þætti þar sem fylgst er með fjölskyldumanninum og mafíuforingjanum Tony Soprano í daglegu lífi. Þrátt fyrir að eiga mikillar velgengni að fagna í starfi og eiga góða fjölskyldu er hann þjáður á sálinni og á stöðugt í vandræðum með að finna jafnvægi milli vinnu og einkalífs. Fyrsti þátturinn er sýndur í kvöld og því kjörið tækifæri til að fylgjast með frá byrjun. Þátturinn er einnig á dagskrá á sunnudagssíðkvöldum á Stöð 2.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.38 Morgunvaktin

06.40 Veðurfregnir

06.50 Bæn

07.03 Auðlindin

07.30 Fréttayfirlit

08.00 Morgunfréttir

08.11 Morgunstund með KK

08.30 Fréttayfirlit

09.05 Okkar á milli

09.45 Morgunleikfimi

10.03 Veðurfregnir

10.13 Trío

11.03 Samfélagið í nærmynd

12.00 Fréttayfirlit

12.02 Hádegisútvarp

12.20 Hádegisfréttir

12.45 Veðurfregnir

12.50 Dánarfregnir og auglýsingar

13.00 Vött og breitt

14.03 Á tónsviðinu

15.03 Útvarpssagan: Í frostinu

15.30 Seiður og héglog

16.00 Síðdegisfréttir

16.10 Veðurfregnir

16.13 Hlaupanótan

17.03 Víðsjá

18.00 Kvöldfréttir

18.16 Spegillinn

18.50 Dánarfregnir

19.00 Endurómur úr Evrópu

20.00 Leynifélagið

20.30 Pipar og salt

21.10 Út um græna grundu

22.07 Veðurfregnir

22.12 Lestur Passíusálma

22.19 Bak við stjórnmar

23.10 Krossgötur

00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin

FM 99,4 Útvarp Saga

FM 98,9 Bylgjan

FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin

FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp

FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni

FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying

FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni

FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni

FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

16.00 Hollyoaks (132:260)

16.30 Hollyoaks (133:260)

17.00 Seinfeld (15:24)

17.30 Armed and Famous (6:6)

18.15 The Sopranos

19.00 Hollyoaks (132:260)

19.30 Hollyoaks (133:260)

20.00 Seinfeld (15:24) Þegar Kramer flytur til Flórída gefur Jerry pabba sínum fokdýrt tæki sem er eins konar minnisbók í tölvu. George þykist flytja úr borginni á sumrin til að forðast að hitta fyrrverandi tengdforeldra sína.

20.30 Armed and Famous (6:6) Nýstárlegur raunveruleikaþáttur um hóp af Hollywood stjörnum sem eru sett í lögregluskóla og síðan er fylgst með þeim þar sem þau sinna lögreglustörfum í bænum Muncie í Indiana.

21.15 The Sopranos Stöð 2 og Stöð 2 Extra rífa upp þessa geysivinsælu þætti þar sem fylgst er með fjölskyldumanninum og mafíuforingjanum Tony Soprano.

22.00 Burn Notice (12:13) Njósnaarinn Michael Westen kemst að því sér til mikillar skelfingar að hann hefur verið settur á brunalistann en það er listi yfir njósnara sem ekki er lengur treystandi og njóta því ekki lengur verndar yfirvalda.

22.45 Rescue Me (11:13) Fjórdá serían um Tommy Gavin og félaga hans á slökkvistöð 62 í New York.

23.30 Réttur (6:6) Ný leikin spennuþáttarröð sem gerist í rammíslenskum heimi.

00.15 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

INN

20.00 Lífsblómið Í umsjón Steinunnar Önnu Gunnlaugsdóttur. Rætt er um heilsu- og hugarfar.

21.00 Kolfinna Kolfinna Baldvinsdóttir ræðir um stjórmarhætti á höfuðborgarsvæðinu.

21.30 Líf og land Valdemar Ásgeirsson bóndi spjallar við Sigurgeir Sindra Sigurgeirsson frá Bakkakoti í Stafholtstungum um stöðu og horfur í sauðfjárrækt.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

12.05 Aftenshowet 2. del

12.30 Kender du typen

13.00 Det lille hus på prærien

13.50 Nyheder på tegnsprog

14.00 DR Update - nyheder og vejr

14.10 Boogie Mix

15.00 Pigeme Mod Drengene

15.30 Braceface

15.50 And på gaffen

16.00 Svampebob Firkant

16.25 F for Får

16.30 SYV

17.00 Aftenshowet

17.30 TV Avisen med Sport

18.00 Aftenshowet med Vejret

18.30 Hvad er det værd?

19.00 DR1 Dokumentaren - De danske terrorister

20.00 TV Avisen

20.25 Penge

20.50 SportNyt

21.00 Taggart

22.20 OBS

22.25 Onsdags Lotto

22.30 Godt arbejde

23.00 Boogie Mix

NRK1

14.00 NRK nyheter

14.05 Par i hjerter

15.00 NRK nyheter

15.10 Dynastiet

16.00 NRK nyheter

16.10 Oddasat - nyheter på samisk

16.25 Slipp naboene løs

16.55 Nyheter på tegnspråk

17.00 Lille Prinsesse

17.10 Ugler i mosen

17.35 Yoko! Jakamoko! Toto!

17.40 Distriktsnyheter

18.00 Dagsrevyen

18.30 Forbrukerinspektørene

18.55 E6 - en reise gjennom nordmenns hverdag

19.25 Redaksjon EN

19.55 Distriktsnyheter

20.00 Dagsrevyen 21

20.30 VM-kveld

21.05 Sporløst forsvunnet

21.50 Vikinglotto

22.00 Kveldsnytt

22.15 Lydverket

22.45 Himmelmblå. Den ekte Ylvingen

23.15 Life on Mars

00.15 Kulturnytt

1 SVT 1

13.05 Plus

13.35 Älska mig i morgon

15.00 Rapport

15.05 Gomorron Sverige

15.55 Skidor

16.55 Sportnytt

17.00 Rapport med A-ekonomi

17.10 Regionala nyheter

17.15 Go'kväll

18.00 Kulturnyheterna

18.15 Regionala nyheter

18.30 Rapport med A-ekonomi

19.00 Uppdrag Granskning

20.00 Sommer

21.00 Entourage

21.30 The Sarah Silverman Program

22.00 Kulturnyheterna

22.15 183 dagar

23.15 Mästarnas mästare

00.15 Sändningar från SVT24

Ondregi

RÚMADEILD

25%
KYNNINGARAFSLÁTTUR
AF ÖLLUM RÚMUM

A direct Elegant coli mattress

A direct Power bed

Tvískipt springdýna með sjálfstæðri pokafjöðrun og memory foam

Memory foam: Bregst við þyngd og hitastigi og lagar sig nákvæmlega að líkamanum þannig að hann hvílíst eðlilega og nær góðri slökun. Þetta bætir m.a. blóðflæði og dregur úr þörfinni fyrir að snúa sér sem gerir það að verkum að maður sefur betur. Kírópraktorar mæla með efnum.

180X200: Verð 198.800,- **TILBOÐ 149.100,-**

160X200: Verð 179.800,- **TILBOÐ 134.850,-**

120X200: Verð 149.800,- **TILBOÐ 112.350,-**

Rafmagnsbotn fáanlegur með springdýnu eða með memory foam dýnu

96X200: Verð 179.800,- **TILBOÐ 134.850,-**

Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.

HEIMA mood
HÚSIÐ heima

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is



Sparaðu meira í leiðinni

Þú sparar bæði meira
og víðar með N1

Þú færð betri kjör í 12 mánuði

- ✓ -5 kr. af eldsneyti
- ✓ -15% af viðgerðum, smur- og hjólbarðapjónustu
- ✓ -15% af vörum, m.a. af stærsta varahlutalager landsins
- ✓ Betri kjör á meira en 100 stöðum á landinu
- ✓ Safnkortspunktar jafngilda krónum hjá N1

Sæktu um núna á n1.is



1 punktur
= 1 króna

Safnkortspunktar eru jafngildir gjaldmiðill og krónur, í öllum viðskiptum hjá N1. Með tímabundnum tilboðum á þjónustustöðvum er hægt að margfalda gildi punktanna.



* Miðað við árlega eldsneytisnotkun fyrir jeppa og meðalstóran fólksbíl og annan algengan rekstrarkostnað.

Eldsneyti	-5kr. pr.l.
Kostnaður	866.400 kr.
Afsláttur	18.000 kr.
Punktar	12.000

Dekk	
Kostnaður	190.000 kr.
Afsláttur	22.800 kr.
Punktar	5.700

Dekkjaskipti	
Kostnaður	33.000 kr.
Afsláttur	3.960 kr.
Punktar	990

Dekkjahótel	
Kostnaður	16.100 kr.
Afsláttur	1.932 kr.
Punktar	483

Smurþjónusta	
Kostnaður	61.000 kr.
Afsláttur	7.320 kr.
Punktar	1.830

Bón og þrifavörur	
Kostnaður	12.000 kr.
Afsláttur	1.440 kr.
Punktar	360

Bílaþvottur	
Kostnaður	27.000 kr.
Afsláttur	3.240 kr.
Punktar	810

Rúðupurrkur og rúðuvökvi	
Kostnaður	23.000 kr.
Afsláttur	2.760 kr.
Punktar	690

Smávarahlutir	
Kostnaður	24.000 kr.
Afsláttur	2.880 kr.
Punktar	720

Verkfæri	
Kostnaður	20.000 kr.
Afsláttur	2.400 kr.
Punktar	600

Rekstrarvörur, fatnaður ofl.	
Kostnaður	14.000 kr.
Afsláttur	1.680 kr.
Punktar	420

Ferða- og útivistarvörur	
Kostnaður	22.000 kr.
Afsláttur	2.640 kr.
Punktar	660

Ýmislegt	
Kostnaður	14.000 kr.
Afsláttur	1.680 kr.
Punktar	420

**Sparnaður
98.415 kr.**

Kostnaður	1.322.500 kr.
Afsláttur	72.732 kr.
Punktar	25.683

Sparnaður
Meiri í leiðinni

SÍMI 440 1000
WWW.N1.IS



BAKÞANKAR
Kolbeins
Óttarssonar Proppé

Bankinn minn

Þú ert búinn að vera að sverta bankann minn,“ sagði Davíð Oddsson við Sigmar Guðmundsson í Kastljósi gærkvöldsins. Það er enginn agi í þjóðfélaginu, sagði hann síðar í viðtalinu og í millitíðinni ræddi hann um þann fjölda fólks sem staðið hefur norpandi fyrir utan Seðlabankann og barist fyrir sannfæringu sinni. Þeirri sannfæringu sinni að Davíð eigi að vika. Um þetta fólk hafði Davíð það að segja að einhverjir væru í því að „flytja fólk að Seðlabankanum“.

DAVÍÐ var í gærkvöldi í einhverju lengsta varnarviðtali sem sést hefur í seinni tíð. Hann fór yfir ferilinn í aðdraganda bankahrunsins og sagði frá sínum viðvörðunum og fór yfir það sem gert hefur verið síðan. Jú vissulega hefðu allir getað gert mistök, fékkst upp úr Davíð, en ljóst var að í raun fannst honum það varla eiga við um sig.

OG láti Davíð svo lágt að lesa þennan pistil mun hann líta á hann sem enn eina árás Baugsveldisins í sinn garð. Það kom nefnilega berlega í ljós að Davíð er í stríði. Hann er að verja bankann sinn og kannski umfram allt heiður sinn. Og að honum veitast vondir menn, með Jón Ásgeir í broddi fylkingar.

SÉRKENNILEG var líka kvörtun Davíðs um að ekki væri réttu hlutunum haldið að fólki. Allir sem vinna við fjölmiðla hafa reynt að ná í Davíð án árangurs til að fá hans sjónarmið. Hann hefur haft næg tækifæri til að halda „réttu hlutunum“ að fólki, en hefur ekki látið svo lítið að ræða við fjölmiðla. Enda sást langar leiðir hve honum mislíkaði að þurfa að standa fyrir máli sínu í gærkvöldi.

OG Davíð sagðist ekki hafa orðið var við óánægju í sinn garð. Þar sem augljóst er að Davíð er hvorki heyrnarlaus né blindur skýrist það eingöngu út frá þeirri vissu hans að hann sé í baráttu gegn her andstæðinga. Og þennan her ber ekki að virða. Þetta er fólk á mála Baugs sem lætur flytja sig að Seðlabankanum að baula eins og gripirnir sem Davíð telur þá vera.

ÞVÍ hvernig sem veröldin velkist veit Davíð að Davíð hefur rétt fyrir sér. Og skiptir þá eitthvað annað máli?

GÓÐAN DAG!

Í dag er miðvikudagurinn
25. febrúar, 56. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	8.49	13.41	18.34
Akureyri	8.39	13.26	18.14

Heimild: Almanak Háskólans

HVÍTA HÚSÍÐ/SÍJA 08-2234

„Veita persónulega ráðgjöf.“

Kona, 39 ára.

vísir.is

“...ég sá það á vísi”

Getum við aðstoðað?

Í dag, miðvikudaginn 25. febrúar, sitja ráðgjafar okkar við símann.

Rágjafar Eignastýringar, Almenna lífeyrissjóðsins og Fjármögnunar svara spurningum ásamt ráðgjöfum Íslandsbanka.

Hringdu í okkur á milli kl. 17 og 21 í síma 440 4000.

Á islandsbanki.is getur þú einnig pantað fjármálaviðtal þar sem við bjóðum þér að setjast niður með okkur og fara ítarlega yfir stöðuna.



Frá því í nóvember höfum við kallað eftir skoðunum viðskiptavina í útibúum og á heimasíðu okkar um það hvernig þeir vilji að nýr banki starfi. Við notum þessar ábendingar til að móta nýjan banka.